# Ætlar aldrei að segja kreppa eða krútt aftur

Sindri Már Sigfússon í Seabear










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

8. nóvember 2008 — 306. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## LAUGARDAGUR







## VEÐRIÐ Í DAG




**ÞURRT NYRÐRA** Í dag verða hægar austlægar áttir. Rigning eða skúrir á víð og dreif en þó yfirleitt þurrt á landinu norðanverðu. Hiti 5-10 stig.


VEÐUR 4


# Tekjur bænda standa ekki undir lánunum

**Rekstrarforsendur margra búa eru brostnar. Dæmi er um að afborganir hafi aukist um 700 þúsund á mánuði. Formaður Bændasamtakanna telur ekki líkur á fjöldagjaldþrotum. Bankastjórar sýna skilning en skortir heimildir til aðgerða.**

**EFNAHAGSMÁL** Margir bændur eiga í stórkostlegum rekstrarerfiðleikum þar sem lán þeirra í erlendum gjaldmiðlum hafa hækkað mikið að undanförnu. Er nú svo komið að tekjur vegna afurðasölu og beingreiðslur frá ríkinu standa ekki undir afborgunum af lánum sumra.

Vandinn er mestur meðal kúabænda og einkum þeirra sem hafa reist fjós eða ráðist í annars konar fjárfestingar á síðustu misserum og árum.

Sem dæmi má nefna að mánaðarlegar afborganir af lánum tiltekins kúabús á Suðvesturlandi hafa hækkað um 700 þúsund krónur. Verðhækkanir á erlendum aðföngum á borð við olíu, kjarnfóður og áburð hlaupa svo á tugum prósenta.

Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtaka Íslands, segir ástandið mjög alvarlegt en óttast ekki fjöldagjaldþrot meðal bænda. Í bönkunum ríki skilningur á erfiðri stöðu. „Þeir segjast ekki ætla að ganga að neinum,“ segir Haraldur sem ræddi á dögunum við bankastjóra Kaupþings og Landsbankans. „Hins vegar er ljóst að þá skortir heimildir og vitneskju. Eigandinn hefur ekki sagt þeim hvað þeir megi og því ekki annað að gera en að setja allt í bið.“

Haraldur segir nauðsynlegt að verst stöddu bændurnir fái lán svo rekstur þeirra stöðvist ekki. Í framhaldinu þurfi að vinna í endurfjármögnun og, eftir atvikum, afskriftum skulda. Því ríði á að ríkið – sem eigandi bankanna – móti stefnuna.

Um sjö hundruð kúabú eru í landinu og telur Haraldur þau hlaupa á tugum sem standa verulega illa. Hann áætlar að um helmingur allra lána sé í erlendri mynt.

Bændur hafa reynt að hagræða í rekstrinum hjá sér en úrræðin eru fá. Fyrir ári höfðu margir möguleika á að selja parta úr jörðum sínum eða hluta mjólkurkvóta en hvorugt er söluvara nú. Enginn er til að kaupa. Þess í stað reyna nágrannar að samreka bú sín með einum vélakosti og selja til útlanda þau tæki sem ekki þarf að nota.

- bþs

Kæra dagbók í síðasta sinn:

## Þráinn kveður Fréttablaðið

**FJÖLMIÐLAR** Dagbók Þráins Bertelssonar rithöfundar birtist í síðasta sinn í Fréttablaðinu í dag. Þráinn hefur glatt lesendur með myndskreyttum dagbókarfærslum í rúmlega þrjú ár, þar sem hann rýnir í þjóðarsálina eins og honum einum er lagið. Þráinn hverfur einnig úr hópi Bakþankahöfunda blaðsins.



ÞRÁINN BERTELSSON

Þráinn hefur fylgt Fréttablaðinu frá upphafi. Hann skrifaði Bakþanka í fyrsta tölublaðið, 23. apríl 2001, og hefur verið einn vinsælasti pistlahöfundur landsins allar götur síðan.

Fréttablaðið þakkar Þráni kærlega fyrir samstarfið og samfylgdina í gegnum árin og óskar honum velfarnaðar á nýjum vettvangi.

- bs / Sjá síðu 18.



**BJÖRGUNARSUND Í KÓPAVOGI** Það er ekki aðeins í efnahagslífinu sem björgunaraðgerða er þörf. Það vita þau Sara Marteinsdóttir og Guðmundur Pétursson, starfsmenn Sundlaugar Kópavogs, sem æfðu björgunarsund af kappi í sundlauginni Versölum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aðgerðir í Seðlabanka Íslands:

## Árshátíð frestað fram í janúar

**FÓLK Seðlabanki Íslands hefur frestað árshátíð sinni sem átti að fara fram með pomp og prakt á Hótel Nordica í kvöld. Davíð Oddsson og annað starfsfólk bankans fær því ekki tækifæri til að sletta úr klaufunum í þetta sinn, enda kannski lítil ástæða til miðað við erfiðleikana hér á landi.**

**Hljómsveitin Buff hafði verið bókuð á árshátíðina en fyrir nokkrum vikum var ákveðið að fresta henni fram í janúar og þurfti Buff því að bóka sig í Sjallann á Akureyri í staðinn. „Það var búið að bóka þetta en eins og þjóðfélagsástandið er þá eru mörg fyrirtæki sem sjá sér ekki fært að halda einhverja stórfenglega mannfagnaði,“ segir Páll Eyjólfsson hjá umboðsskrifstofunni Prime sem hefur Buff á sínum snærum.**

-fb / sjá síðu 62

Ársæll Valfells og Heiðar Már Guðjónsson leggja til að krónan verði lögð niður:

# Einhliða upptaka á mynt er ódýrari

**EFNAHAGSMÁL** Hægt væri að taka upp aðra mynt, með einhliða aðgerð og með mun minni gjaldeyrisforða en þarf til að verja krónuna, þegar hún verður sett aftur á flot. Þetta segja Heiðar Már Guðjónsson og Ársæll Valfells í aðsendri grein í Fréttablaðinu í dag.

„Sá forði sem nú er í Seðlabankanum er um það bil tveir milljarðar evra ... Sá forði ætti að duga vel fyrir skiptunum,“ segja Heiðar Már og Ársæll.

Þeir benda á að mikil áhætta sé í því falin að taka sex milljarða dollara lán til að stórefla gjaldeyrisforðann. „Í núverandi árferði er mikilvægt að búa til festu. Hún fæst ekki með óbreyttu gengisfyrirkomulagi,“ segir í greininni.

Þá segja Heiðar Már og Ársæll að einhliða upptaka annars gjaldmiðils brjóti ekki í bága við EES-samninginn, en betra sé þó að hafa IMF og viðeigandi seðlabanka með í ráðum.

- ss/ sjá síðu 16










**SPURNING DAGSINS**



*Ingólfur, voru kassarnir svo tómir í Þokkabót?*

„Nei, það er tóm vitleysa. Þeir voru á Lækjarbakka fullir af fólki. Þessir eru í tómum banka.“

Hljómsveitin Þokkabót hefur samið nýjan texta við lagið Litlir kassar í tilefni kreppunnar. Það heitir nú Tómir kassar. Ingólfur Steinsson er í Þokkabót.

Tæplega þrítugur karlmaður dæmdur í hnífaárásarmálinu á Hverfisgötu:

# Dæmdur í fimm ára fangelsi

**DÓMSTÓLAR** Tæplega þrítugur maður, Sævar Sævarsson, hefur verið dæmdur í fimm ára fangelsi fyrir tilraun til manndráps.

Hann réðst á annan mann á Hverfisgötu 1. ágúst síðastliðinn og stakk hann með hnífi í bak vinstra megin og vinstri framhandlegg. Fórnarlambið hlaut stungusár inn í brjósthol, inn í lungað með loftbrjósti og blæðingu í brjóstholi. Einnig stungusár á vinstri framhandlegg fyrir neðan olnboga sem olli áverka á ölnartaug.

Árásarmaðurinn kannaðist í fyrstu lítið við málið hjá lögreglu, en játaði svo. Hann sagði árásina hafa atvikast með þeim hætti að hann hefði verið með félögum sínum á Laugavegi og staðið við bifreið sem vinur þeirra ætti. Þá hefði fórnarlambið gengið þar inn í hópinn og rekist utan í hann og jafnframt skemmt bílinn. Hann hefði því hlaupið á eftir manninum og stungið hann með vasahnífi, sem hann hafi síðan hent í ruslatunnu.



**GÆSLUVARÐHALD** Maðurinn hefur setið óslitið í gæsluvarðhaldi frá 6. ágúst 2008.

Fórnarlambið þurfti í læknisaðgerðir, meðal annars vegna djúps stungusárs. Í dómnum kemur fram að hann hafi, auk meiðslanna, þurft að glíma við miklar andlegar afleiðingar í kjölfar árásarinnar, upplifa mikinn kvíða og öryggisleysi. Árásarmaðurinn var dæmdur til að greiða honum tæpar 830 þúsund krónur í skaðabætur. **- jss**

Fjölbreytt námskeið hjá Mími:

# Námskeið í norsku eftirsótt

**FÓLK Stóraukin eftirspurn er nú eftir norsku- og sænskunámskeiðum hjá Mími símenntun. „Yfirleitt byrjum við með tungumálanámskeiðin í september en upp á síðkastið hafa verið margar fyrirspurnir um norskunámskeið, þannig að við auglýstum og viðtökur voru mjög góðar,“ segir Rósa S. Jónsdóttir, deildarstjóri fjölmenningar og frístunda hjá Mími en hún er ekki frá því að núverandi aðstæður í þjóðlífinu hafi þarna áhrif. Auk þess er stefnt á að bæta við sænskunámskeiði vegna aukinnar eftirspurnar.** **-hs/sjá allt**



**MÓTMÆLI Í GEORGÍU** Í gær var í fyrsta sinn síðan í sumar efnt til fjöldamótmæla gegn Mikhaíl Saakashvili forseta.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stríðið í Georgíu:

## Efi um fullyrðingar Georgíu

**GEORGÍA Stríðið í Georgíu í sumar hófst með árásum Georgíuhers á Tskhinvali, höfuðstað héraðsins Suður-Ossetíu, þann 7. ágúst síðastliðinn. Árásirnar voru ómarkvissar og stofnuðu bæði rússneskum friðargæsluliðum og almennum borgurum í hættu.**

**Þetta fullyrða eftirlitsmenn á vegum Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, að því er bandaríska dagblaðið New York Times skýrir frá. Þetta stangast hins vegar á við fullyrðingar stjórnvalda í Georgíu, sem jafnan hafa haldið því fram að árásirnar hafi verið markvissar og nákvæmar.**

**Rússar brugðust hart við, beittu fullu herafli og notuðu tækifærið til að lýsa yfir sjálfstæði bæði Norður-Ossetíu og Abkasíu.** **- gb**

**LETTLAND**

### Ekki nýtt Ísland

„Lettland er ekki nýtt Ísland,“ sagði Ilmar Rimsevics, seðlabankastjóri í Lettlandi, nýlega í heimsókn í Lundúnum og bar til baka fréttir um að Lettar hefðu óskað eftir láni frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Óttast er að bankakreppa geti skollið á í Eystrasaltslöndunum með líkum hætti og gerðist á Íslandi.

# Tímavörðurinn á Lækjartorgi í pásu

**Klukkan sem staðið hefur á Lækjartorgi í nær áttatíu ár er nú hvergi sjáanleg. Hún er í viðgerð. „Hún kemur vonandi aftur fyrir næstu helgi,“ segir aðili í klukkunefnd Kiwanisklúbbsins Kötlu sem séð hefur um reksturinn í þrjátíu ár.**

**BORGARMÁL** „Ekið var á klukkuna í sumar og stungið af,“ segir Sigurbergur Baldursson, fjölmiðlafulltrúi Kiwanisklúbbsins Kötlu. „Síðan hefur hún staðið þarna eins og skakki turninn í Piza. Þess vegna tókum við hana nú niður á mánudagsmorguninn og fórum með hana í viðgerð.“ Þessi orð ættu að sefa áhyggjur vegfarenda um Lækjartorg sem undrast hafa hvarf klukkunnar.

Ekki vita allir að klukkan á Lækjartorgi hefur verið ein helsta fjáröflunarleið Kiwanis-klúbbsins Kötlu í hátt í þrjátíu ár. Félagar í klúbbnum sjá um rekstur og viðhald klukkunnar og selja í staðinn auglýsingar á allar fjórar hliðar hennar. Ágóðinn rennur til ýmissa góðgerðarmála.

Kötlufélagar sinna klukkunni af mikilli alúð. Á hverjum einasta degi fer einhver þeirra um torgið og gætir að því hvort þessi tímavörður borgarinnar gangi rétt og sýni réttan tíma.

Um tíma óttuðust félagar Kötlu að klukkan væri að renna þeim úr greipum. Hafði þeim borist til eyrna kvittur um að klukkuna ætti að fjarlægja. Hún væri skökk og skæld og borginni til ósóma. Í bréfi til borgarstjóra lýstu þeir áhyggjum sínum af afdrifum torgklukkunnar sinnar. „Við fengum svo svar fyrir um tveimur mánuðum,“ segir Sigurbergur. „Hann sagði að tvennt yrði aldrei fjarlægt úr miðbænum - klukkan okkar og pylsuvagninn. Þá gátum við andað léttar.“

Klukkan á Lækjartorgi sló sinn fyrsta takt á fyrstu mínútu ársins 1930. Það var stórkaupmaðurinn Magnús Kjaran sem fékk leyfi til að setja klukkuna upp þar og bar kostnað af viðhaldi hennar. Hún gekk lengi vel undir nafninu Persil-klukkan í daglegu tali þar sem Magnús var umboðsmaður þvottaefnisins og auglýsti það á hliðum klukkunnar.

Klukkan hefur lent í ýmsum hremmingum á sinni löngu ævi. Hún missti taktinn um tíma þegar stórbruninn varð í Austurstræti vorið 2007. Hún var tengd við móðurklukku á annarri hæð hornhússins við Lækjargötu og Austurstræti sem brann þar inni. Eftir það varð klukkan á Lækjartorgi fyrst tölvudrifin en fyrirtækið Smith & Norland gaf klúbbnum nýja tölvustýringu.

Vonir standa til að klukkan á Lækjartorgi verði komin aftur á sinn stall fyrir næstu helgi.

**holmfridur@frettabladid.is**



**Í VIÐGERÐ HJÁ HJÁLMARI** Hjálmar Hlöðversson hjá Vélsmiðjunni Harka er að lappa upp á klukkuna svo hún geti staðið teinrétt og slegið taktinn áfram fyrir vegfarendur um götur Reykjavíkur.
FRÉTTABLAÐIÐ / ARNÞÓR



**KLUKKULAUST LÆKJARTORG** Tómlegt er um að litast á Lækjartorgi þegar klukkuna vantar, sem þar hefur staðið í nær áttatíu ár.
FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI



**BLAÐAMANNAFUNDUR** Forsætisráðherra og viðskiptaráðherra á blaðamannafundi í gær.

Hrun bankakerfisins:

## Hugsanleg brot öll rannsökuð

**EFNAHAGSMÁL** Ríkisstjórnarflokkarnir náðu samkomulagi í gær við formenn stjórnarandstöðflokkanna um að skipuð verði nefnd til að rannsaka aðdraganda og orsakir bankahrunsins. „Við munum ekki líða það að lögbrot sem framin kunna að hafa verið í bankakerfinu verði órannsökuð. Við viljum tryggja það að slíkt verði rannsakað ofan í kjölinn og heitum því að láta jafnt yfir alla ganga og að enginn fái neina sérmeðferð,“ sagði Geir Haarde forsætisráðherra í gær. Búist væri við að nefndinni yrði markaður rammi með þingsályktun eða lögum frá Alþingi. Að auki verður gerð allsherjar úttekt á umhverfi bankanna og fjármálaeftirlit og lögregla rannsaka aðra þætti. **- gar**

**NOREGUR**

### Sirkus Agora gjaldþrota

Sirkus Agora, norski sirkusinn sem var hér á landi í haust, hefur verið lýstur gjaldþrota. Fjármálakreppan á Íslandi gerði það að verkum að ekki tókst að gera upp við sirkusinn og því tókst ekki að greiða skuldir. Hærri eldsneytiskostnaður og minni áhugi norskra áhorfenda hafði einnig áhrif.


**Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða?**

Námskeið með Ebbu Guðnýju í hvernig útbúa á einfaldan og næringarríkan mat fyrir börn frá 6 mánaða aldri. Hvaða fæðutegundum er gott að byrja og hvenær? Námskeiðið nýtist einnig þeim sem eru með eldri börn. Nýjar uppskriftir fylgja og verða nokkrir réttir útbúnir á staðnum.

**Námskeið miðvikud. 12. nóv. eða þriðjud. 25. nóv. kl: 20-22 í Heilsuhúsinu, Lágmúla**

Að auki verður bókin **Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða?** seld með 10% afslætti á námskeiðinu. Námskeiðið kostar aðeins 3500 kr. Upplýsingar og skráning fer fram í síma 694 6386 og á netfanginu ebbagudny@mac.com



*Ebba Guðný*

náttúrulega heilsuhúsið

Skólavörðustíg, Kringlunni, Smáratorgi, Lágmúla, Selfossi & Akureyri


Forsætisráðherra segir 25 milljarða króna lán frá Póllandi drengskaparbragð:

# Ræðismaður Póllands beitti áhrifum sínum í þágu Íslands

**EFNAHAGSMÁL** „Þetta er hugsað sem samstöðuvottur Pólverja með Íslendingum,” segir Michal Sikorski, aðalræðismaður Póllands á Íslandi, um ákvörðun pólsku ríkisstjórnarinnar að leggja fram 200 milljónir Bandaríkjadala í fjölþjóðlegan lánapakka til Íslands.

Sikorski staðfestir aðspurður að hann hafi lagt sitt af mörkum til að vekja athygli pólskra stjórnvalda á vanda Íslendinga og mælt með því að þau legðu sitt af mörkum til að hjálpa við lausn hans. Það væri líka í þágu hagsmuna þeirra mörgu Pólverja sem byggju á Íslandi.

„Þetta er drengskaparbragð af hálfu Pólverja,“ sagði Geir Haarde forsætisráðherra eftir að staðfesting barst á því í gær að pólska ríkisstjórnin hefði að eigin frumkvæði afráðið að lána Íslendingum áðurnefnda upphæð sem er jafnvirði 25 milljarða króna.

„Pólski fjármálaráðherrann sagði okkar fjármálaráðherra í dag að þetta vildu þeir gera meðal annars vegna þess að þeir hefðu sjálfir lent í þessum erfiðleikum fyrir tuttugu árum og fengið aðstoð eins og við þurfum, en líka vegna þess að þeir hefðu mikil og góð tengsl við Ísland í gegnum allan þann fjölda manna frá Póllandi sem hér hefur starfað,“ sagði forsætisráðherra. **- aa , - gar**



**GEIR HAARDE** „Við kunnum þeim að sjálfsögðu bestu þakkir fyrir þetta vinarbragð,“ sagði forsætisráðherra um lánveitingu Pólverja. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Kringlan
Opið 10–18 í dag
Afsláttar dagar
6.–9. nóvember
Frábær tilboð og lækkað verð,
spennandi vörur af bestu gerð.
Mán til mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is
Komdu í heimsókn

## GENGIÐ 07.11.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 129,38 | 130,00 |
| Sterlingspund | 204,15 | 205,15 |
| Evra | 165,54 | 166,46 |
| Dönsk króna | 22,231 | 22,361 |
| Norsk króna | 18,96 | 19,072 |
| Sænsk króna | 16,485 | 16,581 |
| Japanskt jen | 1,3279 | 1,3357 |
| SDR | 192,44 | 193,58 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
223,2843

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Vopnað rán var framið á skrifstofu ABC-barnahjálpar í Nairóbí í Kenía í gær:

# Ógnað með byssum og kefluð

**LÖGREGLUMÁL** „Þetta er mikið áfall fyrir mig og ekki síður starfsemi samtakanna hér. Mennirnir voru vopnaðir byssum og auðvitað varð ég hrædd, en mikið af peningunum sem áttu að duga fyrir þennan mánuð eru farnir líka,“ segir Sigurrós Friðriksdóttir, íslenskur liðsmaður ABC-barnahjálpar í Nairóbí, höfuðborg Kenía. Vopnað rán var framið á skrifstofu samtakanna í gær. Komust ránsmennirnir á brott með yfir hálfa milljón króna.

Sigurrós var ein á neðri hæð skrifstofuhússins þegar ræningjana fjóra bar að. Hún segir greinilegt að ránið hafi verið undirbúið með fyrirvara. „Einn þeirra kynnti sig sem Kevin og svo drógu þeir upp byssurnar og skipuðu mér að fylgja sér á efri hæðina, þar sem nokkrir starfsmenn búa og peningaskápurinn er geymdur. Þar bundu þeir mig og tvær starfsstúlkur frá Kenía á höndum og fótum, límdu fyrir munninn á okkur og sögðu okkur að leggjast upp í rúm. Þá kom í ljós að þeir voru með lykil að peningaskápnum,“ segir Sigurrós, og bætir við að hún þakki guði fyrir að engum hafi verið gert mein.

Þórunn Helgadóttir, samstarfsmaður Sigurrósar í Kenía, segir líklegt að einhverjir ránsmannanna hafi gert sér erindi á skrifstofu ABC fyrr í vikunni, en efast um að þeir hafi náð sér í lykil þar.

„Lögreglan er núna að rannsaka málið. Þetta er mikið áfall fyrir starfsemi okkar. Heimilið, sem hýsir um 260 börn, er algjörlega peningalaust. Við hvetjum alla sem eru aflögufærir til að aðstoða okkur með fé svo unnt verði að halda starfseminni, sem yfir 12.000 börn reiða sig á, gangandi,“ segir Þórunn. **- kg**



**BARNAHJÁLP** Þórunn Helgadóttir, sem sést ásamt börnum frá Kenía á myndinni, var í næsta húsi þegar ránið átti sér stað.

Átökin í Kongó:

## Óttast að átökin breiðist út

**KONGÓ, AP** Hermenn frá Angóla hafa gengið til liðs við herinn í Kongó í baráttu við uppreisnarsveitir Laurents Nkunda. Óttast er að átökin breiðist út til nágrannalanda.

Átök eru hafin á ný í nágrenni borgarinnar Goma, sem er höfuðstaður Norður-Kivuhéraðs. Þar í borginni eru nærri 50 þúsund flóttamenn frá átakasvæðunum.

Nkunda lýsti einhliða yfir vopnahléi í síðustu viku, en átök hófust á ný eftir að stjórnvöld urðu ekki við kröfum hans um viðræður. **- gb**

Milljóna skaðabótakrafa:

## Löggur í bumbu slag sýknaðar

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur sýknað tvo lögreglumenn frá Selfossi af rúmlega 16 milljóna króna skaðabótakröfu. Hana gerði kona sem fullyrðir að 85 prósent örorku, sem hún hlaut eftir slys árið 2003, megi rekja til svokallaðs „bumbuslags“ lögreglumannanna.**

**Atvikið varð á árshátíð starfsmanna embættis sýslumannsins á Selfossi árið 2003.**

**Lögreglumennirnir tveir gerðu sér það að leik að reka bumbur sínar hvor í annan. Konan sagði að annar lögreglumaðurinn hefði rekið bumbu sína í hinn, sem hafi þá skollið á sér með þeim afleiðingum að hún féll og úlnliðsbrotnaði.** **- jss**

**DÓMSTÓLAR**

### Kýldi mann í andlitið

Karlmaður um tvítugt hefur verið dæmdur í 60 þúsund króna sekt og til greiðslu skaðabóta að upphæð ríflega 113 þúsund krónur fyrir að hafa kýlt annan mann í andlitið á skemmtistað á Akureyri.

# Milljarðar króna bundnir í sendiherrabústöðum

**Engin svör fást hjá utanríkisráðuneytinu um verðmæti fasteigna sendiþjónustunnar í útlöndum og hvort til standi að losa fé úr þessum dýru byggingum til að styrkja gjaldeyrisstöðu landsins í bankakreppunni.**

**EFNAHAGSMÁL** Íslenska ríkið á milljarða króna bundna í sendiráðsbyggingum og sendiherrabústöðum erlendis. Óljóst er um nákvæmt virði eignanna og hvort utanríkisráðuneytið ætli að losa um fjármagn í þeim og færa starfsemina í leiguhúsnæði.

Urður Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi utanríkisráðneytisins, segir að á næstu dögum sé að vænta niðurstöðu úr mikilli hagræðingarvinnu hjá ráðuneytinu. Ekki sé útilokað að selja eignir. „Það er verið að skoða hagræðingu. Það á meðal er möguleg einhver sala á eignum,“ segir Urður. Ráðamenn hafa einmitt skorað á einstaklinga og fyrirtæki að færa eignir í útlöndum heim til Íslands til að bæta gjaldeyrisstöðu landsins.



**URÐUR GUNNARSDÓTTIR**

Ekki fékkst listi hjá utanríkisráðuneytinu yfir fasteignirnar í útlöndum né hvers virði þær séu. Urður segir þó að ríkið eigi langflestar byggingarnar sem hýsa sendiráð og sendiherrabústaði. Í öðrum tilfellum sé notast við leiguhúsnæði.

Sendiráð og sendiherrabústaðir eru gjarnan íburðarmikil og gjarnan í dýrustu hverfunum í hverri borg. Erfitt er að geta sér til um verðmæti þessara bygginga og Urður segir ekki koma til greina að hálfu ráðuneytisins að reikna núvirði þeirra. „Það er verið að fara í gegnum allan reksturinn með tilliti til hvar má spara og sú vinna gengur fyrir,“ segir hún.

Til að gefa mynd af verðmæti umræddra bygginga má nefna að sendiráðið í Japan með búnaði kostaði hátt í einn milljarð króna á árinu 2001. Með tilliti til þróunar fasteignaverðs þar í landi og gengishruns krónunnar má gera ráð fyrir að í þessu eina húsi séu bundnir hátt í tveir milljarðar króna.

gar@frettabladid.is



**SENDIHERRABÚSTAÐUR Í KAUPMANNAHÖFN.**



**SENDIRÁÐ OG SENDIHERRABÚSTAÐUR Í TÓKÝÓ.**



**SENDIRÁÐIÐ Í BERLÍN** Sendiherra Íslands í Þýskalandi hefur aðsetur í þessu glæsilega húsi í Grunewald-hverfinu í Berlín.

MYND/WERNER HUTHMACHER






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**HELGIN**

Í dag verður besta veðrið á norðanverðu landinu. Þar verður þurrt að mestu, hægur vindur og milt. Á morgun snýst þetta við og þá má búast við að Suðurlandið verði best. Þá verður reyndar ttl. stífur vindur af norðaustri en þá verður yfirleitt nokkuð bjart sunnan til og sæmilega milt eða 5-9 stig. Horfur eru á að á þriðjudag frysti norðanlands.




**Á MORGUN**
10-15 m/s NV- og SA-til annars 5-10

**MÁNUDAGUR**
8-15 m/s, hvassast við norðurströndina

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Amsterdam | 12° |
| Basel | 12° |
| Berlín | 11° |
| Billund | 10° |
| Eindhoven | 13° |
| Frankfurt | 13° |
| Friedrichshafen | 10° |
| Gautaborg | 10° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 14° |
| New York | 17° |
| Orlando | 27° |
| Osló | 4° |
| París | 14° |
| Róm | 19° |
| Stokkhólmur | 9° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# FULLAR BÚÐIR



2,7 MTR. GRENILENGJA
**890,-**

**Grenilengja með 20 ljósa seríu**
Sniðug 2,7 mtr. grenilengja með 20 ljósa seríu.



10 STK. JÓLAKORT
**299,-**

**Jólakort**
Falleg jólakort með íslenskum texta.
5 mismunandi pakkar fáanlegir.
Frábært verð! Stærð: 10 x 15 sm.



**Jólakortastandur**
Tvær gerðir fáanlegar,
Jólasveinn eða snjókarl.

JÓLAKORTASTANDUR
**1.990,-**



MTR. AÐEINS:
**299,-**

**Slöngusería**
Góðar ljósaslöngur í tilbúnum pakkningum. Einnig fáanlegar í metravís. Ljósaslanga 9 mtr. pakkning verð: **1.990,-**



**990,-**

**AÐVENTULJÓS**
Flott aðventuljós á fínu verði.
Fáanleg í hvítu, rauðu og natur.



VERÐ FRÁ:
**249,-**

**Inniseríur**
Mikið úrval af inniseríum í mörgum stærðum og litum á frábæru verði!

B BEDDING



SPARIÐ 1.000,-

ÁÐUR: 3.990,-
**2.990,-**

**DANA ANDRIK andardúnssæng**
Sæng fyllt með mjúkum andardúni og smágerðu andafiðri. Sængin er saumuð í 4x6 ferninga og því helst dúnninn jafn yfir alla sængina.
Sæng: 135 x 200 sm. Áður: **3.990,-**
**NÚ: 2.990,-** Sæng: 135 x 220 sm. **4.500,-**
Sæng: 200 x 220 sm. **6.990,-**

## 15% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RÚMGRINDUM OG SPRINGDÝNUM

AÐEINS ÞESSA HELGI

**Jólapappír**
Fallegur jólapappír í miklu úrvali. Stærð á rúllu:
70 sm x 6 mtr.



1 RÚLLA
**299,-**



VERÐ AÐEINS:
**990,-**

**INNA sængurverasett**
Fallegt sængurverasett. Stærð: 140 x 200 sm.
og koddaver 50 x 70 sm. Efni: 100% bómull.

Allar vörur í þessari auglýsingu eru einnig fáanlegar í póstkröfu.
Sími 750-7000



HERRAINNISKÓR
**1.490,-**

DÖMUINNISKÓR
**1.290,-**

**Inniskór á dömur og herra**
Herraskór stærðir: 40-46. Litir: Svart og Brúnt.
Dömuskór stærðir: 36-42. Litir: Bleikur, blár og beige.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ



20 LJÓSA
**2.990,-**

**STARLIGHT jólaseríur**
Glæsilegar „starlight" jólaseríur sem þola vel íslenskar aðstæður.
Fáanlegar glærar og marglitar.
20 ljósa verð: **2.990,-**
40 ljósa verð: **4.990,-**
60 ljósa verð: **7.990,-**
80 ljósa verð: **9.990,-**

**KJÖRKASSINN**



*Velur þú íslenskar vörur fram yfir erlendar?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 81,5% |
| Nei | 18,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ertu sátt/ur við skipan nýrra bankaráða ríkisbankanna?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is

vísir

Viðskiptaráðherra er sáttur við 200 milljarða greiðslu á peningamarkaðssjóði:

# Sáttur við peningabréfakaup

**EFNAHAGSMÁL** Björgvin G. Sigurðsson segist sáttur við ákvörðun ríkisbankanna um að setja 200 milljarða króna inn á peningamarkaðssjóði. Hann segir þetta vera viðskiptalega ákvörðun bankanna.

„Þetta er viðskiptaleg ákvörðun bankanna um þeirra eigin fé þannig að ég hef ekkert við það að athuga.“ Björgvin samsinnir því þó að ríkið fjármagni bankana þannig að endanum komi féð úr ríkissjóði. Þetta hafi þó ekki verið á borði ríkisstjórnarinnar.

„Nei við tökum ekki viðskiptalegar ákvarðanir fyrir bankana, það væri mjög óeðliegt ef við gerðum það, enda væri það pólitísk íhlutun í starfsemi þeirra. Ég hef ekkert við þessa ákvörðun að athuga.“

Ákvörðun bankanna um að setja 200 milljarða inn á sjóðina hefur verið nokkuð gagnrýnd. Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, sagði í Fréttablaðinu í gær að Alþingi hefði átt að fjalla um hana.

Þá hafa margir bent á að með ráðstöfuninni sé sparnaður þeirra sem leituðu hærri vaxta með meiri áhættu en á hefðbundnum innlánsreikningum, tryggður á kostnað skattgreiðenda, sem margir áttu ýmist ekki sparnað, eða völdu aðrar leiðir. **- kóp**



**BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON** Segir ríkisstjórnina ekki hafa vitað um þá ráðstöfun ríkisbankanna að setja 200 milljarða inn á peningarmarkaðssjóði fyrir fram. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ráðherra í lávarðadeild:

# Lán ætti að vera skilyrt

**EFNAHAGSMÁL „Skilyrði lánsins [frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (IMF)] ætti að vera að sanngirni og jafnræði verði tryggt gagnvart öllum skuldunautum,“ sagði Myners lávarður og ráðherra fjármála í lávarðadeild breska þingsins í umræðu um Icesave reikningana. Myners var spurður að því hvort Bretar styddu lán IMF til Íslands ef Icesave deilur milli Íslands og Bretlands væru ekki til lykta leiddar. Þar sagði hann að bandaríska ríkisstjórnin styddi slíkt lán, en taldi að það ætti að vera skilyrt í samræmi við kröfur Breta um að jafnræðis yfir landamæri væri gætt. - ss**

Guðlaugur Þór Þórðarson:

# Hátæknispítali enn á borðinu



**GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON**

**HEILBRIGÐISMÁL** Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra segir að bygging hátæknisjúkrahúss sé sveigjanlegt verkefni og því kalli ekkert á að slá það út af borðinu. Næstu ári fari í undirbúning. Hann segir óljóst um niðurskurð í heilbrigðisþjónustunni. Hún sé mikilvæg og unnið sé að háu þjónustustigi. „Ef sú staða kemur upp að við þurfum að vinna með minni fjármuni en við gerum núna þá vinnum við að því, en það er of snemmt að segja eitthvað til um það. Okkar góða heilbrigðisþjónustu er alltaf verðmæt og alveg sérstaklega núna og þess vegna þarf að hlúa vel að henni og því starfsfólki sem þar vinnur. **- kóp**

Umdeild lóð á Álftanesi:

# Háreysti á fundi bæjarstjórnar

**SVEITASTJÓRNIR Hlé var gert á bæjarstjórnarfundi á Álftanesi á fimmtudag vegna ónæðis frá áhorfendum á fundinum. Verið var að ræða hina umdeildu lóð á Miðskógum 8 þegar ákveðið var að gera hlé sem stóð síðan í fimm mínútur. Á fundinum staðfestu fulltrúar meirihluta Ál-listans að eiganda lóðarinnar yrði synjað um leyfi til að byggja einbýlishús á lóðinni og staðfesti nýtt deiliskipulag þar sem lóðin er afmáð sem byggingarlóð. Fulltrúar minnihluta Sjálfstæðisflokks sögðu afgreiðsluna vera dæmalausan yfirgang bæjarstjórnarinnar. - gar**

# Nýju bankaráðin

**Átta karlar og sjö konur eru í nýjum bankaráðum ríkisbankanna sem fjármálaráðherra skipaði í gær. Sjálfstæðisflokkurinn tilnefndi fimm bankaráðsmenn, Samfylkingin fjóra, VG þrjá, Framsókn tvo og Frjálslyndir einn.**

## KAUPÞING



**Magnús Gunnarsson** formaður. Viðskiptafræðingur og kaupsýslumaður. Hefur gegnt stjórnarformennsku og forstöðu í mörgum fyrirtækjum. Tilnefndur af Sjálfstæðisflokknum.



**Auður Finnbogadóttir**. Viðskiptafræðingur og MBA. Framkvæmdastjóri A verðbréfa og fyrrverandi framkvæmdastjóri MP verðbréfa. Tilnefnd af Sjálfstæðisflokknum.



**Drífa Sigfúsdóttir**. Viðskiptafræðingur. Fyrrverandi forseti bæjarstjórnar Reykjanesbæjar og deildarstjóri hjá Lánstrausti. Tilnefnd af Framsóknarflokki.



**Erna Bjarnadóttir**. Hagfræðingur. Deildarstjóri hjá Bændasamtökunum. Tilnefnd af VG.



**Helga Jónsdóttir**. Lögfræðingur. Bæjarstýra Fjarðabyggðar og fyrrverandi borgarritari í Reykjavík og fulltrúi í stjórn Alþjóðabankans. Tilnefnd af Samfylkingunni.

## LANDSBANKINN



**Ásmundur Stefánsson** formaður. Hagfræðingur. Fyrrverandi ríkissáttasemjari, framkvæmdastjóri í Íslandsbanka og forseti ASÍ. Tilnefndur af Samfylkingunni.



**Erlendur Magnússon.** Fyrrverandi framkvæmdastjóri í FBA og Glitni. Tilnefndur af Sjálfstæðisflokknum.



**Haukur Halldórsson.** Búfræðingur. Bóndi og fyrrverandi formaður Stéttarsambands bænda. Tilnefndur af Framsóknarflokknum.



**Salvör Jónsdóttir.** Skipulagsfræðingur. Starfsmaður Alta og fyrrverandi sviðsstjóri skipulags- og byggingasviðs Reykjavíkur. Tilnefnd af VG.



**Stefanía Karlsdóttir.** Matvælafræðingur og MBA. Fjármálastjóri Keilis, fyrrverandi rektor Tækniháskólans og bæjarstjóri í Árborg. Tilnefnd af Sjálfstæðisflokknum.

## GLITNIR



**Valur Valsson** formaður. Viðskiptafræðingur. Fyrrverandi bankastjóri Íslandsbanka og Iðnaðarbankans. Tilnefndur af Sjálfstæðisflokknum.



**Guðjón Ægir Sigurjónsson** lögmaður á Selfossi. Tilefndur af Samfylkingunni.



**Katrín Ólafsdóttir.** Hagfræðingur. Lektor við viðskiptadeild HR og fyrrverandi starfsmaður Þjóðhagsstofnunar. Tilnefnd af Samfylkingunni.



**Ólafur Ísleifsson.** Hagfræðingur. Lektor við viðskiptadeild HR og fyrrverandi starfsmaður Seðlabankans. Tilnefndur af Frjálslynda flokknum.



**Vilhjálmur H. Vilhjálmsson** lögmaður. Rekur eigin stofu en gegndi um skeið starfi borgarlögmanns. Tilefndur af VG.



**ÞORGERÐUR KATRÍN** Hefur kallað eftir tilnefningum stjórnarandstöðuflokka í starfshóp um fjölmiðlaumhverfi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Menntamálaráðherra:

# Flokkar skipi í fjölmiðlanefnd

**FJÖLMIÐLAR** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra hefur sent formönnum stjórnarandstöðuflokkanna bréf og beðið um tilnefningu í starfshóp um fjölmiðlaumhverfi. Hún vonast eftir niðurstöðu fljótt.

„Skoða þarf hvort ákvörðun um að hluta Rúv af auglýsingamarkaði mundi stuðla að því að halda fjölbreytni í fjölmiðlum. Á hinn bóginn verður að líta til þess að það er ekki æskilegt að auglýsingamarkaðurinn fari á hendur eins manns eða fyrirtækis.“

Þorgerður segist vænta skilnings hjá öllum stjórnmálaflokkum um málið. **- kóp**

**ORKUMÁL**

## Hitaveita í Bjarnarfjörð

Unnt verður að leggja hitaveitu á næstu bæi við Klúku í Bjarnarfirði á Ströndum eftir að sextán sekúndulítrar af tæplega 50 stiga heitu vatni skiluðu sér upp úr 330 metra djúpri borholu. Þetta kemur fram á vef Orkurannsókna Íslands.

**DÓMSTÓLAR**

## Bensínþjófur dæmdur

Maður hefur verið dæmdur í 45 daga fangelsi, skilorðsbundið, fyrir að stela þrívegis bensíni frá Olís með því að aka í burtu án þess að borga. Hann þurfti jafnframt að greiða Olís bensínið.

DVD DISKAR Á 599 KR

GILDIR Í SMÁRALIND, KRINGLUNNI, SKEIFUNNI OG GLERÁRTORGI

300
16 Blocks
21 Grams
25th Hour
40 Year Old Virgin
50 First Dates
History of Violence
Abandon
After the Sunset
Agent Cody Banks
Aladin
Konungur Þjófana
Alex & Emma
Alexander
Alfie (2005)
Alien
AVP: Alien vs. Predator
Alien Autopsy
All the Kings Men
American Dreamz
American Gigolo
American Pie: The Naked Mile
American Splendor
Amityville Horror
Inconvenient Truthn
Ant Bully
Anything Else
Apocalypto
Are We There Yet
Around the World in 80 Days (2005)
Art School Confidential
Assassination of Richard
Nixon
Attack Force
Aviator
Álfur (Elf)
Ávaxtakarfan
Babel
Bad Education
Bad News
**Og svo miklu fleiri titlar.**

á meðan birgðir endast



Office 1 Superstore

Skeifan 550-4110, Smáralind 550-4140, Kringlan 550-4130, Hafnarfjörður 550-4120, Selfoss 550-4190, Vestmannaeyjar 550-4180, Egilsstaðir 550-4160, Akureyri 550-4150, Ísafjörður 550-4170


Ljós í myrkri ...
Mikið úrval af skemmtilegri jólavöru.
Komdu og skoðaðu!
ILVA
einfaldlega betri kostur
Hestur á hjólum.
H. 14 cm. 590,-
Hreindýr m/trefli. 3 stærðir.
H. 12,5 cm. 490,- H. 15 cm. 590,-
H. 21,5 cm. 690,-
Álfastelpa. L 72 cm. 2.990,-
Pillar Candle. Kerti. Ýmsir litir.
H. 10 cm. Ø6 cm. 390,-
H. 10 cm. Ø7 cm. 490,-
H. 15 cm. Ø5 cm. 445,-
H. 15 cm. Ø6 cm. 445,-
H. 20 cm. Ø7 cm. 790,-
H. 25 cm. Ø5 cm. 545,-
Amalie. Kertastjaki f/teljós.
Silfurlitaður. H. 8, Ø10 cm. 990,-
Christmas. Kertastjaki f/teljós.
Silfurlitaður. H. 9, Ø7 cm. 790,-
© ILVA Ísland 2008
borðstofusett
99.900,-
borð + 4 stólar
Borðstofuborð.
66.100,-
Stóll.
8.450,-
Hjarta m/berjum.
Lítið. 490,- Stórt. 890,-
Hreindýr. Skraut. 290,-
Verð 8.900,-
NÚ 4.990,-
Herregaard. Silfurlitaður.
41 cm. 8.900,- NÚ 4.990,-
100 cm. 24.900,- NÚ 14.990,-
Stór jólasveinn m/
hreyfanlegum fótum
H. 85 cm. 3.990,-
State. Borðstofuborð úr gegnheilum við/MDF. 95x190/280 cm.
Tvær stækkunarplötur innifaldar. 66.100,- Avallon. Stóll úr
gegnheilu beyki og fléttaðri setu. Antíkhvítt. 8.450,-
Verð 149.500,-
NÚ 99.500,-
Havana. Tvíbreiður svefnsófi með Alfatex® áklæði,
legubekk og geymsluhólfi. Stærð á rúmi 140x200 cm.
Verð 149.500,- NÚ 99.500,-
SPARAÐU
50.000,-
Sofia. Bútasaumsteppi og púðar úr 100% bómull.
Værðarvoð. 140x200 cm. 14.990,-
Púði. 2 tegundir. 40x40 cm. 1.990,-
2½ sæta
Verð 179.900,-
NÚ 99.900,-
SPARAÐU
80.000,-
Barstóll.
Verð 14.950,-
NÚ 9.990,-
Razor. Barstóll, hnotuspónn.
Sætishæð 53-80 cm. 14.950,-
NÚ 9.990,-
Blaze. Barborð, hnotuspónn.
H. 100 cm. Ø67 cm. 27.900,-
NÚ 19.900,-
Barborð.
Verð 27.900,-
NÚ 19.900,-
Gjafapoki með útsaum. H. 60 cm. 3.490,-
Stór grís m/röndum. L. 55 cm. 4.990,-
Jólamús, doppótt/röndótt föt. H. 35 cm. 2.390,-
Zanetti. 2½ sæta sófi. Slitsterkt áklæði. L. 213 cm. 179.900,- NÚ 99.900,-
3ja sæta. L233 cm 189.900,- NÚ 109.900,-
VISA Lán
- VAXTALAUST
Bjóðum uppá
vaxtalaust
lán til 6 mánaða
Skoðaðu vörurnar á www.ilva.is - sendum um allt land - tilboð gilda til 9. nóv.
ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík s: 522 4500
mánudaga - föstudaga 11-19 laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18

Leiðtogafundur Evrópusambandsins um lærdóma af fjármálakreppunni:

# Umbætur innan hundrað daga

**BRUSSEL, AP** Leiðtogar Evrópusambandsríkjanna 27 samþykktu á fundi í Brussel í gær að krefjast þess að umbætur á hinu alþjóðlega fjármálakerfi skuli ákveðnar innan 100 daga.

Nicolas Sarkozy, forseti Frakklands sem fer með formennskuna í ESB, sagði að fjármálakreppan og efnahagssamdrátturinn af hennar völdum kallaði á tafarlausar aðgerðir. Samkomulag um endurskoðun hins alþjóðlega fjármálakerfis og á eftirliti með því yrði að nást sem allra fyrst á þar til ætluðum leiðtogafundum mestu þungavigtarríkja heims, en fyrsti slíki fundurinn fer fram í Bandaríkjunum í næstu viku.

„Það er kreppa. [...] Við verðum að bregðast við og megum engan tíma missa,“ sagði Sarkozy. „Ég mun ekki taka þátt í fundi þar sem bara verður talað í hring um hlutina,“ tjáði hann fréttamönnum eftir fundinn í Brussel.



**SARKOZY FORSETI** Þrýstir á að viðræður um kerfisumbætur skili fljótt árangri. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sarkozy og fleiri Evrópuleiðtogar hafa lýst yfir vilja til að ganga mun lengra í að setja strangari reglur um hinn alþjóðlega fjármálamarkað en bandarískir ráðamenn hafa sagst vilja. - aa

# Hægt að semja fljótt um inngöngu í ESB

**Stækkunarmálastjóri Evrópusambandsins staðfestir að hægt yrði að ljúka aðildarviðræðum við Ísland „hraðar en við önnur lönd“. Hann segist fullviss um að sátt megi ná um sjávarútvegsmál og ítrekar að evran fáist aðeins með fullri aðild.**

**EVRÓPUMÁL** Olli Rehn, sem fer með stækkunarmál Evrópusambandsins í framkvæmdastjórn þess í Brussel, staðfestir í viðtali við Fréttablaðið að hægt yrði að ljúka aðildarviðræðum við Ísland „klárlega mun hraðar en við önnur lönd sem ekki hafa jafnsterk tengsl við ESB.“ Þar með vísar hann til þess að Ísland hefur nú þegar lögleitt stóran hluta af löggjöf ESB í gegnum EES-samninginn, Schengen-vegabréfasamstarfið og annað samstarf við sambandið.

„Ég myndi giska á að um tveir þriðju hlutar stefnumála ESB væru nú þegar innleiddir í íslenska löggjöf,“ segir hann spurður hve stóran hluta af þeim 35 efnisflokkum sem aðildarsamningum er skipt upp í hann teldi hægt að „loka“ mjög fljótt eftir að aðildarviðræður hæfust.



**OLLI REHN** „Allt er hægt ef viljinn er fyrir hendi,“ segir stækkunarmálastjóri ESB um sjávarútvegsmál í aðildarviðræðum. NORDICPHOTOS/AFP

Spurður nánar að því hve langan tíma hann teldi að það tæki að lágmarki að ljúka aðildarsamningum svarar hann: „Ég tek inngöngu Íslands í ESB of alvarlega til að giska á lengd hugsanlegra aðildarviðræðna.“ Til að leggja ábyrgt mat á það yrði framkvæmdastjórnin fyrst að gera úttekt á málinu, og það yrði ekki gert fyrr en aðildarumsókn lægi fyrir. Hann tekur jafnframt fram að það sé komið undir „íbúum og leiðtogum Íslands að ákveða hvort þeir vilja að landið sæki um aðild að ESB.“

Um þann efnisflokk aðildarviðræðna sem fyrirsjáanlega yrði erfiðastur, fiskveiðimál, segist Rehn vera „þess fullviss að Ísland gæti uppfyllt aðildarskilyrðin og lagað sig að sameiginlegri sjávarútvegsstefnu ESB.“ Inntur nánar eftir þessu ítrekar hann að það séu engin fordæmi fyrir varanlegri undanþágu. Hann fái ekki séð að „hvers vegna Ísland ætti ekki að geta undirgengist sameiginlegu sjávarútvegsstefnuna.“ Hann sé þess fullviss að „hægt sé að finna lausn sem báðir aðilar geti við unað. Allt er hægt ef viljinn er fyrir hendi.“

Þar sem einn mesti vandinn sem Ísland á nú við að etja er að lögeyrir landsins og sú peningamálastefna sem íslensk stjórnvöld hafa fylgt hefur misst trúverðugleika og traust þá var Rehn líka spurður hvort hann áliti hugsanlegt að Evrópusambandið hjálpaði Íslendingum út úr þessum kröggum með því að hleypa krónunni inn í ERM-II-gengiskerfið jafnvel áður en Ísland lyki samningum um inngöngu í ESB, líkt og Ólafur Ísleifsson hagfræðingur hefur lagt til. Af svari Rehn að dæma er lítill vilji hjá ESB til að sýna slíkan sveigjanleika:

„Gengiskerfið (ERM II) er fyrir aðildarríki ESB eingöngu og það eru engin fordæmi fyrir því að umsóknarríki fái aðild að því. Framkvæmdastjórn ESB hefur ítrekað sagt að einhliða evruvæðing samræmdist ekki lagaramma evrópska myntbandalagsins og hún væri heldur ekki eftirsóknarverð fyrir Ísland pólitískt, þar sem það á möguleika á fullri aðild að sambandinu. Þess í stað ætti Ísland að hafa aðlögun peningamála sinna að evrusvæðinu að langtímamarkmiði og þá aðeins í tengslum við fulla aðild að ESB.“

audunn@frettabladid.is

Obama leggur áherslu á stefnumótun í efnahagsmálum:

# Miðstéttirnar verði í öndvegi

**BANDARÍKIN, AP** Megináhersla Baracks Obama verður á efnahagsmálin næstu vikur og mánuði. Hann kallaði í gær á sinn fund sautján manna ráðgjafahóp í efnahagsmálum.

„Við erum ekki að byrja á núllpunkti,“ sagði Lawrance Summer, einn ráðgjafanna, sem var fjármálaráðherra í forsetatíð Bills Clinton. „Í kosningabaráttunni hefur nýkjörinn forseti talað um það sem gera þarf. Við þurfum að setja miðstéttirnar í öndvegi stefnu okkar á þann hátt, sem ekki hefur verið gert á undanförnum árum.“

Að fundinum loknum boðaði hann til blaðamannafundar í fyrsta sinn frá fræknum sigri sínum í forsetakosningunum á þriðjudag.



**MICHELLE OG BARACK OBAMA** Verðandi forsetahjón koma af foreldrafundi í skóla dætra þeirra í Chicago í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Á fimmtudag ræddu leiðtogar níu ríkja við Obama í síma til að óska honum til hamingju með sigurinn og ræða frekara samstarf. Þetta voru þau Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti, Angela Merkel Þýskalandskanslari, Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, Taro Aso, forsætisráðherra Japans, Lee Myung-bak, forseti Suður-Kóreu, Kevin Rudd, forsætisráðherra Ástralíu, Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, Felipe Calderon, forseti Mexíkó og Stephen Harper, forsætisráðherra Kanada.

Obama er jafnframt byrjaður að skipa í lykilstöður stjórnar sinnar og hefur Rahm Emanuel fallist á að verða starfsmannastjóri Hvíta hússins. - gb




Sunnudagur sem segir svo margt



Tryggvi Þór Herbertsson
Fyrrverandi efnahagsráðgjafi forsætisráðherra um spillingu og horfur framundan

Bjartmar Guðlaugsson
Kótilettukarlinn, Full á móti og Bjartmar Guðlaugsson í opinskáu viðtali



Þjóðlegur bjór
Nú er bruggað í hverju landshorni. Og það löglega.

Nýtt og ferskara helgarblað

Njóttu sunnudagsins til fulls.
Fáðu þér áskrift á mbl.is/askrift
eða í síma 569 1122

Morgunblaðið
SUNNUDAGUR
Fáðu þér áskrift



Fíton/SÍA F1027853

# Ekki láta peningana gufa upp !!

# Notaðu þá í eitthvað áþreifanlegt...






**VERÐ 4.782.000,-**

*VIÐ AUGLÝSUM EKKI VERÐ FRÁ*

## Chevrolet Captiva
## 7 manna sjálfskiptur sportjeppi

Hluti af staðalbúnað:

- ☑ **DCS -** Eykur öryggi niður brekkur
- ☑ **Tölvustýrð miðstöð og loftkæling**
- ☑ **ESP -** Stöðugleikastýring (aftengjanleg)
- ☑ **Hraðastillir** (Cruise control) Stjórnað í stýri
- ☑ **Kæling í hanskahólfi**
- ☑ **Tenging fyrir MP3 spilara**
- ☑ **Bakkskynjari**
- ☑ **ARP -** Veltivörn
- ☑ **Tölvustýrð spólvörn**
- ☑ **Aksturstölva**
- ☑ **Sjálvirkur birtustillir**
- ☑ **Fjöldiskaspilari**
- ☑ **18" Álfelgur**
- ☑ **LRS -** Heldur hæð við hleðslu
- ☑ **TOD -** Sjálfvirk drifstýring
- ☑ **Áttaviti og útihitamælir**
- ☑ **ISOFIX -** festing fyir barnastól
- ☑ **Og margt fleira....**

www.benni.is

**Bílabúð Benna**

Tangarhöfða 8-12 • Sími 590 2000

**Egilsstaðir**
Bílasala Austurlands
Fagradalsbraut 21-23
Sími 471 3005

**Akureyri**
Bílasalan ÓS
Njarðarnesi 1
Sími 462 1430

**Reykjanesbær**
Bílahornið hjá Sissa
Brekkustíg 38
Sími 420 3300

**CAPTIVA** er glæsilegur sportjeppi sem tekið er eftir. Bíllinn er hannaður til að mæta kröfum evrópskra ökumanna og er útkoman áberandi glæsilegur bíll. Kraftmikil túrbo dísilvél, 5 þrepa sjálfskipting og þú getur valið 5 eða 7 manna bíl. Komdu við hjá okkur, við erum á Tangarhöfðanum - Alltaf heitt á könnunni.

Chevrolet gæði
frábært verð.

CHEVROLET

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
650 **+0,53%**

**Fjöldi viðskipta:** 37
**Velta:** 153 milljónir

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **ÖSSUR** | +3,56% |
| **ATORKA** | +1,82% |
| **EIMSKIP** | +1,50% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **CENTURY AL.** | -7,46% |
| **BAKKAVÖR** | -0,68% |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR:** **223,04** -0,14

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,95 +0,00% ... Atorka 0,56 +1,82% ... Bakkavör 4,39 -0,68% ... Eimskipafélagið 1,35 +1,50% ... Exista 4,62 +0,00% ... Icelandair Group 13,30 +0,00% ... Kaupþing 0,00 +0,00% ... Marel Food Systems 76,40 +1,33% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 7,08 +0,00% ... Össur 93,00 +3,56%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# FME rannsakar stjórnarsamþykkt

„Fjármálaeftirlitið er að fara yfir hvort myndast hafi tilkynningaskylda við þessa athöfn,“ segir Íris Björk Hreinsdóttir, upplýsingafulltrúi Fjármálaeftirlitsins.

Þar vísar hún til samþykktar stjórnar gamla Kaupþings frá 25. september. Þar voru persónulegar ábyrgðir starfsmanna af lánum sem þeir höfðu fengið til hlutabréfakaupa felldar niður.

Hlutabréf í Kaupþingi voru keypt fyrir lán í sama banka. Bréfin voru sett í veð fyrir lánin, en þau urðu verðlaus þegar Kaupþing fór í þrot.

Starfsmenn og stjórnendur höfðu fengið tæpa 37 milljarða króna að láni hjá bankanum.

Lögfróðir menn sem Fréttablaðið ræddi við telja að gera hefði átt regluverði Kaupþings viðvart um þetta. Menn greinir þó á um þetta. Helgi Sigurðsson, yfirlögfræðingur bankans, sagði í blaðinu í gær að ákvörðun stjórnarinnar hefði byggst á áliti frá sér og væri á sína ábyrgð. Málið hafi ekki varðað regluvörðinn.




**FYRRUM STJÓRNENDUR** Fjármálaeftirlitið skoðar niðurfellingu persónulegra ábyrgða á lánum starfsmanna bankans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fréttablaðinu hefur einnig verið bent á að ef málið varði ekki tilkynningaskyldu, þá kunni það að varða starfskjarastefnu bankans. Henni verði ekki breytt nema með samþykki hluthafafundar.

Starfsmenn Kaupþings, nýja og gamla, hafa óskað eftir því að stjórnarsamþykktin verði ógilt. Þeir fara fram á að lánin verði innheimt í samræmi við almennar reglur bankans. **- ikh**

# Færri kaupa bíla í Evrópu

Færri keyptu bíla í síðasta mánuði en á sama tíma í fyrra. Samdrátturinn nemur 15,5 prósentum á milli ára.

Þetta kemur fram í gögnum markaðsrannsóknarfyrirtækisins J.D. Power Automotive.

Samdráttur í einkaneyslu í kjölfar fjármálakreppunnar og erfiðleikar tengdir fjármögnun skýra sölutregðuna, samkvæmt gögnunum. Mjög hefur dregið úr sölu bíla í Þýskalandi, í Bretlandi og Frakklandi en minna á Ítalíu og Spáni.

Fyrirtækið reiknar með lítilli sölu út árið og allt að ellefu prósenta samdrætti á næsta ári. **- jab**

# Óvíst að útlendingar felli gengið

**Stöður útlendinga í krónunni eru að mestu í ríkis- og innstæðubréfum, segir greiningardeild Kaupþings. Þeir eigi upp undir 450 milljarða króna í íslenskum bréfum. Svonefnd krónubréf verða ekki mesta ógnunin við gengið, þegar krónan fer á flot. Óvíst er að menn losi sig úr öllum krónustöðum strax.**

Greiningardeild Kaupþings ætlar að nokkur þrýstingur geti myndast á sölu á krónum þegar gengið fer á flot. Hins vegar gerir deildin ráð fyrir að aðeins hluti af krónubréfum og öðrum eignum útlendinga hér á landi fari.

Fram kemur í nýju riti deildarinnar, Fleyting krónunnar, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, að heildarfjárhæð sem útlendingar eiga í íslensku krónunni sé á bilinu 350 til 450 milljarðar króna.

Útistandandi svonefnd krónubréf séu nú um 300 milljarðar króna. Um helmingur þess sé hins vegar ekki ógn við gengi krónunnar, þar sem sá hluti sé fjármagnaður með gjaldmiðlaskiptasamningum. Hættan gagnvart genginu sé fólgin í þeim hluta bréfanna sem hafi verið tryggður með kaupum á innstæðubréfum Seðlabankans.

Helsta ógnunin við gengið séu stórar stöður útlendinga í íslenskum nafnvaxtabréfum og innistæðum. Greiningardeildin metur það svo að þetta nemi í heildina 350 til 450 milljörðum króna; um 120 milljarðar í innstæðubréfum og 200 til 250 milljarðar í ríkisskuldabréfum. Um 150 milljarðar af því eru vegna krónubréfanna.

Ákveði fjárfestar að losa stöður sínar um leið og krónan fer á flot, megi búast við verulegri gengislækkun á meðan.

Hins vegar ætti að vera hægt að mæta þessu með gjaldeyrisforðanum. Færu allir erlendir fjárfestar út á sama tíma og enginn annar gjaldeyrir kæmi inn í landið á sama tíma, megi ætla að tveir til þrír milljarðar evra af gjaldeyrisforðanum gætu farið í þetta. Menn vildu hins vegar síður nota forðann til þessara hluta, heldur frekar sem sýnilegan stuðning. Til samanburðar sé þess vænst að Íslendingar hafi sex til átta millarða evra tiltæka í forða.

Einnig kynni að fara svo, að til dæmis lífeyrissjóðir eða aðrir innlendir fjárfestar gætu selt erlend skuldabréf og keypt íslensk. Verði krónan ódýr og verð skuldabréfanna lágt, gætu ákveðin tækifæri verið fólgin í kaupum.

Þá sé ekki víst að menn færu út úr stöðum sínum fyrr en á gjalddaga. Þeir séu margir ekki fyrr en á næsta ári.

Greiningardeild Kaupþings býst við „veikingarskoti“ sem gæti staðið í nokkrar vikur eða mánuði, en eftir það styrkist gengið að nýju og verði sterkara en nú, þótt það verði lágt í sögulegu samhengi.

Selji erlendir fjárfestar sig út úr krónunni, stýrist gengi hennar í meira mæli en áður af vöru- og þjónustuviðskiptum. Afgangur af utanríkisviðskiptum sé fyrirsjáanlegur og muni styðja við krónuna. **ingimar@markadurinn.is**

**Krónubréf, ríkisskuldabréf og innstæður erlendra aðila í samanburði við væntanlegan gjaldeyrisforða Seðlabankans.**







ENN BETRI REYKJAVÍK

**Reykjavíkurborg leitar að kraftmiklum samstarfsaðilum á sviði forvarna, lýðheilsu og fegrunar í hverfum borgarinnar**

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Forvarna- og framfarasjóði Reykjavíkurborgar. Markmið sjóðsins er að styrkja forvarnarstarf, efla félagsauð, auka öryggi og bæta umgengni.

**Að þessu sinni verður sérstök áhersla lögð á skapandi og uppbyggileg verkefni fyrir börn og unglinga.**

Umsóknarfrestur er til og með 27. nóvember 2008.

Við lýsum eftir nýstárlegum hugmyndum að verkefnum frá einstaklingum, fyrirtækjum, félagasamtökum eða stofnunum. Margvísleg verkefni koma til greina en þau verða að fela í sér minnst eitt af eftirfarandi:

- Forvarnir í þágu barna og ungmenna
- Eflingu lýðheilsu
- Aukið öryggi íbúa
- Fegurri ásýnd hverfis
- Markvisst samstarf íbúa, félagasamtaka, fyrirtækja og borgarstofnana í þágu forvarna og félagsauðs

Verkefnin skulu unnin í samstarfi við þjónustumiðstöðvar í hverfum og/eða fagsvið borgarinnar. Upplýsingar um úthlutunarreglur og umsóknareyðublöð er að finna á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/ennbetri

Frekari upplýsingar veita Regína Ásvaldsdóttir skrifstofustjóri skrifstofu borgarstjóra í síma 411 4500, regina.asvaldsdottir@reykjavik.is og Hans Orri Kristjánsson verkefnisstjóri á skrifstofu borgarstjóra í síma 411 4506, hans.orri.kristjansson@reykjavik.is

Umsóknum er hægt að skila á netfangið ennbetri@reykjavik.is eða í Ráðhús Reykjavíkur merkt „Enn betri Reykjavík“.

Reykjavíkurborg


# Promens semur við Rússa

„Það eru mikil tækifæri í fisk- og kjötiðnaði í Rússlandi,“ segir Hilmar Guðmundsson hjá Promens á Dalvík.

Félagið hefur hefur selt eitt þúsund ker til síldarverksmiðju þar.

Hilmar segir að samningurinn nemi hátt í tíund af ársveltunni á Dalvík. Þegar sé byrjað að framleiða upp í samninginn og hann geri ráð fyrir að því verði lokið í janúar.

Hann segir að nú sé fimm ára markaðsstarf í Rússlandi farið að bera árangur. „Markaður eins og Rússland býður upp á gríðarlega möguleika. Ekki síst er þetta mikilvægt á þessum tímum, þegar öll gjaldeyrisöflun skiptir þjóðarbúið verulegu máli.“ **- ikh**



**HÖFUÐSTÖÐVAR KFW** Þjóðverjar áttu kröfu upp á 16 milljarða evra í íslensku bönkunum í júnílok. FRÉTTABLAÐIÐ/KFW

# Þjóðverjar tapa á Íslandsdílum

Líklegt er að þýski þróunarbankinn KfW tapi nokkuð á viðskiptum sínum við íslensku bankana, sem ríkið tók yfir í síðasta mánuði.

Heildarkrafa KfW á bankana nemur 288 milljónum evra. Á meðal þess eru fyrirtækjalán til gamla Glitnis upp á 150 milljónir evra og kaup á skuldabréfum bankanna þriggja upp á 138 milljónir. KfW hefur nú lagt 98 milljónir evra til hliðar á móti hugsanlegu tapi.

Formælandi bankans staðfestir þetta í samtali við fréttastofu Bloomberg en bætir við að stjórnendur bankans telji líkur á að fá stærstan hluta krafna til baka. **- jab**




# NÝ BÓK EFTIR YRSU!



Ekkert samband næst við tvo Íslendinga í einangruðum rannsóknarbúðum á Norðaustur Grænlandi. Þóra Guðmundsdóttir lögmaður, sem lesendur þekkja úr fyrri bókum Yrsu Sigurðardóttur, tekur þátt í leiðangri sem gerður er til að kanna aðstæður. Hvaða óhugnanlegu atburðir hafa átt sér stað þarna úti í auðninni?

**Mögnuð glæpasaga** eftir **Yrsu Sigurðardóttur** en bækur hennar koma nú út á **meira en 30 tungumálum í yfir 100 löndum.**

Veröld

Bræðraborgarstíg 9

DYNAMO REYKJAVÍK

# skoðun

*greinar@frettabladid.is*

Frændþjóðir treysta ekki Íslendingum

## Neyðaraðstoð í uppnámi

**STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR**

Nú eru liðnir 33 dagar frá því að neyðarlög voru sett á Íslandi vegna yfirvofandi efnahagshruns. Strax þá hafði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn verið nefndur til sögu þótt ekki væri staðfest fyrr en tæpum þremur vikum síðar að leitað yrði til hans um aðstoð. Síðan eru aftur liðnar tvær vikur. Aðstoðin við Ísland er ekki komin á dagskrá stjórnar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, og enn bíður þjóðin örlaga sinna.

Sú pattstaða sem virðist komin upp varðandi liðveislu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er grafalvarleg. Lánið frá sjóðnum virðist vera lykillinn að viðreisn efnahagslífsins á Íslandi. Aðkoma hans skiptir sköpum bæði um lengd og dýpt þeirrar fjármálakreppu sem nú stendur og engan veginn sér fyrir endann á.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær felst pattstaðan í því að meðan Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn bíður, að sögn forsætisráðherra, eftir vilyrði um lán frá frændþjóðum okkar á Norðurlöndum, bíður sænski seðlabankinn, sem Norðurlandaþjóðirnar hafa valið sér til forystu í málefnum Íslands, eftir niðurstöðu stjórnar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Norðurlöndin munu í kjölfar þeirrar niðurstöðu taka ákvörðun um samnorræna aðstoð, að sögn fulltrúa sænska seðlabankans.

Ísland er trausti rúið í alþjóðasamfélaginu. Grannþjóðirnar treysta sér ekki til að lána Íslendingum fé ef ekki liggur fyrir að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn komi til aðstoðar.

Það hlýtur að vera Íslendingum áfall að bræðraþjóðirnar á Norðurlöndum skuli ekki treysta sér til að veita Íslendingum skilyrðislausan stuðning og vekur óneitanlega til umhugsunar um norrænt samstarf og gildi þess. Menningarleg tengsl okkar við nágrannaþjóðirnar liggja fyrir og þau tengsl ber að rækta áfram sem hingað til. Hins vegar virðist, þegar á hólminn er komið, lítið pólitískt hald vera í norrænu samstarfi.

Langt og strangt endurreisnarstarf bíður okkar Íslendinga. Líklega á íslenska krónan sér ekki viðreisnar von þannig að ljóst er að sú endurreisn getur ekki orðið nema með sterkari gjaldmiðli.

Bið hefur sett svip sinn á undangengnar vikur og svo virðist sem þjóðin muni halda áfram að bíða enn um sinn. Ekki mun liggja fyrir fyrr en í næstu viku hvort Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn kemur til aðstoðar.

Óvissa og bið undanfarinna vikna hefur verið mörgum þung í skauti. Það er þjóðinni afar brýnt að draga eftir föngum úr þessari óvissu. Forsætisráðherra segist fullviss um að lán fáist og þar af leiðandi komi til aðstoðarinnar frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Óskandi væri þó að tími vangaveltna um það hvort til aðstoðarinnar komi eða ekki væri liðinn og tími raunverulegra yfirlýsinga sem hald er í runninn upp. Fyrr en það gerist fæst engin viðspyrna.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Aumir tímar**

Stjórn enska knattspyrnufélagsins West Ham, sem enn er í eigu Björgólfs Guðmundssonar, hefur ákveðið að bjóða Barack Obama í heimsókn á Upton Park, heimavöll liðsins, næst þegar forsetinn verðandi á leið um Lundúnaborg. Obama er sagður hafa stutt West Ham síðan hann sá leik á Upton Park árið 2003, en hálfsystir hans, Auma, býr í London og er gift stuðningsmanni liðsins. Hafa gárungar þjóðarinnar, sem farið hafa mikinn síðustu vikur, grínast með að næst verði það því ekki einungis Auma systir sem fær heimsókn frá Obama í London, heldur auma fótboltaliðið í borginni líka.



**Breyttir tímar**

Það gerist nánast aldrei að téðum gárungum, þeirri bragðvísu þjóðfélagsstétt, verði orða vant. Eftir atvikarunu gærdagsins, þar sem forsætisráðherrann Geir H. Haarde hafði ekkert heyrt af láni frá Pólverjum fyrir hádegi, sagði að ekkert yrði af slíku láni um miðjan dag, og staðfesti svo tilvist lánsins um eftirmiðdaginn, brá svo við að aldrei þessu vant heyrðist ekki múkk í gárungum. Líklegt þykir að öll þessi frábæru tilefni til spaugs, sem komu upp með örstuttu millibili, hafi hreinlega orsakað djók-ofhleðslu.

**Nýir tímar**

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra boðaði nýja tíma í umræðum á Alþingi 15. október. Í hinu nýja Íslandi yrði allt breytt og í engu yrði „farið eftir helmingaskiptareglum síðustu aldar“ þegar kæmi að því að skipa í bankaráð ríkisbankanna. Í gær kom í ljós að ráðherra hafði hárrétt fyrir sér. Í stað þess að Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur skiptu með sér meirihluta í helmingaskiptum, eins og á síðustu öld, eru það nú Sjálfstæðisflokkur og Samfylkingin.



**kjartan@frettabladid.is**
**kolbeinn@frettabladid.is**

# Fjárfestum í mannréttindum

Undanfarið höfum við orðið vitni að miklum sviptingum á fjármálamörkuðum og teikn eru á lofti um efnahagsþrengingar og spurningar vakna um áhrif þeirra á líf og afkomu fólks. Mikil reiði hefur ríkt hér á landi í kjölfar frystingar eigna íslensks fjármálafyrirtækis í Bretlandi. Reiðin tengist því að aðgerðirnar voru heimilaðar á grundvelli hryðjuverkalaga.

Undanfarin ár hafa fjölmörg lönd sett lög um aðgerðir gegn hryðjuverkum. Mannréttindasamtökin Amnesty International eru gagnrýnin á ýmis ákvæði slíkra hryðjuverkalaga og heimildir sem standast ekki alþjóðlegar mannréttindaskuldbindingar. Amnesty International hefur bent á hættuna á misnotkun slíkra laga. Þúsundir manna sitja nú í fangelsum á grundvelli hryðjuverkalaga, t.d. í fangabúðunum í Gvantanamó. Sú staðreynd að ákvæði í hryðjuverkalöggjöf Breta hefur nú verið beitt gegn íslensku fyrirtæki sýnir enn og aftur að gagnrýni Amnesty International er á rökum reist.

Um miðjan október 2008 fór fram önnur umræða á Alþingi um frumvarp til breytinga á hegningarlögum. Þar er m.a. að finna mjög víðtækar heimildir til eignaupptöku. Íslandsdeild Amnesty Internationa gagnrýndi frumvarpið m.a. fyrir óljósaa skilgreiningu hugtaksins hryðjuverk. Löglegt andóf getur vegna loðins orðalags frumvarpsins fallið undir hryðjuverk. Alþingi verður að tryggja að hið íslenska frumvarp verði þannig úr garði gert að engin hætta sé á misbeitingu laganna.

**Mannréttindi og fjármálakreppan**

Mannréttindasamtök hafa hvatt ríkisstjórnir og viðskiptaheiminn til að huga betur að neikvæðum áhrifum hins alþjóðlega efnahagskerfis sem hefur vaxið gífurlega undanfarin ár. Áhrifum sem harðast koma niður á fátækum. Athugasemdirnar náðu því miður ekki eyrum þeirra sem réðu för.



**JÓHANNA K. EYJÓLFSDÓTTIR**

**Í DAG** | Mannréttindi og fjármálakreppa

Amnesty International hefur barist lengi fyrir bindandi alþjóðlegum samningi um mannréttindaskyldur fyrirtækja og fjármálastofnana. Uppkast slíks samnings er fyrir hendi en skort hefur pólitískan vilja til að samþykkja hann.

Í septemberlok, þegar fjármálafyrirtæki riðuðu til falls, var haldinn fundur í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna, þar sem fram kom að fá ríki munu ná þúsaldarmarkmiðum samtakanna um að draga úr fátækt fyrir árið 2015. Á þeim fundi kom fram að verðhækkun á mat og orku hefur þurrkað út þann litla árangur sem þó hafði náðst.

Viðbrögð yfirvalda víða um heim við fjármálakreppunni hafa miðað að því að bjarga fjármálafyrirtækjum. Nýlega veittu bandarísk yfirvöld tryggingafyrirtæki 123 milljarða dollara til að bjarga því fyrir horn, upphæð sem er helmingi hærri en þarf til að ná þúsaldarmarkmiðum SÞ. Evrópuríki hafa líka veitt milljörðum til endurfjármögnunar bankastofnana. Hin skjótu viðbrögð eru í fullkomnu ósamræmi við þann hægagang sem einkennt hefur allar aðgerðir ríkisstjórna síðustu sextíu ár varðandi uppfyllingu mannréttindaloforða.

Hinn 10. desember eru 60 ár frá samþykkt Mannréttindayfirlýsingar SÞ. Markmið mannréttinda er að skapa samfélag þar sem fólk nýtur málfrelsis, trúfrelsis og óttaleysis um líf og afkomu. Nú þegar fjármálakerfi heimsins riðar til falls þurfa allar aðgerðir að byggja á mannréttindum og leiðum til að uppfylla þau.

Ríkisstjórnir heims hafa dregið lappirnar við að tryggja öll mannréttindi. Í ljósi þess ástands sem nú hefur skapast í heiminum í kjölfar fjármálakreppunnar er brýnt að allsherjarþing SÞ samþykki að opnuð verði kæruleið við alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og þannig tryggð aukin vernd gegn brotum á réttindum fólks til vinnu, heilsu, menntunar, húsnæðis, fæðis, félagslegs öryggis, viðunandi lífsafkomu og þátttöku í menningarlífi.

**Fórnum ekki mannréttindum**

Sagan sýnir að efnahagslegir erfiðleikar geta leitt til alvarlegra skerðinga mannréttinda. Nú þegar berast fréttir m.a. frá Ástralíu og Bretlandi um hertar aðgerðir gegn innflytjendum. Áhrif slíkra aðgerða eru margþætt, ekki síst í upprunalöndum innflytjenda þar sem fjölskyldur reiða sig á peningasendingar. Önnur hætta hertra aðgerða gegn farandverkafólki og innflytjendum er rasismi, þjóðernishyggja og mismunun í móttökulöndum. Reynslan sýnir að niðursveifla í efnahag landa leiðir oft til félagslegs óróa, aukinna mótmæla og andófs gegn yfirvöldum. Við slíkar aðstæður er hætta á auknu eftirliti, strangari reglum og skerðingu mannréttinda. Mannréttindi eru ekki munaður í góðæri. Mannréttindi eru fyrir alla – alltaf.

Viðbrögð yfirvalda um allan heim við þeim efnahagslegu þrengingum sem virðast vera yfirvofandi verða að tryggja að mannréttindi verði ekki fyrir borð borin. Fjárfestum í mannréttindum og byggjum samfélag sem hefur Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International.*

# Varnarmál á villigötum

**UMRÆÐAN**

Þórarinn V. Þórarinsson skrifar um varnarmál

Árás hryðjuverkasamtakanna Al Kaída á Tvíburaturnana í New York 11. september 2001 hafði það markmið að lama fjármálakerfi Bandaríkjanna og þar með Bandaríkin. Þetta tókst ekki. Atlaga bresku ríkisstjórnarinnar í skjóli bresku hryðjuverkalaganna að íslensku bönkunum í október 2008 hafði ekki að markmiði að lama efnahagsstarfsemi á Íslandi. Hún varð samt áhrifaríkari.

Við blasir algert hrun stærstu atvinnugreinar þjóðarinnar, eyðing verðmæta sem svarar ævisparnaði heillar kynslóðar og vitfirrt skuldsetning í áður óþekktum mæli. Margir þættir stuðluðu að falli íslensku bankanna, en innrás breskra stjórnvalda í Singer and Fridlander-bankann, dótturfélag Kaupþings, réð úrslitum um að engu varð bjargað. Eftir stendur efnahagur þjóðar sem rjúkandi rúst, einstaklinga og fyrirtækja. Við þessar aðstæður er beinlínis martraðarkennt að heyra forsætisráðherrann árétta ásetning sinn um að fá breska herinn til að koma hingað til lands í byrjun jólaföstu til þess að „halda uppi eftirliti með lofthelginni“ og það í boði og á kostnað okkar Íslendinga.



**ÞÓRARINN V. ÞÓRARINSSON**

Það hefur vafist fyrir mörgum að finna réttlætingu þess að leggja 1.500 milljónir króna í starfsemi Varnarmálastofnunar. Einkum hefur sú óvinaþjóð þótt vandfundin sem líklegt væri til að sækja okkur Íslendinga heim með hervaldi. Við töldum okkur eiga traust samband við öll nálæg ríki. Það breyttist með aðgerðum bresku ríkisstjórnarinnar, sem enn herjar á íslenskt þjóðarbú með fjárkröfum sem eru meiri en sigursælir stríðsherrar hafa gert á hendur sigruðum þjóðum á síðari tímum. Við þurfum því að verjast Bretunum og þar duga ekki stríðstól til, allra síst þau bresku.

Forsætisráðherra þarf að skilja, að boð til breska hersins um að koma hingað til lands og leika loftvarnir á jólaföstu, er viðlíka fjarstæða og að Bandaríkjamenn bæðu Al Kaída að annast loftvarnir yfir New York.

*Höfundur er lögmaður.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is*
**ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

**VARGURINN** EFTIR **JÓN HALL STEFÁNSSON**

# KRÓNPRINSINN KVEÐUR SÉR HLJÓÐS



Brennuvargur gengur laus. Samfélagið logar af ótta og tortryggni. Fyrsta bók Jóns Halls, **Krosstré**, kom út fyrir þremur árum og vann höfundi sínum titilinn **Krónprins íslensku sakamálasögunnar.** Þýðingarrétturinn á Krosstré var seldur til 6 landa og **Vargurinn kemur brátt út í Þýskalandi.**

JÓN HALLUR STEFÁNSSON

BJARTUR
Bræðraborgarstíg 9

DYNAMO REYKJAVIK




„VEL SKRIFUÐ GLÆPASAGA."
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR, KILJAN.

# Heimsækið Jólalandið í Skútuvogi



HÚSASMIÐJAN



## Kaffi Garður

Heitt súkkulaði með rjóma og íslensk smákaka
milli kl. 14:30-17:00
alla helgina **190**kr



ÍSLENSK KJÖTSÚPA
**190**kr
milli kl. 11:30-14:00
alla helgina
í Skútuvogi og á Selfossi



**ÍS 10 kr**
í Blómavali Skútuvogi




# Húsasmiðjublaðið komið út



2stk
**Jólastjarna**
**1.199**

3stk
**Erika**
**499**



enn er tími



**50%** AFSLÁTTUR



verð frá **199**

verð frá **2.243**

verð frá **4.999**



**Starlight**
hágæða útiseríur



**Díóðuseríur**
LED



**Blick**
inni- og útiseríur

**SAMA VERÐ**
ALLAR JÓLASERÍUR
Á SAMA VERÐI
OG Í FYRRA

# Allar jólaseríur á sama verði og í fyrra

---

**Píramíti**



verð frá **1.999**



**2.999**

**Sería**
48 ljósa, 4,8 m
2700048



**Net**
100 ljósa,
170x200 sm
5899325

**5.290**



**Jólahreindýr**
úti, IP44
2713354

**4.999**

**Píramíti**



verð frá **1.199**

---

## Græjurnar
á betra verði

**7.999**



**Þríhyrningsjuðari**
135x95 mm, 55W, fylgihlutir 25 stk
5245803

**2.999**
~~4.995~~



**Verkfærasett**
Cosmos, 100 stk
5052760

**4.999**



**Höggborvél**
DWT, 500W, borar fylgja
5245280

blómaval

# Valmöguleikar eru fyrir hendi í gengismálum

UMRÆÐAN
Heiðar Már Guðjónsson og Ársæll Valfells skrifa um gengismál



HEIÐAR MÁR GUÐJÓNSSON



ÁRSÆLL VALFELLS

Í núverandi árferði er mikilvægt að búa til festu. Hún fæst ekki með óbreyttu gengisfyrirkomulagi. Ætlun Seðlabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF) er að setja krónuna aftur á flot, en til þess þurfa þeir að stórefla gjaldeyrisforðann. Í því skyni er ætlunin að Seðlabankinn fái sex milljarða dollara lán. Ekki hefur komið fram til hve langs tíma lánið er. Lán þarf að endurgreiða. Í ætlun Seðlabankans og IMF felst ákveðin áhætta. Áhættan felst í því að ef ekki tekst að endurvekja traust á krónunni munu þeir, sem eiga krónur, reyna að skipta þeim eins hratt og mögulegt er fyrir gjaldeyri en ekki vilja skipta gjaldeyri aftur yfir í krónur. Þá sæti ríkið eftir skuldsett og áfram með ótrúverðugan gjaldmiðil.

**Önnur leið**

Einn valkostur er þó til staðar í núverandi stöðu. Það er einhliða upptaka á mynt. Þá leið er hægt að framkvæma með mun minni gjaldeyrisforða. Sá forði sem nú er í Seðlabankanum er um það bil tveir milljarðar evra (gert er ráð fyrir tapi af láni til Kaupþings með veði í FIH í Danmörku og svo útstreymi síðustu vikna). Sá forði ætti að duga vel fyrir skiptunum. Að framansögðu gefnu myndi við skiptin jafnvel losna um dágóða fjárhæð, gróft áætlað um 100 milljarða íslenskra króna, sem sæti eftir í kassa ríkissjóðs.

**Fordæmi fyrir einhliða upptöku**

Einhliða upptöku annars gjaldmiðils er oft ruglað saman við fastgengisstefnu (currency board). Með fastgengisstefnu er átt við að þjóðríkið viðhaldi eigin gjaldmiðli áfram og miði verðmæti gjaldmiðilsins við gjaldeyrisforða. Sú leið var farin í Argentínu og árangur hennar umdeildur. Með upptöku gjaldmiðils felst aftur á móti afnám gengisstefnu með öllu og afsal stjórnar peningamála til annars seðlabanka. Útgáfu innlendrar myntar er þar með hætt. Sú leið var farin í El Salvador og Ekvador árið 2000-2001. Í heild eru það níu sjálfstæð ríki í heiminum sem nota bandaríkjadollar sem lögeyri. Þess má einnig geta að utan Evrópusambandsins eru sex smáríki sem nota evru sem sinn gjaldmiðil.

Fræðilega má segja að á Íslandi sé til fordæmi fyrir því að skipta út öllum seðlum og mynt í umferð. Það var gert þegar slegin voru af þrjú núll í byrjun níunda áratugarins. Það var mun flóknari aðgerð en sem felst í einhliða upptöku á gjaldmiðli. Ástæðan er að íslenskt fjármálakerfi er mjög rafvætt og lítið af seðlum og mynt í umferð. Íslenska bankakerfið og fjármálakerfið er mjög sjálfvirkt og sumir hagfræðingar hafa rætt þann möguleika að sleppa pappír og mynt í kerfinu með öllu.

**Hvernig eru skiptin framkvæmd?**

Íslandsvinirnir Daniel Gros og Manuel Hinds hafa báðir komið hingað til lands og lýst hvernig slík skipti fara fram. Daniel framkvæmdi upptöku á evrum í Svartfjallalandi að beiðni forseta landsins. Manuel stýrði upptöku á dollar fyrir El Salvador þegar hann var fjármálaráðherra þess. Ferlið var einfalt.

Fyrst þurfti að sjá til þess að nóg framboð væri af seðlum og mynt í hinum nýja gjaldmiðli. Að lokum var haft samband við IMF og honum tilkynnt um skiptin. Þetta var undirbúningsferlið og tók nokkrar vikur. Síðan var ákveðinn dagur og stund. Eftir þann tíma yrði allt bankakerfið skipt yfir í hina nýju mynt á föstu gengi. Fast gengi var ákveðið út frá því að það væri hagstætt framleiðslu og útflutingsgreinum. Síðan var ákveðið að skuldaviðurkenningar til skamms tíma (t.d. ávísanir) yrðu gildar í 3 mánuði frá skiptunum í hinni eldri mynt en seðlar og aurar í allt að 6 mánuði. Lögskipað var að öll verð í landinu væru birt í nýju og gömlu myntinni í 6 mánuði eftir að skiptin hófust. Bankar fengu 3ja mánaða frest til að laga vaxtatöflur sínar að hinni nýju grunnmynt og vaxtastigi hennar.

**En hvað kosta skiptin?**

Í umræðu um upptöku gjaldmiðils er oft nefnt að kaupa þurfi svo mikið af hinni nýju mynt að það skapi vandamál. Hið rétta er að flestir seðlabankar heims eiga miklum mun meira af gjaldeyrisforða en nemur grunnmynt samfélagsins. Í tilfelli Íslands er það svo að seðlar og mynt í umferð eru lítið brot af gjaldeyrisforða Seðlabankans. Grunninnstæður eru aðeins um helmingur af gjaldeyrisforða Seðlabankans. Skv. útreikningum Manuel Hinds í október 2007, hefði Seðlabanki Íslands átt eftir um 700 milljónir evra af forða sínum eftir að hafa skipt út öllum seðlum og mynt og grunninnistæðum bankakerfisins. Grunninnistæður skipta hér einungis máli því bankakerfi viðkomandi lands sér um að margfalda peningana í umferð. Til útskýringar:

Einstaklingur A leggur inn í banka 100 evrur sem bankinn lánar einstaklingi B.

Einstaklingur B kaupir eitthvað fyrir 100 evrur af einstaklingi C.

Einstaklingur C leggur inn 100 evrur sem bankinn lánar einstaklingi D.

Einstaklingur D kaupir eitthvað fyrir 100 evrur af einstaklingi E o.s.frv.

Það þarf því ekki að skipta út heildarumsvifum bankakerfisins, heldur aðeins grunninum, því margföldunin á sér stað með framangreindum hætti.

Skiptin á Íslandi kalla því ekki á 6 milljarða dollara lán heldur skila í raun afgangi af núverandi gjaldeyrisforða eins og Hinds bendir á.

**Pólitísk viðbrögð**

Í EES-samningnum er einungis kveðið á um að ríkin skuli halda hvert öðru upplýstu um breytingar á peningamálastefnu sinni en í næstu grein er sérstaklega tiltekið að slík mál falli utan samningsins. Einhliða upptaka annars gjaldmiðls brýtur því ekki EES-samninginn. Betra er þó að hafa IMF og viðeigandi seðlabanka með í ráðum. Formlegt samþykki þeirra er ekki nauðsynlegt því að gjaldeyrir sem íslenska ríkið hefur keypt á markaði er eign þess. Enginn getur bannað Íslendingum að nota hann í viðskiptum innan landsins.

**Hagfræðikenningar í fortíð og nútíð**

Þegar hagfræðingar ræða kosti þess að hafa sjálfstæða peningastefnu, eru oftast þrjár ástæður gefnar. Í fyrsta lagi viðskiptalegar, þ.e. hægt er að hafa áhrif á gengi gjaldmiðils til að hygla útflutningi og hamla innflutningi og þannig tempra hagsveiflur út af ytri áföllum. Í öðru lagi eru fjármálalegar ástæður og þá helst möguleiki Seðlabanka til að prenta peninga og ákveða sjálfur verð þeirra. Peningaprentun býr til tekjur fyrir ríkið (verðbólguskattur) samkvæmt þessum kenningum en á einnig að tryggja greiðsluhæfi fjármálakerfisins innanlands ef snögglega dregur fyrir fjárstreymi erlendis frá. Með þessu getur seðlabanki viðkomandi lands orðið verndari fjármálakerfisins (lender of last resort) og leyst úr lausafjárvanda innlendra fjármálastofnana.



*Sá forði sem nú er í Seðlabankanum er um það bil tveir milljarðar evra.... Sá forði ætti að duga vel fyrir skiptunum. Að framansögðu gefnu myndi við skiptin jafnvel losna um dágóða fjárhæð, gróft áætlað um 100 milljarða íslenskra króna, sem sæti eftir í kassa ríkissjóðs.*

Margar hagfræðikenningar sem enn er stuðst við í peningamálum, svo sem þær sem minnst er á hér að ofan, eiga oft upptök sín hjá Keynes eða eru eignaðar honum. Á tíma Keynes voru viðskipti með gjaldeyri nánast eingöngu vegna vöruviðskipta. Þá þurfti mikið að hafa fyrir gjaldeyrisviðskiptum og höft ríktu í milliríkjaviðskiptum. Engar alþjóðlegar fjármálastofnanir, eins og við þekkjum í dag, voru þá til.

Eftir seinna stríð var reynt að einfalda og samræma gjaldeyrismarkað og voru peningar bundnir við gull í svokölluðu Bretton Woods samstarfi. Það samstarf leið undir lok í forsetatíð Richard Nixon, því verðmæti bandaríkjadals gagnvart gulli féll þegar Bandaríkin prentuðu seðla til að fjármagna Vietnam stríðsrekstur-inn.

Við tók að gjaldeyrir var keyptur og seldur á mörkuðum og verðmæti hans ákvarðað af markaðsaðilum. Vöxtur fjármálakerfisins og framþróun í tölvu- og upplýsingatækni jók umfang viðskipta með gjaldeyri og viðskiptakostnaður hefur lækkað stórkostlega. Nú geta flestir átt viðskipti með gjaldeyri, skuldsett sig í mismunandi myntum og fjárfest óháð myntum. Hraði þessara viðskipta hefur margfaldast með tilkomu rafrænna viðskipta. Í dag er agnarsmár hluti af 3200 milljarða dollara daglegri veltu á gjaldeyrismörkuðum tengdur vöruviðskiptum, ólíkt því sem áður var. Eðli markaðarins hefur því breyst.

En hver hefur reyndin verið á núverandi fyrirkomulagi gjaldeyrisviðskipta í ljósi framangreindra hagfræðikenninga? Fyrstu rökin, um að með gengisfellingu væri hægt að rétta úr hagkerfinu eftir ytri áföll, hafa verið gagnrýnd. Gagnrýnin felst í því að í nútíma hagkerfi eru fjármálakerfi mun þýðingarmeiri en áður var. Gengisfellingar hafa vissulega áhrif á einstaklinga og fyrirtæki viðkomandi lands, en áhrifin sem gengisfellingar hafa á fjármálakerfið eru enn meiri. Ávinningur gengisfellinga í sögulegu ljósi er því mjög takmarkaður og mögulegt tap fjármálakerfisins er meira en ávinningur útflutningsgreina. Gengissveiflur búi ennfremur til kostnað vegna þess að með gengissveiflum verði áætlanir erfiðari. Gengissveiflur geta einnig dregið úr vilja fjármálastofnana til að veita lánsfé til langs tíma.

Seinni rökin, um að seðlabanki viðkomandi lands gæti varið landið fjármálakreppum með prentun seðla, hafa einnig sætt gagnrýni. Vegna alþjóðavæðingar fjármálakerfisins eru bankar, fyrirtæki og einstaklingar með skuldbindingar og eignir í öðrum myntum og því er erfiðara að bjarga þeim með innlendri peningaprentun. Svo lengi sem fyrirtæki og stofnanir viðkomandi lands geta ekki fjármagnað sig alþjóðlega í eigin mynt er hætta á óstöðugleika sem innlend seðlaprentun getur ekki bjargað.

Þriðju rökin, sem snúa að skattheimtu ríkisins af peningaprentun, mega sín lítils í dag. Þessi skattheimta er alla jafna brot úr prósenti af landsframleiðslu hvers árs. Skattheimta af útlendingum sem nota peningana er léttvæg nema þegar um stærstu myntir heims er að ræða.

**En hvað með hagstærðirnar?**

Með upptöku annars gjaldmiðils er verið að tengja land inn á efnahagssvæði gjaldmiðilsins. Verðbólga og viðskiptahalli skipta stjórnvöld þá ekki lengur máli því þau stýra ekki lengur peningamagni í umferð og bera enga ábyrgð á verðlagi. Til skýringar þá kemur engum til hugar að velta því fyrir sér hvort Selfoss sé með jákvæðan eða neikvæðan viðskiptahalla innan efnahagssvæðisins Íslands.

Klassískar hagfræðikenningar um gjaldmiðla sem smíðaðar voru í hálflokuðum kerfum fortíðar hafa sætt gagnrýni fyrir að lýsa illa opnum hagkerfum nútímans. Nóbelsverðlaunahafinn Robert Mundell hefur velt þeirri spurningu upp hvort hagkvæmasta framtíðarskipan gjaldmiðla felist í því að í heiminum verði einungis til þrír gjaldmiðlar, Asíumiðill, Ameríkumiðill og evrumiðill.

Hvort sem lán fæst hjá IMF eður ei er upptaka gjaldmiðils einfaldur, ódýr og raunhæfur kostur sem hafa ber í huga við núverandi aðstæður.

*Höfundar eru framkvæmdastjóri hjá Novator og lektor við viðskipta- og hagfræðideild HÍ.*


LÁTUM HJÓLIN SNÚAST!
BÍLAOUTLET
Þú þarft ekki að bíða lengur!
NÚ SETJUM VIÐ ALLT Í GANG Á KORPUTORGI!
Ótrúleg opnunar-tilboð!!!
NÝR STAÐUR | STÆRRI SALUR | ENN BETRA VERÐ!
BÍLAOUTLET
2200 m² sýningar-salur!!!
Opið í dag til kl. 18.00
BÍLAOUTLET
Korputorgi. S: 575 12 30 | Opið: mán-fös 11-19, lau 10-18, sun 12-18 | www.bilaoutlet.is
ENNEMM / SÍA / NM35803





# Bless og takk!

Kæra Dagbók birtist nú í Fréttablaðinu í síðasta sinn og **Þráinn Bertelsson** kveður lesendur með þakklæti fyrir samfylgdina síðustu 160 vikur – og minnir á að koma tímar, koma ráð! Nú þurfum við bara að losa okkur við afæturnar eins og þjóðin hreinsaði sig af lúsinni sem saug úr henni blóðið.



## KÆRA DAGBÓK

**Þráinn Bertelsson skrifar**

**FÖSTUDAGUR, 31. OKTÓBER.**

### Sparnaðarnám í Berlín

Við frú Sólveig flugum með Iceland Express til Berlínar seinnipartinn í dag. Ánægjulegt að það skuli ekki vera búið að setja þetta flugfélag á hausinn eins og allt annað.

Ferðalagið var afar notalegt. Svaf eins og barn í flugvélinni. Frá Schönefeld-flugvelli fór svo strætó næstum heim að dyrum. Við leigjum litla íbúð í Hobrechtstrasse í Kreuzberg í fyrrum Austur-Berlín þar sem áður bjuggu einkum verkamenn en núna Tyrkir. Hér ætlum við að dvelja næstu tvær vikur okkur til hvíldar og geðheilsubótar og kynna okkur sérstaklega þýskan sparnað og nægjusemi.

**LAUGARDAGUR, 1. NÓVEMBER.**

### Einfaldar spurningar og dulspekileg svör

Áður en ég sofnaði í gærkvöldi var ég að hugsa um einfaldar spurningar sem ég hef enn þá engin svör heyrt við þrátt fyrir dulspekituldrið sem freyðir úr vitum íslenskra ráðamanna:

1. Hvað þarf þjóðin að borga miklar skuldir eftir vitleysingana þegar búið er að koma í verð þeim „eignum“ sem hugsanlega eru einhvers virði?

2. Hver verður skuldabyrðin á hvert mannsbarn á landinu og hvenær á að borga þetta?

3. Eiga sömu aðilar og tæmdu sjoppuna líka að rannsaka málið og halda áfram að sjá um reksturinn?

4. Hve miklar útflutningstekjur hefur þjóðin á ári?

Upp úr stjórnmálamönnum virðist ekki vera hægt að fá orð af viti. Ég veit ekki hvort það eru einhverjir dauðageislar í Alþingishúsinu eða önnur mengun sem ruglar þá svo að þeim virðist vera ómögulegt að setja sig í spor þess venjulega fólks sem þeir eitt sinn voru.

Það er ekki flókið að upplýsa lýðinn sem borgar þingmönnum laun og eftirlaun um hvað þjóðin skuldar mikið, hvenær og hvernig hún eigi að borga skuldina. Hvort einhverjar seljanlegir eignir komi á móti. Og hvað hún geti gert ráð fyrir að hafa miklar tekjur á ári á næstunni.

Auk þess liggja þeir þjóðarhagsmunir í augum uppi að afnema þarf vísitölutrygginguna (okrið) á húsnæðislánum, því að það er skömminni skárra að lífeyrissjóðir missi spón úr sínum aski en að gera fólkið sem borgar í þá og á þá húsnæðislaust og gjaldþrota.

**MÁNUDAGUR, 3. NÓVEMBER.**

### Öryggisgæsla á Gyðingasafni

Við búum á fimmtu hæð. Hingað upp eru 78 þrep sem maður hleypur léttilega niður á morgnana en staulast hins vegar upp á kvöldin. Maður brosir við öllum sem maður hittir bæði á leiðinni upp og ekki síður á leiðinni niður.

Öðlingurinn Tómas, útgefandi minn, hringdi og sagði að bókin mín hefði fengið fínan dóm og fjórar stjörnur í Morgunblaðinu.

Skoðuðum Gyðingasafnið við Lindenstrasse. Þar inni var mikil öryggisgæsla, svo að það er ekki að sjá að gyðingar geti lifað lífi sínu óttalaust enn þann dag í dag.

**ÞRIÐJUDAGUR, 4. NÓVEMBER.**

### Máttarvöldin, forsetakosningar og frú Sólveig

Eyddum deginum í að rápa um og fórum á fjörugan útimarkað.

Horfðum á BBC lýsa forsetakosningum í Bandaríkjunum.

Ég ákvað að fela úrslitin æðri máttarvöldum og fór að sofa en frú Sólveig hafði andvara á sér, sennilega til að máttarvöldin vissu að hún hefði auga með þeim. Svo vakti hún mig þegar máttarvöldin voru búin að sjá um sitt verkefni og sagði mér að Obama væri orðinn forseti Bandaríkjanna.

Megi nú George Bush og hans nótar, þar með taldir stórvinir hans á Íslandi, fara í fúlan pytt.

**MIÐVIKUDAGUR, 5. NÓVEMBER.**

### Boðorð dagsins

Allar fréttir að heiman eru jafndapurlegar.

Á þinginu fárast þingmenn yfir því að hafa svipaða stöðu gagnvart ráðherrum og kassastúlkur hafa gegn viðskiptavinum stórmarkaða.

Úr bönkunum berast sífellt fregnir af meira svínarií. Lykilstarfsmenn, það er að segja yfirmenn, ýmist stofnuðu hlutafélög með takmarkaða ábyrgð um hlutabréfakaup sín eða fengu skuldir sínar niðurfelldar tíu mínútum áður en bankarnir voru þjóðnýttir. Áttatíu milljarða þjófnaður hefur verið nefndur í þessu sambandi. Sama liðið stjórnar bönkunum enn þá.

Siðblinda, lygi og pukur virðast vera boðorð dagsins.

Hengilmænan sem var fjármálaráðherra þegar blaðran var blásin upp og forsætisráðherra þegar hún sprakk er skíthræddur við frekjuhundinn í Seðlabankanum – og rétt að halda því til haga að þessi snillingur er þjóðarleiðtogi í boði Samfylkingarinnar, að því er virðist eingöngu til þess að Ingibjörg Sólrún geti baðað sig í dýrð hinnar sílspikuðu utanríkisþjónustu sem kom ekki upp orði erlendis Íslandi til varnar þegar bankarnir hrundu, enda voru menn á þeim bæ enn þá aumir í óæðri endanum eftir rassskellinguna í kosningunni til öryggisráðsins.

Ljósi punkturinn er að tala við barnabörnin á Skype-inu. Litla-Sól bað okkur að kaupa handa sér plastáhöld svo að hún gæti æft sig í framtíðaratvinnu sinni. Verst að hún er ekki búin að ákveða hvort hún ætlar að verða læknir eða hárgreiðslukona. Hvort heldur sem hún ákveður vona ég bara að tilgangsleysingjarnir í pólitíkinni og glæpagengin í fjármálunum verði ekki búin að gera landið óbyggilegt venjulegu fólki.

**FIMMTUDAGUR, 6. NÓVEMBER.**

### Í síðasta sinn

Það er undarleg tilfinning að sitja í síðasta sinn og ganga frá dagbók til birtingar í Fréttablaðinu. Í 162 vikur hef ég skilað Kæru Dagbók í prentsmiðju á hverju fimmtudagskvöldi, það eru rúm þrjú ár, en nú verða færslurnar ekki fleiri hér í Fréttablaðinu. Sama gildir um bakþankana mína.

Ég kveð lesendur þess með þakklæti fyrir frábærar undirtektir við nýstárlega tilraun í blaðamennsku. Þetta hefur eingöngu verið skrýtið og skemmtilegt. Samstarfsfólki á Fréttablaðinu sendi ég mínar bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf, einkum Bergsteini bjargvætti og Kristni myndfölsunarsnillingi.

Því mun auðna ráða hvort eitthvert framhald verður á opinberum dagbókarfærslum um smáatriði úr lífi venjulegs Íslendings innan um stórfréttir af umsvifum þeirra sem ráða fyrir auði og völdum. Guð mun ráða hvar við dönsum næstu jól.

Verið öll kært kvödd.


Domino's djamm
um helgina!
Allar stórar
pizzur á
1.590 kr.*
Nú er löng helgi hjá Domino's. Allar stórar pizzur
af matseðli á 1.590 kr. ef þú sækir.*
*Gildir dagana 8.-10. nóvember og ekki með öðrum tilboðum.
Coca-Cola
Domino's Pizza
58·12345
www.dominos.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# GOTT VERÐ Á ÍSLENSKU FROSNU LAMBAKJÖTI



KS FROSIÐ LAMBALÆRI 1079 kr./kg.
KS FROSINN LAMBAHRYGGUR 1118 kr./kg.

# ÍSLENSKT GRÍSAKJÖT Á GÓÐU VERÐI




ALI REYKTUR GRÍSABÓGUR
699 kr./kg.




ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
499 kr./kg.




ALI GRÍSAKÓTILETTUR
1070 kr./kg. MERKT VERÐ 1783 KR./KG.




ALI FERSKT GRÍSASNITSEL
1128 kr./kg. MERKT VERÐ 1879 KR./KG.




ALI FERSKT GRÍSAGÚLLAS
1128 kr./kg. MERKT VERÐ 1879 KR./KG.




ALI FERSKT GRÍSAHAKK
530 kr./kg. MERKT VERÐ 884 KR./KG.




COKE ZERO 2 ltr 98 kr.
PEPSI 2 ltr. 98 kr.

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARD: 10.00-18.00 SUNNUD. 12.00-18.30


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Sambands Hangikjötið
MÁ FRYSTA TIL JÓLANNA
1575
SAMBANDS HANGILÆRI ÚRBEINAÐ
1575 kr./kg.
30% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 2249 KR./KG.
FERSKUR HOLTA KJÚKLINGUR 40%-50% AFSLÁTTUR
MEÐ PÍRÍ PÍRI KRYDDPOKA
50% AFSLÁTTUR
HOLTA FERSKAR PIRI-PIRI KJÚKLINGABRINGUR
1699 kr/kg. MERKT VERÐ 3398 KR./KG.
BÓNUS KJÚKLINGUR
40% AFSLÁTTUR
HOLTA FERSKIR KJÚKLINGABITAR BLANDAÐIR
374 kr/kg. MERKT VERÐ 623 KR./KG.
1398
MJÖLL-FRIGG MARAÞON ÞVOTTAEFNI
1398 kr.
100 ÞVOTTAR
MJÖLL-FRIGG MILT FYRIR BARNIÐ ÞVOTTAEFNI
1398 kr.
BÓNUS 18 SALERNISRÚLLUR
498
BÓNUS WC PAPPÍR
18 RÚLLUR 498 kr.
298
BÓNUS PIPARKÖKUR
500g 298 kr.
159
BÓNUS BRAUÐBOLLUR
2 teg 159 kr.
BÓNUS KJARNABRAUÐ
159
BÓNUS KJARNABRAUÐ
500g 159 kr.
198
BÓNUS BÓNDABJÚGU
2 stk 198 kr.
Brazzi
98
BRAZZI APPELSÍNU OG EPLA
1 ltr 98 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARD: 10.00-18.00 SUNNUD. 12.00-18.30

# Styður við hjálparstarf nunnu í

**Alda Lóa Leifsdóttir** fór í örlagaríka ferð til Tógó vorið 2006. Í ferðinni kynntist hún konu sem hringdi í hana ári síðar og spurði hvort hún vildi taka að sér ungbarn. *Sigríður Björg Tómasdóttir* leit í heimsókn til Öldu Lóu sem sagði henni frá ættleiðingunni og Afríkufélaginu Sóley & félagar.



**SÓLEY OG ALDA LÓA** Mæðgurnar á góðum degi heima á Þórsgötunni. Alda Lóa vonast til að í framtíðinni verði hægt að koma á ættleiðingarsamningi milli Tógó og Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Litríkar gardínur í gráu húsi við Þórsgötuna vekja hugrenningatengsl við Afríku hjá blaðamanni sem er á leið til fundar við Öldu Lóu Leifsdóttur, ljósmyndara og hönnuð. Þegar inn er komið kemur í ljós að litríku gardínurnar eru ekki gardínur heldur fataslár með kjólum og jökkum. Flíkurnar eru saumaðar í Tógó, hannaðar af Öldu Lóu og klæðskeranum Dieudonne. Fatasalan er hluti af stærra verkefni Öldu Lóu, Afríkufélaginu Sóley & félagar.

Félagið dregur nafn sitt af dóttur Öldu Lóu og eiginmanns hennar, Gunnars Smára Egilssonar. Sú stutta er orðin átján mánaða og tekur á móti blaðamanni ásamt móður sinni. Hún er glöð og ófeimin og sýnir dótið sitt. Komið var með hana um tveggja mánaða gamla til kaþólsku nunnunnar Victo, í bænum Aneho í Tógó. Victo rekur heimili fyrir munaðarlaus börn og börn sem foreldrar geta ekki sinnt af einhverjum ástæðum. Húsakosturinn er ekki stór og varla hægt að segja að pláss væri fyrir stúlkuna.

Frænku einnar eldri nunnunnar sem starfar með Victo var þá hugsað til Öldu Lóu, hana þekkti hún frá heimsókn hennar til Tógó ári fyrr. Frænkan var ekki að tvínóna við hlutina, hún hringdi í Öldu Lóu og sagði henni að í Tógó væri lítil stúlka í leit að foreldrum. Ekki leið langur tími þangað til Alda Lóa og Smári voru komin út, enda höfðu þau um nokkurt skeið haft hug á að ættleiða eða taka barn í fóstur.

Mireille hafði Alda Lóa hitt í flugvél á leiðinni til Tógó ári fyrr í ferð sem ekki hafði verið plönuð með löngum fyrirvara en reyndist þegar allt kom til alls örlagarík, ef ekki hefði verið fyrir hana hefði Sóley litla ekki eignast Öldu Lóu fyrir móður.

### Mikilvæg flugferð

„Þannig var að ég var í matarboði hjá vinum mínum, Þráni Bertelssyni og Sólveigu Eggertsdóttur. Þau voru á leiðinni til Tógó á vegum Spes-samtakanna, sem Njörður P. Njarðvík og Bera Þórisdóttir stofnuðu á sínum tíma og hafa sinnt alla tíð af mikilli alúð. Þarna ákvað ég bara að fara með til Tógó en ég hafði aldrei heyrt um landið áður,“ segir Alda Lóa.

Í flugvélinni á leiðinni út kynntust ferðalangarnir Mireille sem er kaupsýslukona frá Tógó. „Þráinn var að hjálpa henni að koma fyrir töskunni sinni, fór að tala við hana og í kjölfar þess kynntist ég henni,“ segir Alda Lóa og upplýsir að frjáls verslun í Tógó sé fyrst og fremst í höndum kvennanna á markaðnum en karlarnir vinni hjá ríkinu eða eru í hernum. Mireille byrjaði ung að versla og fór sextán ára til Kína til að afla sér viðskiptasambanda sem eru í dag grunnurinn að viðskiptum hennar. Hún fer nokkrum sinnum á ári til Kína til að kaupa efni og var að koma úr slíkri ferð þegar hún hitti Íslendingana.

Á þessum tímapunkti voru Alda Lóa og Smári tekin að velta fyrir sér að ættleiða barn eða taka í fóstur en fyrir á Alda Lóa dótturina Auði Önnu og Smári fóstursoninn Davíð sem bæði eru komin yfir tvítugt. „Mig langaði alltaf svo til þess að ættleiða barn frá Afríku,“ segir Alda Lóa sem þó sá það ekki fyrir að það myndi gerast. Þá kom símtalið óvænta og stuttu síðar var Sóley litla komin í hendur Öldu Lóu og Smára sem gengu henni í foreldrastað. Ekki gekk þó þrautalaust að fá tilskilin leyfi, hvorki í Tógó né hér á landi. Hálft árið í fyrra dvaldi fjölskyldan því í Tógó og kynntist ágætlega aðstæðum þar, fólki og ekki síst nunninni Victo sem Alda Lóa segir dásamlega manneskju sem vinni merkilegt starf við erfiðar aðstæður.

### Bakland nunnunnar Victo

Börnin og ungmennin sem Victo tekur að sér og hefur umsjón með eru allt frá því að vera nýfædd og upp í tvítug. Ástæðurnar fyrir því að þau dvelja hjá henni eru margar og mismunandi, sum hafa verið borin út, önnur hafa misst móður sína í fæðingu og feðurnir ekki treyst sér til að ala þau upp. Nokkur hafa endað hjá henni vegna þess að foreldrarnir hafa ekki getað annast þau. Stúlkur eru í meirihluta og segir Alda Lóa það Victo mikið metnaðarmál að mennta þær, en eins og staðan er í dag eru stúlkur í miklum minnihluta barna í Tógó sem ljúka barnaskólanámi.

„Heimilið sem Victo rekur er ekki aðeins munaðarleysingjaheimili heldur líka eins og félagsmálaskrifstofa því skjólstæðingar hennar eru líka einstæðar mæður og uppkomnir munaðarleysingjar án fjölskyldutengsla sem eiga erfitt með að finna leið inn í samfélagið. Þetta gerir hún án baklands, hún fær engan pening neins staðar og þess vegna viljum við reyna að vera baklandið hennar,“ segir Alda Lóa sem dáist mjög að nunninni sem sinnir sínu kristilega starfi þar sem hjarta vúdútrúar slær.

Til þess að styðja enn betur við bakið á Victo hafa Alda Lóa og Smári nú stofnað Afríkufélagið Sóley & félagar sem hefur þann tilgang að vera bakhjarl starfsemi Victo auk þess að styðja við önnur verkefni í Tógó. Þau hafa þegar keypt dýnur fyrir börnin, en þau sváfu áður á hálmi, og endurgert matsal og byggt upp vöggustofu á heimilinu.

Nú er verið að vinna að því að taka eldhúsið og baðaðstöðuna í gegn. Markmiðið er hins vegar að byggja nýtt heimili og skóla og síðan heilsugæslu og fleira. Til að afla fjár hafa þau líka keypt nokkrar saumavélar og ráðið Dieudonne, klæðskera frá Lome, til að fara tvisvar í viku til Victo og sauma með strákum sem Victo kostaði til klæðskeranáms og nokkrum stúlkum sem eru að læra af þeim. Fötin eru svo flutt til Reykjavíkur og hafa hingað til eingöngu verið seld heima hjá Öldu Lóu. Nú um helgina mun hún þó kynna þau á Laugavegi 15.

„En ég verð að segja þér frá Bissap-safanum, ég hefði átt að bjóða þér upp á hann,“ segir Alda Lóa sem hefur það að markmiði að koma safanum, sem unninn er úr hibiscus-blómum, í sölu í heilsubúðum í Reykjavík. Drykkurinn er afar heilsusamlegur og hefur meðal annars verið notaður við of háum blóðþrýstingi, er fullur af C-vítamíni og er sannkallaður lífselexír.

### Íslendingar geti ættleitt frá Tógó

Ýmislegt fleira er á prjónunum hjá Öldu Lóu og meðal annars hefur hún mikinn hug á því að koma á milliríkjasamningi milli Íslands og Tógó sem heimilar ættleiðingar tógóskra barna til Íslendinga.

„Við vildum stofna ættleiðingarfélag en samkvæmt íslenskri reglugerð verða ættleiðingar að fara í gegnum slíkt félag,“ segir Alda Lóa. Hún skilur vel að reglurnar séu strangar en segir að mikið sé af frambærilegum foreldrum hér sem vilja taka að sér barn en biðtími þeirrar einu ættleiðingarþjónustu sem er hér á landi sé mjög langur. „Það hafa mjög margir haft samband við okkur eftir að þeir fréttu af Sóleyju og okkur langar til þess að finna einhverja leið til að hjálpa til,“ segir Alda Lóa sem er þakklát fyrir Sóleyju sína sem hún fékk leyfi til að ættleiða rétt áður en yfirvöld í Tógó lögðu bann við öllum ættleiðingum úr landi. „Við fengum Sóleyju og bara að hugsa til þess að hún hefði getað verið alin upp á munaðarleysingjaheimili er alveg hryllilegt. Maður sá svo mikinn mun á börnunum hjá Victo, þau sem áttu að minnsta kosti eitt foreldri á lífi voru einhvern veginn borubrattari. Ég man eftir stelpu sem átti blinda foreldra sem gátu því ekki annast hana, hún gat þó heimsótt þau í fríum og um helgar sem er ótrúlegur munur.“

Eins og áður sagði fékk Alda Lóa Sóleyju í hendurnar mjög unga og dvaldi með henni í Tógó í hálft ár. Nokkurn tíma tók að fá tilskilin leyfi í Tógó og svo tók mikið vesen við þegar sótt var um leyfin hér á landi en allt hafðist það á endanum.

„Íslensk stjórnvöld hafa skilning á því að það þurfi að fjölga möguleikum Íslendinga þegar

## Mannlíf í Tógó



1



2

1. Vatnssölukona í Lome
2. Sóley og Mireille.
3. Krakkar í uppvaskinu hjá Victo.
4. Mannlíf í Lome.

MYNDIR /ALDA LÓA



3



# Tógó



kemur að ættleiðingu. Til að það sé hægt þarf að gera ættleiðingarsamning milli landa en ég held að hreyfing komist ekki á þau mál nema einstaklingsframtak foreldra sem vilja ættleiða verði virkjað,“ segir Alda Lóa sem vonast til þess að geta gert slíkan samning þó að yfirvöld í Tógó hafi lagt bann við ættleiðingum til útlendinga í kjölfar máls þess að frönsk samtök í Chad voru sökuð um að ræna börnum til ættleiðingar. Skiljanlega vakti það mál mikla reiði um alla Afríku. Alda Lóa segir að sitt fólk í Tógó telji að þessu banni verði aflétt einhvern tímann í vetur og þá verði mögulegt að vinna að samningi milli landanna.

En þangað til það gerist ætlar hún að einbeita sér að Sóleyju & félögum og sinna sinni eigin Sóleyju.




## SÓLEY & FÉLAGAR

Afríkufélagið Sóley & félagar hefur það að markmiði að vera bakhjarl starfsemi nunnunnar Victo og barnaheimilis hennar í Aneho í Tógó.

Þau hafa þegar keypt dýnur, endurgert matsal og byggt upp vöggustofu á heimilinu. Nú er verið að vinna að því að taka eldhúsið og baðaðstöðuna í gegn. Markmiðið er hins vegar að byggja nýtt heimili og skóla og síðan heilsugæslu og fleira .

Hægt er að leggja félaginu lið með því að kaupa föt sem nú um helgina verða til sýnis og sölu í verslunarhúsnæðinu á Laugavegi 15, sem einu sinni hýsti spilabúðina Hjá Magna.

Nánari upplýsingar um félagið er að finna á heimasíðunni soleyogfelagar.is.






SKEYTI

Sölvi Sigurðsson
Langholtsvegi 72
104 Reykjavík

Elsku pabbi.

Til hamingju með Feðradaginn á morgun.

Mamma hjálpaði okkur að senda þér þetta skeyti með mynd síðan síðasta sumar. Við erum nú búnar að stækka svolítið síðan þá! Það eina sem við þurftum að gera var að fara inn á **www.postur.is** og þar gátum við notað mynd sem við tókum á stafrænu myndavélina okkar.

Nú getur þú rammað þessa mynd inn eða gert eitthvað annað skemmtilegt við hana.

Pabbi þú ert bestur!

Sóley og Lóa

SKEYTIN mín
PÓSTURINN allur pakkinn

# Framtíð Repúblikanaflokksins

Sigri Baracks Obama í forsetakosningunum á þriðjudaginn hefur verið lýst sem sögulegum, kaflaskiptum og upphafi nýs tíma í bandarískum stjórnmálum. En hvernig bregðast repúblikanar, sem verið hafa við völd síðustu átta ár, við ósigrinum? Eru Bandaríkin nú vinstrisinnað land? *Magnús Sveinn Helgason* fjallar um þau átök sem fram undan eru innan Repúblikanaflokksins.



**ALLT BÚIÐ** Vonsviknir stuðningsmenn McCain eftir að úrslit forsetakosninganna voru ljós. NORDICPHOTOS/AFP

Yfirburðasigur Baracks Obama í forsetakosningunum á þriðjudaginn hefur að vonum vakið vangaveltur um framtíðarlandslag bandarískra stjórnmála. Obama tókst ekki aðeins að vinna í ríkjum á borð við Virginíu, Indiana og Norður-Karólínu, þar sem demókratar hafa ekki unnið forsetakosningar síðan 1964, þegar repúblikaninn Barry Goldwater, öldungadeildarþingmaður Arizona, tapaði fyrir Lyndon B. Johnson, heldur tókst Obama að vinna á sitt band stærri hluta af hefðbundnum kjósendahópum repúblikana.

Hin hliðin á yfirburðasigri Obama er sögulegt tap Repúblikanaflokksins, sem beið líka afhroð í síðustu kosningum.

**Eru Bandaríkin til hægri?**

Bandarískir fréttaskýrendur virðast þó vera á báðum áttum um hvort kosningar þriðjudagsins sýni að þungamiðja bandarískra stjórnmála hafi færst til vinstri. Robert Novak, einn virtasti hægrisinnaði dálkahöfundur Bandaríkjanna, staðhæfir að þrátt fyrir sigurinn hafi Obama ekki óskorað umboð til að hrinda vinstrisinnuðum stefnumálum í framkvæmd. Þjóðin sé eftir sem áður íhaldssöm og kjósendur myndu því snúast gegn demókrötum ef þeir reyndu að ráðast í róttækar breytingar á samfélaginu.

Stuðningsmenn Obama hafa á móti bent á að Novak og aðrir hægrisinnaðir dálkahöfundar hafi, eftir kosningarnar 2004, lýst því yfir að kjósendur hefðu veitt Bush óskorað umboð til að hrinda í framkvæmd róttækum stefnumálum sínum, þar á meðal einkavæðingu almannatryggingakerfisins. Bush vann þó kosningarnar 2004 með mun minni mun en Obama nú, því 3,5 milljónir atkvæða skildu að Bush og John Kerry, meðan 7,4 milljónir atkvæða skildu að Obama og McCain.

Þó að þessi deila snúist að hluta til um hvort Obama hafi umboð til nýrra „endurgjafaraðgerða“, í anda New Deal-aðgerða Franklins D. Roosevelt í síðustu heimskreppu, er hún þó ekki síður innlegg í umræðu um framtíð Repúblikanaflokksins.

**Palin krabbamein flokksins**

Áður en ljóst var orðið að McCain hefði tapað fyrir Obama voru margir fréttaskýrendur farnir að tala um að Sarah Palin, varaforsetaefni McCain, ætti að bjóða sig fram að nýju 2012. Staðhæft var að Palin væri framtíðarleiðtogi Repúblikanaflokksins.

En þótt Palin njóti mikilla vinsælda meðal kristinna íhaldsmanna og hafi trekkt að á kosningafundum í Suðurríkjunum, virðist hún ekki njóta sama trausts innan annarra arma flokksins. Þeirra á meðal er David Brooks, borgaralegur íhaldsmaður af gamla skólanum og einn virtasti dálkahöfundur Bandaríkjanna, en hann sagði í viðtali við ritstjóra The Atlantic að Palin væri „birtingarmynd þess krabbameins“ sem væri að ganga af Repúblikanaflokknum dauðum.

Brooks hélt því fram að innan Repúblikanaflokksins væru tvær hefðir eða armar, annars vegar íhaldsmenn sem trygðu á mátt hugmynda og bókalærdóms, en höfnuðu hugmyndafræði vinstrimanna og hefðu efasemdir um menntaelítuna, því háskólastofnanir hefðu mikla vinstrislagsíðu. Hins vegar íhaldsmenn sem virðast hafna vísindum og hafa djúpstæða andúð á öllu háskólafólki. Barátta kristinna bókstafstrúarmanna gegn kennslu þróunarkenningarinnar hefur verið borin áfram af þessum armi Repúblikanaflokksins. Brooks sagði í viðtali sínu að Palin væri haldin þessum fordómum, líkt og núverandi forseti Bandaríkjanna. Jeffrey Hart, ræðuhöfundur fyrir Nixon og Reagan, tekur í sama streng í grein á vefmiðlinum The Daily Beast að Repúblikanaflokkurinn eigi á hættu að verða „flokkur heimskunnar,“ og eigi sem slíkur á hættu að líða undir lok.

Paul Krugman, sem hlýtur Nóbelsverðlaunin í hagfræði í ár, kemst að sömu niðurstöðu í grein í New York Times, en hann spáir því að Repúblikanaflokkurinn muni bregðast við ósigri þriðjudagsins með hugmyndafræðilegum réttrúnaði, sveigja enn lengra til hægri og dæma sjálfan sig í varanlega stjórnarandstöðu.

**Átök um framtíð flokksins**

Blaðagreinar eftir álitsgjafa og stjórnmálaskýrendur repúblikana síðustu daga, og þó sérstaklega pistlaskrif á hægrisinnuðum bloggvefjum eins og RedState og Townhall virðast renna stoðum undir spádóma Krugman. Það heyrir til undantekninga að ljáð sé máls á því að flokkurinn þurfi að endurskoða grundvallarstefnu sína eða baráttuaðferðir.

Viðbrögð íhaldssamra repúblikana við gagnrýni á Palin hefur verið enn harkalegri. Þeir hafa verið kallaðir öllum illum nöfnum og hægrisinnaðir bloggarar hafa kallað eftir flokkshreinsunum og krafist þess að hver sá sem hafi grafið undan sigri McCain með gagnrýni á Palin verði bannfærður innan flokksins.

En meðan íhaldssamasti armur flokksins virðist vilja sveigja enn lengra til hægri og heimtar hugmyndafræðilegan hreinleika lítur út fyrir að sumir í leiðtogaliði flokksins sjái að flokkurinn þurfi að breyta um stefnu ef hann vill endurheimta stuðning almennings. John Ensign, einn valdamesti fulltrúi repúblikana í öldungadeildinni, sagði í viðtali við dagblaðið Roll Call að flokkurinn yrði að leggja minni áherslu á „félagsleg gildi“, hætta að einblína á fóstureyðingar og eyða minni kröftum í að berjast gegn réttindum samkynhneigðra.

**Stóra tjaldið fallið**

Með þessu tekur Ensign undir með vinstrisinnuðum stjórnmálaskýrendum, á borð við Rachel Maddow, þáttastjórnanda á MSNBC, sem hafa haldið því fram að Repúblikanaflokkurinn geti ekki lengur gert tilkall til þess að kallast „stóra tjaldið.“

Einstrengingsleg stefna flokksins í innflytjendamálum hafi fælt minnihlutahópa, sérstaklega kjósendur af suðuramerískum uppruna, frá flokknum.

Þá hefur afturhaldssöm stefna í málefnum samkynhneigðra, barátta gegn fóstureyðingum og stuðningur við tilraunir bókstafstrúarmanna til að fá sköpunarsögu biblíunnar kennda í stað þróunarkenningar Darwin rúið flokkinn stuðningi ungra kjósenda og menntafólks.

Það er til marks um þessa þróun að repúblikanar eiga ekki lengur neina þingmenn í Norðausturhorni Bandaríkjanna, þeim sex ríkjum sem teljast til Nýja-Englands.

Fréttaskýrendur hafa bent á að í þessari þróun felist í raun lítið annað en rökrétt framhald „Suðurríkjastrategíu“ Repúblikanaflokksins, sem fólst í því að byggja öruggt vígi í Suðurríkjunum. En um leið og flokkurinn biðlaði til kristilegra íhaldsmanna í Suðurríkjunum tapaði flokkurinn frjálslyndum og borgaralegum hægrimönnum á austurströndinni.

**Suðurríkjastrategían**

„Suðurríkjastrategían“ á rætur í forsetaframboði Barrys Goldwater 1964, en Goldwater hafði barist hart gegn mannréttindalöggjöf Lyndons B. Johnson, sem bannaði þá aðskilnaðarstefnu sem mörg ríki Suðurríkjanna studdu. Goldwater beið ósigur í öllum ríkjum Bandaríkjanna nema heimaríki sínu, Arizona, og fimm „rauðustu“ ríkjum suðursins.

Richard Nixon var fyrstur frambjóðenda repúblikana til að nýta sér þessa strategíu til sigurs. Nixon höfðaði til „Dixiekrata“, íhaldssamra og rasískra demókrata suðurríkjanna sem óttuðust breytingar á samskiptum kynþáttanna. Umbyltingar sjöunda áratugarins vöktu sömu leiðis ugg um að óheft frjálslyndi ógnaði undirstöðum samfélagsins. Feminístar, hippar, hommar og vinstrimenn ógnuðu „hefðbundnum“ bandarískum gildum.

Allt síðan þá hafa frambjóðendur repúblikana spilað á ótta margra kjósenda við félagslega upplausn. Lee Atwater, sem var forgöngumaður Karls Rove og lykilmaður í Hvíta húsi þeirra Ronalds Reagan og George Bush eldri, lagði áherslu á að repúblikanar ættu ekki að reyna að vinna kosningar með flóknum stefnuskrám í mörgum liðum, heldur ættu þeir að snúa kosningum upp í þjóðaratkvæðagreiðslur um „félagsleg gildi.“ Síðan á áttunda áratugnum, og þó sérstaklega þeim tíunda, hafa bandarísk stjórnmál því verið undirlögð af því sem hefur verið nefnt „menningarstríðið.“ Átökum milli frjálslyndra vinstrimanna og íhaldssamra hægrimanna um hver skuli vera grundvallargildi samfélagsins.

Stjórnmálaskýrendur eru á einu máli um að George W. Bush með hjálp Rove hafi gengið lengra en nokkur fyrri frambjóðandi repúblikana í að heyja kosningabaráttu sína á þessum grundvelli.

**Menningarstríðinu lokið?**

Kosningarnar á þriðjudaginn benda hins vegar til þess að baráttumál menningarstríðsins hafi misst pólítískt vægi sitt.

Gott dæmi um það er „proposition 8“ í Kaliforníu, atkvæðagreiðsla um breytingu á stjórnarskrá ríkisins til að banna hjónabönd samkynhneigðra. Þótt hér hafi verið á ferð klassískt fleygmál sem hefði mátt ætla að myndi auka fylgi frambjóðenda repúblikana hafði tillagan engin áhrif á kosningar til þings, öldungadeildar eða forseta. Hlutfall Obama af greiddum atkvæðum í Kaliforníu var hærra en hlutfall Johns Kerry 2004, 61 prósent á móti 54 prósentum.

Annað dæmi er bitleysi neikvæðra auglýsinga gegn Obama. Í byrjun október greindi dagblaðið Washington Post frá því að ráðgjafar McCain hefðu sagt að það sem eftir lifði kosningabaráttunnar myndi McCain leggja áherslu á að kveikja efasemdir hjá kjósendum um hvaða mann Obama hefði að geyma og hvaða gildi lýstu honum leið. Þessar árásir birtust í auglýsingum sem gáfu til kynna að Obama hefði átt í vinfengi við hryðjuverkamenn og aðdróttunum Palin um að Obama héldi að hryðjuverkamennirnir væru „vondu karlarnir,“ eins og hún orðaði það.

En allt kom fyrir ekki, kannanir sýndu að kjósendur töldu Obama, frekar en McCain, hafa gildi sem samrýmdust þeirra eigin.

**Repúblikanar úr leik?**

Ef Novak hefur á réttu að standa og Bandaríkjamenn eru eftir sem áður í grundvallaratriðum íhaldssamir með íhaldssöm gildi, er sigur Obama aðeins tímabundið frávik frá þeirri braut sem Bandaríkin hafa verið á til þessa. Stuðningsmenn McCain hafa í þessu sambandi haldið því fram að ástæða þess að Obama sigraði sé einvörðungu efnahagskreppan. Af því má skilja að um leið og kreppan hafi liðið hjá geti repúblikanar aftur dustað rykið af menningarstríðinu og sínum klassísku herbrögðum. En ef svo er hefur flokkurinn dæmt sig úr leik meðan kreppan gengur yfir.

Þó vinstrimenn og demókratar hlakki yfir þeim óförum Repúblikanaflokksins er rétt að hafa í huga að það er engu landi hollt að búa við eins flokks stjórn í langan tíma. Lýðræðið þarf heilbrigða samkeppni til að virka og repúblikönum ber að taka með ábyrgum hætti þátt í lausn þeirra vandamála sem við er að glíma.

Ef flokkurinn leysir upp í innbyrðis hjaðningavíg getur hann ekki sinnt þeirri skyldu sinni.

## ➜ STJÓRNMÁLAFLOKKAR Á LANDSVÍSU?



Einn af þeim sem á hvað mestan heiður að velgengni Obama í „rauðum“ ríkjum, ríkjum sem hafa kosið repúblikana í marga áratugi er Howard Dean, formaður landsnefndar demókrataflokksins.

Eftir kosningaósigurinn 2004 komst Dean að þeirri niðurstöðu að Demókrataflokkurinn væri dæmdur til áframhaldandi ósigra nema hann blési til nýrrar sóknar og reyndi nýjar baráttuaðferðir. Hugmynd Dean var að flokkurinn ætti ekki að gefa sér niðurstöðu neinna kosninga: Það eitt að repúblikönum hefði undanfarna áratugi gengið betur í ríkjum á borð við Virginíu, Indiana, Kentucky eða Alaska ætti ekki að þýða að demókratar létu hjá líða að reyna að vinna kosningar í þessum ríkjum.

Dean hélt því fram að demókratar yrðu að keppa á landsvísu til að geta haldið því fram að þeir væru fulltrúar þjóðarinnar allrar, en ekki bara vestur- og austurstrandarinnar. Fram að þessu höfðu demókratar nefnilega beint kröftum sínum að fáeinum „barátturíkjum“ og svo ríkjum þar sem þeim gekk yfirleitt sæmilega vel að ná kjöri. Sem dæmi hafði flokkurinn enga fastráðna starfsmenn í Alaska og lét oft hjá líða að finna og styðja frambjóðendur í „rauðum“ kjördæmum.

Þegar Dean kynnti „50 ríkja strategíuna“ í upphafi árs 2005 þótti mörgum hún hálfgerð óráðsía – nær væri að einbeita kröftum að barátturíkjum sem réðu úrslitum í forsetakosningum. Obama gerði 50 ríkja strategíu Dean hins vegar að sinni þegar hann byggði upp net sjálfboðaliða, auglýsti og hélt kosningafundi í fjölda rauðra ríkja.

Langdregið prófkjör Demókrataflokksins studdi við þessa stefnu, því það gaf Obama tækifæri til þess að byggja upp net stuðningsmanna um öll Bandaríkin, um leið byggði flokkurinn upp lista yfir hugsanlega kjósendur og fólk sem leita mætti til eftir peningagjöfum. Flokkurinn nýtti þessa lista óspart fyrir kosningarnar þegar kom að því að „smala“ kjósendum á kjörstað.

Án þessarar grasrótar hefði peningasöfnun Obama ekki gengið jafn-vel og raun ber vitni, né hefði honum tekist að sigra McCain í ríkjum sem til þessa hafa talist örugg vígi repúblikana.


heima
sófar
sófaborð
borðstofuborð
skápar
skenkar
stólar
bókahillur
mottur
silkiblóm
speglar
ljós
klukkur
gjafavara
jólavara
Tilboð á ýmsum vörum!
rúm
kommóður
fatastandar
rúmfatnaður
teppi
Öndvegi
glös
diskar
hnífapör
karöflur
bollar
könnur
servéttur
mood
Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16, sunnudaga kl. 13-16.
HEIMA HÚSIÐ
mood
heima
Öndvegi
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is



40%
afsláttur af öllum
gardínum
gildir ekki með öðrum tilboðum
30%
afsláttur af öllum
blöndunartækjum,
ljósum, flísum og
búsáhöldum
gildir ekki með öðrum tilboðum
Fullt hús af
skúffukökum
& heitum vöfflum
fyrir alla
BYKO
BYKO
KAUPTÚNI Á
1 ÁRS A
AF GEFNU TILEFNI VERÐUM VIÐ M
Þetta er aðeins
lítið brot af þeim
tilboðum sem
verða í gangi í dag!
4.990
Fullt verð: 11.690
Vnr. 41348360
Matarstell
ABJ matar- og kaffisett,
hnífaparasett og glasasett.
7.990
Fullt verð: 15.053
Vnr. 65753079
Örbylgjuofn
GALANZ örbylgjuofn
800W hvítur
Ódýrt



Tvöfaldir Vildarpunktar!
16. okt.-30. nóv.
Gildir af allri veltu
2.999
Fullt verð: 3.690
Ódýrt
Einhell
Vnr. 74804114
Rafhlöðuborvél
EINHELL rafhlöðuborvél, 14,4 V. Ódýr og góð borvél sem hentar vel fyrir heimilið. Er með 17 herslustillingar sem kemur í veg fyrir að herða eitthvað of mikið.
10 L
Vnr. 85541183
Innimálning
FÖNN innimálning, 10 l.
FÖNN
2.990
Fullt verð: 7.045
2.490
Fullt verð: 5.946
KÓPAL glitra
990
Fullt verð: 2.783
4 L
Vnr. 86620040/3737
Innimálning
KÓPAL glitra, gljástig 10, allir litir, 4 ltr.
FRÍ KÓPAL LITAPRUFA
FÆST AÐEINS Í BYKO KAUPTÚNI
Vnr. 77700462
Verkfærabox
Verkfærabox,47x23,8x21 cm.
Fæst aðeins í BYKO Kauptúni.
FMÆLI
EÐ FRÁBÆR TILBOÐ Í ALLAN DAG
39.900
Fullt verð: 75.990
Jólin eru komin í BYKO
Hvergi betra verð á jólaseríum
Vnr. 65001492
Sjónvarp
KASSEL LCD sjónvarp 20", svart. Upplausn 640x480 pt. birta 500 cd/m2, skerpa 600:1, PAL, NTC. Hægt að nota sem tölvuskjá. Stærð: 59x45x7 cm. Fjarstýring fylgir.
Fæst aðeins í BYKO Kauptúni.
BYKO
EXPO • www.expo.is

# Ástfangin af stríðsmanni

**Corinne Hofmann** upplifði ást við fyrstu sýn svo sterkt að líf hennar gjörbreyttist á einni svipstundu. Hún sagði skilið við kærasta sinn, líf sitt og starfsframa í Sviss og leitaði uppi ástina í afskekktu þorpi í Kenýa. *Alma Guðmundsdóttir* hitti Corinne þegar hún var stödd á Íslandi í tilefni af útgáfu bókar hennar, Hvíti masaíinn, sem nú er komin út á íslensku.



**METSÖLUHÖFUNDUR** Corinne Hofmann hefur ferðast út um allan heim frá því að bók hennar Hvíti masaíinn kom fyrst út fyrir tíu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Ég var 26 ára þegar ég fór í frí til Kenýa. Á þessum tíma rak ég brúðarkjólaverslun í Sviss sem gekk mjög vel. Ég var um það bil að fara að opna nýja búð svo ég ákvað að skella mér í frí fyrst. Á ferðaskrifstofunni bauðst mér ferð til Kenýa þremur dögum síðar sem ég ákvað að fara í með þáverandi kærasta mínum, en grunaði ekki að ferðin ætti eftir að gjörbreyta lífi mínu,“ útskýrir Corinne sem varð fyrir óvæntri upplifun annan dag sinn í Kenýa.

„Við vorum um borð í ferju þegar kærastinn minn sagði mér að líta við og sjá masaí-stríðsmanninn sem stóð þar. Ég leit við og þegar ég sá þennan mann, sem stóð í nokkurra metra fjarlægð, féll ég gjörsamlega fyrir honum. Ég varð ástfangin við fyrstu sýn, án þess að hafa talað við manninn, eitthvað sem ég vissi ekki að væri mögulegt. Samstundis fann ég að líf mitt var breytt og ég þráði ekkert heitar en að nálgast þennan mann,“ segir Corinne sem fékk leiðsögn frá masaíanum Lketinga að fyrra bragði þegar hún yfirgaf ferjuna með kærastanum sínum og fékk þá leyfi til að mynda hann.

*Hvað sagði fyrrverandi kærasti þinn við þessum viðbrögðum þínum?*

„Hann sagði mér að horfa ekki svona mikið og skildi ekki hvað gekk að mér. Við höfðum verið saman í fimm ár á þessum tíma og ég hafði aldrei litið við öðrum mönnum. Hann fann að eitthvað var að og það sem eftir leið ferðarinnar leið mér hrikalega illa, ég gat hvorki borðað né sofið,“ útskýrir Corinne. Líðan hennar breyttist ekki eftir að hún kom aftur til Sviss og ekki leið á löngu þar til hún seldi verslunina og sportbílinn sinn og sagði skilið við kærastann. Hún hélt til Kenýa með myndina af Lketinga, handviss um að finna hann ef þeim væri ætlað að vera saman.

**Haldið út í óvissuna**

„Ég ákvað að gefa mér tvær vikur til að finna Lketinga. Hann var ekki í nágrenni við ferðamannastaðinn í Mombasa, en ég spurðist fyrir og var sagt hvar hans ættbálkur byggi. Á tíunda degi hitti ég manneskju sem þekkti hann og leiðbeindi mér upp í þorpið hans, á bíldruslu sem ég þurfti að kaupa dýrum dómi til að komast á leiðarenda. Þar fann ég Lketinga sem bjó í litlum kofa með mömmu sinni og varð himinlifandi að sjá mig. Hann átti ekki orð yfir því að ég hefði komið og fundið hann og sagði að nú yrði ég konan hans,“ segir Corinne sem bjó í kofa ásamt Lketinga og móður hans fyrsta árið sitt í Afríku og lærði smám saman maa, tungumál ættbálksins, eftir myndabókum sem hún hafði tekið með sér frá Sviss. Eftir hálft ár hafði hún náð tökum á tungumálinu og gat átt í samskiptum á maa í bland við takmarkaða enskukunnáttu sína.

Corinne viðurkennir þó að hún hafi orðið fyrir menningarsjokki í nýju heimkynnum sínum þar sem hvorki var klósett, rennandi vatn né reglulegar máltíðir.

„Það sem mér þótti erfiðast var að vera matarlaus langtímum saman. Stundum borðaði fólkið ekki í þrjá daga, drakk bara te og beið eftir að geta veitt sér til matar. Ég varð rosalega grönn, fékk malaríu og var nær dauða en lífi,“ útskýrir Corinne. Þegar hún náði sér af veikindunum giftist hún Lketinga árið 1988, þau fengu sinn eigin kofa og Corinne ákvað að opna matvöruverslun.

„Ég fann að ég og fókið í kringum mig þurfti nauðsynlega á mat að halda, því það gat tekið fimm til sex klukkustundir að ná í tvö kíló af hrísgrjónum fótgangandi og bíllinn minn var alltaf að bila. Ég leigði trukk og keypti matvörur sem ég seldi í þorpinu okkar og fólkið borgaði með geitum, skinni og fleiru sem ég gat skipt út fyrir peningum,“ segir Corinne. Þrátt fyrir að mikil ánægja hafi ríkt yfir versluninni blossaði fljótt upp afbrýðisemi hjá Lketinga. Hann hafði aldrei gengið í skóla svo hann gat ekki tekið þátt í rekstrinum og þar sem það tíðkast ekki að konur horfi í augu ókunnugra manna

> Kærastinn minn sagði mér að líta við og sjá masaí-stríðsmanninn sem stóð þar. Ég leit við og þegar ég sá þennan mann, sem stóð í nokkurra metra fjarlægð, féll ég gjörsamlega fyrir honum

líkaði honum illa þegar Corinne átti í beinum samskiptum við aðra menn til að kaupa matvörurnar.

**Fjölkvæni og umskurður**

„Ég varð ólétt á þessum tíma og batt vonir við að viðhorf Lketinga í minn garð myndi breytast í kjölfarið. Ég veiktist fimm sinnum af malaríu á meðgöngunni og var flutt á kristniboðsspítala í þriggja tíma fjarlægð þar sem ég átti litlu stúlkuna mína, Napirai,“ útskýrir Corinne, en segir að vanalega taki tengdamóðirin á móti börnunum.

Í ættbálki masaía tíðkast ýmsir siðir sem koma Vesturlandabúum spánskt fyrir sjónir og þá jafnvel hryllir við. Fyrsta dóttir karlmanna er vanalega gefin mæðrum þeirra, svo með réttu hefði Corinne átt að gefa tengdamóður sinni dóttur sína, en hún leyfði henni að halda Napirai. Þá tíðkast ekki að konur og menn kyssist, fjölkvæni er algengt og umskurður kvenna er framkvæmdur enn þann dag í dag af menningar- og trúarlegum ástæðum.

„Við gerðum samkomulag um að Lketinga yrði aðeins giftur mér fyrstu fimm árin. Ég vissi að fjölkvæni tíðkaðist svo það kom mér ekki eins mikið á óvart og að umskurður á konum tíðkast enn. Hann er framkvæmdur snemma morguns, daginn sem konan giftir sig, en stelpur eru yfirleitt látnar giftast á aldrinum tólf til átján ára,“ segir Corinne og viðurkennir að hana og Lketinga hafi oft greint á um hver örlög Napirai yrðu í þeim efnum.

„Frá því að dóttir okkar fæddist útskýrði ég fyrir Lketinga og móður hans að ég vildi ekki að Napirai yrði umskorin. Hann hló bara og sagði að þá myndi hún aldrei eignast mann,“ útskýrir Corinne, en segir það aldrei hafa truflað Lketinga að hún sjálf væri ekki umskorin.

„Vanalega vita mennirnir ekki hvernig kynfæri kvenna líta út. Fólk í þessum ættbálki hvorki sér né snertir kynfæri hvort annars og kyssist ekki, svo kynferðisleg hugsun er allt öðruvísi en við erum vön á Vesturlöndum. Eftir umskurðinn hafa konur litla kynferðislega löngun og eru því ánægðar með að kynlífið standi stutt yfir og það er fyrst og fremst stundað til að geta börn,“ bætir hún við.

**Metsöluhöfundur**

Aldrei reyndi á hver örlög Napirai yrðu því Corinne flutti frá Kenýa ásamt dóttur sinni þegar hún var eins og hálfs árs. Lketinga var þá farinn að drekka óhóflega og mikil afbrýðisemi hans reyndist erfið. Fimm árum eftir heimkomu sína til Sviss byrjaði Corinne að skrifa sögu sína fyrir Napirai. Eftir hvatningu bróður síns leitaði hún til útgefanda og bókin, Hvíti masaíinn, kom fyrst út árið 1998. Síðan þá hefur bókin selst í um 3,5 milljónum eintaka út um allan heim á 30 tungumálum og gerð hefur verið kvikmynd byggð á sögunni.

Þegar Napirai var komin á unglingsár heimsótti Corinne Kenýa aftur ein síns liðs árið 2004. Þar fór vel á með henni og Lketinga, þrátt fyrir að þau hefðu ekki sést í fjórtán ár, en hann var þá kvæntur tveimur konum og viðurkenndi fyrir Corinne að hann hefði átt við vandamál að stríða þegar hún skildi við hann. Í kjölfarið skrifaði hún bók um endurfundina og aðra um hvernig það var að flytja aftur til Sviss eftir búsetu sína í Kenýa, og þær eru báðar orðnar metsölubækur líkt og Hvíti masaíinn.

Corinne, sem nú er 48 ára, heldur reglulega fyrirlestra í Þýskalandi og fær ótal bréf frá ánægðum lesendum út um allan heim sem dást að hugrekki hennar og dirfsku. Það er ekki sjálfgefið að fólk fylgi tilfinningum sínum og innsæi líkt og Corinne gerði þegar hún hélt til Afríku, en hún vonar að það veiti öðrum innblástur. „Flestir eru hræddir við að fylgja eigin tilfinningum og ég held að það sé ein ástæðan fyrir því að bókin hefur notið svo mikillar velgengni, en ég vona að sagan veiti fólki innblástur og hugrekki til að þora að fylgja hjartanu,“ segir Corinne að lokum og kveður með bros á vör.

## ➜ NÝIR SÍÐIR



**ÁSTFANGIN** Corinne og Lketinga voru yfir sig ástfangin eftir að Corinne hafði leitað hann uppi í Kenýa.



**ÓHEFÐBUNDIÐ BRÚÐKAUP** Corinne klæddist hvítum brúðarkjól þegar hún giftist Lketinga, ólíkt því sem tíðkast í ættbálki masaía.



**GLÆSILEG FJÖLSKYLDA** Corinne og Lketinga með litlu dóttur sína Napirai.

Allt að **30%** afsláttur

B&L kynnir:

# Sýningarbílar
## á góðum kjörum




**Bílar í boði** *1 bíll af hverri gerð í boði

| | | | |
|---|---|---|---|
| BMW 116i* | 30% afsláttur | Hyundai SANTA FE II* | 25% afsláttur |
| BMW 318i* | 25% afsláttur | Hyundai Tucson* | 25% afsláttur |
| BMW 530XI* | 25% afsláttur | Land Rover Freelander* | 30% afsláttur |
| BMW X5* | 20% afsláttur | Renault Clio* | 30% afsláttur |
| Hyundai i30* | 30% afsláttur | Renault Megane II* | 25% afsláttur |

Erum með opið 10-18 alla virka daga og frá 10-16 á laugardögum. Vertu fyrstur að krækja þér í einn af þessum fínu bílum sem í boði eru. Hafðu samband við sölufulltrúa okkar í síma 575-1200 og við gerum þér freystandi tilboð.

B&L | Með bílinn handa þér

Grjóthíls 1 | 110 Reykjavík | S 575 1200 | www.bl.is | bl@bl.is

# Litið undir lögguskrápinn

Lögreglumenn hafa það orð á sér að þeir séu harðir naglar með þykkan skráp. *Jón Sigurður Eyjólfsson* fékk aðeins að líta undir skráp **Kristjáns Helga Þráinssonar** sem segir frá hnífstunguárás, innbrotsþjófi sem fyrrverandi ráðherra stöðvaði, lögguhúmornum, erfiðum viðfangsefnum, samvistum með ofbeldismönnum og mýktinni sem lögreglumenn reyna frekar að nota en hörku.




**Á VAKTINNI** Hér er Kristján Helgi á vaktinni en þar getur býsna margt komið upp eins og sjá má af frásögn hans um störf lögreglunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ég er ekki vanur að ræða svona mál við einhvern sem ég þekki ekki," segir Kristján í upphafi spjalls. Hann er alvarlegur í bragði en þó er ekki langt í brosið þegar svo ber undir. Stundum má þó sjá að umræðuefnið snertir viðkvæma strengi og það er eins og augnaráðið beri með sér að þessi augu hafi séð fleira en flest önnur.

**Sumt venst aldrei**

„Mig langaði til að prófa þetta starf svo ég sló til árið 1996 þegar mér bauðst að hlaupa í skarðið á Ísafirði í afleysingum," segir Kristján Helgi. „Ég fann strax að starfið á vel við mig. Það er áhugavert, spennandi og fjölbreytt. Nú er ég búinn að vera í þessu í tólf ár og mér finnst enn þá skemmtilegt að fara í vinnuna."

Hann segir flest viðfangsefni lögreglunnar vera skemmtileg en síðan verði menn að læra að brynja sig gagnvart öðrum sem eru átakanlegri. En aldrei verður skrápurinn þó það þykkur að mannlegur harmleikur nái þar ekki í gegn. „Erfiðast af öllu þykir mér að koma að látnum eða slösuðum börnum. Það er alveg sama hversu oft maður lendir í slíku það venst aldrei. Sérstaklega hefur þetta djúp áhrif á mig eftir að ég eignaðist börn sjálfur.

Svo eru það sjálfsvígin," segir Kristján og andvarpar. „Það er sorglegt að horfa á eftir ungu fólki sem hefur tekið líf sitt kannski vegna vandamáls sem virtist þeim óyfirstíganlegt en í augum þeirra eldri er þetta jafnvel léttvægt vandamál. Þá finn ég vissulega mikið til með aðstandendum sem sitja eftir.

Og það getur verið afar einkennilegt að vera kannski nýbúinn að tala við aðstandendur í slíkum tilfellum og koma síðan á vettvang þar sem menn virðast vera tilbúnir til að búa til mikið vandamál úr einhverju litlu máli skiptir. Það virkar að minnsta kosti lítils háttar þegar þú ert nýbúinn að tala við fólk sem er virkilega að takast á við dauðans alvöru. En venjulega gefst okkur nú tími til að stramma okkur af þegar við komum úr átakanlegum aðstæðum."

**Blóðug átök í heimahúsi**

En lögreglumenn koma ekki aðeins að fólki í sárum, hvort sem þau eru líkamleg eða andleg. Stundum eru þeir sjálfir í mikilli hættu. „Ég hef fengið gat á hausinn, verið bitinn og allur þessi pakki. Það má segja að það fylgi starfinu. Því miður verður það æ algengara að lögreglumenn verði fyrir einhverjum skakkaföllum." Blaðamaður spyr hvort hann hafi einhvern tíma lent í lífsháska. „Nei, og þó. Við erum náttúrulega oft í nokkurri lífshættu. Til dæmis bara það að keyra á forgangi eitt í borginni, auðvitað er það mikil hætta svo dæmi sé tekið. Og svo lendum við í einu og öðru. Til dæmis var ég eitt sinn við hliðina á manni sem var stunginn á hol. Þá vorum við kallaðir út vegna ágreinings í heimahúsi og þegar við erum búnir að skilja deiluaðila að rýkur annar þeirra að hinum sem þá stóð þétt upp við mig og rekur hníf í kviðinn á honum. Sem betur fer varð þetta honum ekki að aldurtila sem má heita algjör heppni. Eins má segja að ég hafi verið heppinn að hann stakk mig ekki."

En hvernig er síðan að koma af vakt eftir svona atburði? „Auðvitað sækja að manni hugsanir um það hvort ég hefði getað komið í veg fyrir þetta. En það er líka mikil samkennd meðal lögreglumanna þannig að við getum talað um þessa hluti sem er mjög mikils virði fyrir okkur."

**Með ofbeldismönnum í ræktinni**

Við búum í litlu samfélagi og því hlýtur Kristján á sínum tólf ára lögregluferli hafa séð fólk sem hann hafði afskipti af á lögguvaktinni bregða fyrir í einkalífinu. „Jú, ég hef oft lent í því. Þegar ég fer í líkamsræktarstöðina kemur það oft fyrir að ég hitti fyrir menn sem ég hef haft afskipti af vegna ofbeldismála." Blaðamaður spyr hvort ekki sé óþægilegt að hitta fyrir slíka óvildarmenn, til dæmis í sturtunum. Kristján hlær við. „Það hefur ekki verið neitt vandamál. Ég er svo sem ekkert að gefa mig á tal við þá að fyrra bragði, ég leyfi þeim að hafa frumkvæðið. Hingað til hefur það allt verið á jákvæðum nótum, ég hef meira að segja lent á stuttu spjalli við suma. Þeir virðast alveg hafa skilning á því að ég hef mínu hlutverki að gegna í vinnunni en síðan á ég mitt einkalíf."

En til eru endurfundir sem Kristjáni eru kærari. „Vissulega hef ég séð í mínu starfi fólk sem er milli heims og helju. Það er sérstaklega gefandi þegar ég sé svo sama fólk nokkru síðar við hestaheilsu og er kannski að kaupa í matinn með maka sínum. Ég hef mig ekkert í frammi þá heldur en það er óneitanlega gaman að fá staðfestingu á því að mál sem ég hef komið að hafi fengið farsælan endi."

> „Erfiðast af öllu þykir mér að koma að látnum eða slösuðum börnum. Það er alveg sama hversu oft maður lendir í slíku það venst aldrei. Sérstaklega hefur þetta djúp áhrif á mig eftir að ég eignaðist börn sjálfur

**Af rúntinum á lögregluvettvang**

En smæð samfélagsins getur einnig haft sínar neikvæðu hliðar. Kristján segir það vissulega afar erfitt þegar lögreglumaður þarf að hafa afskipti af ættingjum, vinum eða kunningjum í erfiðum kringumstæðum. „Ég hef lent í slíku og það er afar erfitt eins og fólk getur kannski ímyndað sér," segir hann. „En við reynum alltaf að koma málum þannig fyrir að þessi staða þurfi ekki að koma upp en stundum er ekki hægt að komast hjá því."

Eiginkona Kristjáns, Elín Agnes Kristínardóttir, starfar einnig í lögreglunni og á heimili þar sem tveir lögreglumenn búa geta mörkin milli einkalífs og vinnu orðið býsna óljós. „Eitt sinn vorum við á rúntinum en þá hringir einn ættingi og segir að sést hafi til innbrotsþjófs við stofnun eina í bænum. Við hringdum í kollega okkar á stöðinni en förum svo á vettvang og í stuttu máli sagt endaði þetta mál með þeim hætti að þjófurinn klessti á lögreglubíl þegar hann var á flótta, hljóp svo út úr bílnum en þá varð fyrrverandi ráðherra á vegi hans og stöðvaði þjófinn og kom honum í okkar hendur." Lögreglumenn eru bundnir trúnaði svo ekki fæst Kristján til að segja frekari deili á ráðherranum fyrrverandi.

**Lögguhúmorinn**

Kristján segir nauðsynlegt fyrir lögreglumenn að hafa kímnigáfuna í lagi því hún geti auðveldað mönnum að takast á við þungbærar raunir. „Lögreglumenn hafa mikinn húmor en hann getur stundum verið svartur," segir Kristján. „En menn hafa líka húmor fyrir sjálfum sér og það getur verið gaman að heyra menn segja skondnar sögur úr starfinu." Blaðamaður biður hann að rifja upp eina slíka frásögn.

„Einn félagi var sendur í hús eitt til að athuga með mann. Forsagan var þannig að lögreglumaðurinn var alveg viðbúinn því að koma að líki þar inni. Þegar hann kemur í íbúðina sér hann manninn í einu herberginu. Hann lokar því og er að kalla á lækni til að líta á líkið sem var þó ekki líflausara en svo að það kemur aftan að honum, pikkar í öxlina á honum og spyr hvað sé eiginlega í gangi."

**Mýktin frekar en harkan**

„Þótt fólk sjái okkur fyrir sér sem einhverja hörkunagla þá er staðreyndin sú að starf okkar felst að miklu leyti í því að láta reyna á mýktina með því að miðla málum og ná ásættanlegum málalokum með því að tala við fólk. Hins vegar verð ég að segja að ég verð var við sífellt meira virðingar- og agaleysi í þjóðfélaginu."

Fréttablaðið hefur oft fjallað um að lögreglumönnum á höfuðborgarsvæðinu hafi ekki fjölgað síðasta áratug en á sama tíma hafi íbúum fjölgað um tugi þúsunda og viðfangsefnin orðið fleiri og flóknari. „Jú, vissulega finnur maður stundum fyrir því að við erum of fáir," segir Kristján. „Álagið getur oft verið mikið en enn sem komið er hefur okkur gengið blessunarlega að höndla það."

Að því kveðnu verður blaðamaður að hleypa Kristjáni á vaktina en veltir ósjálfrátt fyrir sér í hvaða ævintýrum hann muni lenda í dag.

## ➜ HVERJIR MEGA GANGA Í LÖGREGLUNA?

*Samkvæmt 38. grein lögreglulaga skulu lögreglumannsefni fullnægja eftirtöldum skilyrðum:*

**a.** vera íslenskir ríkisborgarar, 20-35 ára en þó má víkja frá aldurshámarkinu við sérstakar aðstæður, og hafa ekki gerst brotleg við refsilög; þetta gildir þó ekki ef brot er smávægilegt eða langt um liðið frá því að það var framið.
**b.** vera andlega og líkamlega heilbrigð og standast læknisskoðun trúnaðarlæknis.
**c.** hafa lokið að minnsta kosti tveggja ára almennu framhaldsnámi eða öðru sambærilegu námi með fullnægjandi árangri eða starfsþjálfun sem jafna má til slíks náms. Þau skulu hafa gott vald á íslensku, einu Norðurlandamáli auk ensku eða þýsku, þau skulu hafa almenn ökuréttindi til bifreiðaaksturs. Lögreglumannsefni skulu synd.
**d.** standast inntökupróf með áherslu á íslensku og þrek.






**Lottósjálfsalar eru á eftirtöldum stöðum:**
Hagkaup Spönginni, Holtagörðum, Skeifunni og Smáralind, Litlatúni Garðabæ og Akureyri
Bónus Fiskislóð og Smáratorgi • Nettó Salavegi og Mjódd • Fjarðarkaup • World Class
Laugum • 10/11 Austurstræti, Glæsibæ, Hjallabrekku Kópavogi, Lágmúla, Staðarbergi,
Sporhömrum, Lyngási og Arnarbakka • Smárinn íþróttahús • Players • Reykjavíkurflugvöllur.

# Afgreiddi sig sjálfur og fékk 33 milljónir

Íslensk getspá óskar hinum stálheppna Lottóspilara sem fékk rúmlega 33 milljónir króna í Lottóvinning um síðustu helgi innilega til hamingju. Hann keypti vinningsmiðann með því að afgreiða sig sjálfur í íþróttahúsinu Smáranum í Kópavogi.

Lottósjálfsalar eru nýjung hér á landi en þá afgreiðir maður sig sjálfur með kreditkorti og allir vinningar sem eru undir 25 þúsund krónum eru lagðir beint inn á kredtikortareikning viðkomandi, sem er mikið öryggisatriði. Stærri vinninga þarf að vitja hjá Íslenskri getspá.

Í sjálfsölunum er líka hægt að kaupa miða í **Víkingalottóinu** og spila í **Lengjunni** og **1X2**.

Lottó

# Glundroðakenning og veruleiki

Tveir fyrrum forsætisráðherrar Íslands og lögspekingar, **Bjarni Benediktsson** og **Ólafur Jóhannesson,** gengu fyrstir manna fram fyrir skjöldu og greindu hvað það myndi þýða ef forseti Íslands beitti synjunarákvæði 26. greinar stjórnarskrárinnar. Þeirra niðurstaða var að beiting synjunarvaldsins þýddi stjórnarkreppu. Tveir forsetar lýðveldisins hafa staðið frammi fyrir því að beita þessu umdeilda valdi þjóðhöfðingjans, en með ólíkri niðurstöðu. Svavar Hávarðsson kynnti sér málið.

Fjórum dögum fyrir forsetakosningarnar árið 1968 tók Matthías Johannessen, fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins, viðtal við þáverandi forsætisráðherra Bjarna Benediktsson þar sem þeir ræddu ýmis álitamál varðandi forsetaembættið. Þyngst á metunum í spjalli þeirra var þegar Matthías spurði ráðherra um synjunarvald forseta samkvæmt 26. grein stjórnarskrárinnar. Niðurstaða hans var skýr. Forseti á ekki að beita þessu ákvæði. Um langt skeið var horft til þessa mats Bjarna sem lokadóms, sérstaklega þar sem annar virtur lögspekingur sem gegndi forsætisráðherraembætti, Ólafur Jóhannesson, var sama sinnis og renndi frekari stoðum undir niðurstöðu hans í ræðu og riti. Lengi fjölluðu fræðimenn á sviði stjórnskipunarréttar takmarkað um efnið eða þangað til á reyndi með ákvörðun Ólafs Ragnars Grímssonar um að synja fjölmiðlafrumvarpinu svokallaða staðfestingar. Það liggur einnig fyrir að Vigdís Finnbogadóttir glímdi við áleitnar spurningar þegar lögin um samning um Evrópska efnahagssvæðið komu til samþykktar hennar. Þrátt fyrir ólíka niðurstöðu tveggja forseta virðist sem þau hafi bæði metið stöðuna í samfélaginu rétt og niðurstaða þeirra verið í samræmi við það sem gömlu lögspekingarnir héldu fram áratugum fyrr.

### Takmörk raunverulegs valds

„Í stjórnarskránni er forsetanum að nafni eða formi til fengið ýmislegt annað vald, þar á meðal getur hann knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslu um lagafrumvörp með því að synja frumvarpinu staðfestingar. Þarna er þó einungis um öryggisákvæði að ræða, sem deila má um, hvort heppilegt hafi verið að setja í stjórnarskrána. Aldrei hefur þessu ákvæði verið beitt og sannast sagna á ekki að beita því, þar sem þingræði er viðhaft. Forseti verður bæði að kunna skil á takmörkum síns raunverulega valds og hafa hæfileika til þess að beita því rétt, þegar á reynir,“ sagði Bjarni í viðtalinu við Matthías árið 1968 og bætti við að sér væri ekki kunnugt um „að forseta hafi nokkru sinni komið til hugar að stofna til þess glundroða, sem af því mundi leiða, ef hann ætlaði að hindra Alþingi í löggjafastarfi þess.“ Það er að segja stjórnarkreppu. Þess má geta að vitnað var til þessara orða hans á Alþingi í umræðum um fjölmiðlafrumvarpið árið 2004. Víða er hægt að finna þessari skoðun Bjarna stað en hvergi lýsir hann henni á eins afdráttarlausan hátt. Sigurður Líndal lagaprófessor segir skýrt hafa komið fram að forseti ætti ekki að beita synjunarvaldi sínu enda þýddi það stjórnarkreppu og upplausn.

### Árekstrar við ráðherra

Ólafur Jóhannesson lýsti afdráttarlausri skoðun sinni á því hvernig túlka bæri ákvæði 26. greinar um synjunarvald forseta í riti sínu Stjórnskipun Íslands, sem kom fyrst út árið 1960. Ágreiningurinn snerist í aðalatriðum um það hvort forsetinn hafi persónulegt synjunarvald gagnvart lögum án þess að atbeini ráðherra þurfi að koma til, eins og gildir um aðrar stjórnarskrárráðstafanir hans. Það er að segja þangað til Ólafur Ragnar ákvað að nýta sér þessa heimild. Sagði Ólafur í bók sinni engan vafa leika á því að forseta sé formlega heimilt að neita að staðfesta lög. Hann segir þó jafnframt að „hins vegar gætu slíkar synjanir hans leitt til árekstra við ráðherra og orðið til þess að ráðherra segði af sér. Gæti þá svo farið að forseti yrði í vandræðum með myndun þingræðislegrar ríkisstjórnar ef meirihluti þings stæði með ráðherra sem gera mætti ráð fyrir.“ Ólafur sá líka stjórnarkreppu í spilunum.

### Vigdís og EES-samningurinn

Bjarni sagði í viðtalinu við Matthías árið 1968 að forseta Íslands hefði aldrei dottið í hug, svo hann vissi til, „að stofna til þess glundroða“ sem af því hlytist að beita synjunarvaldinu. Þetta breyttist árið 1993 í kringum lagasetningu um Evrópska efnahagssvæðið eins og Vigdís Finnbogadóttir lýsti fyrst í yfirlýsingu sem hún las upp á ríkisráðsfundi þar sem hún staðfesti hin umdeildu lög.

Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, fjallar um afstöðu Vigdísar til lagasetningarinnar í nýútkominni bók, Uppbrot hugmyndakerfis, á nákvæmari hátt en áður hefur verið gert, en hún hafði verulegar efasemdir um EES-samninginn vegna þess fullveldisafsals sem í honum fólst.

Í viðtölum Baldurs við Vigdísi lýsir hún á opinskáan hátt hversu þungt það reyndist henni að taka ákvörðun um hvort hún beitti synjunarvaldinu, eins og hún helst vildi, eða skrifaði undir og virti vilja meirihluta Alþingis og ríkisstjórnarinnar, eins og venja var til. Það má geta sér til um að á þeirri vegferð hafi hún kynnt sér í þaula mat lögspekinga og þeirra á meðal Ólafs og Bjarna. Hún sá vandamálið í sama ljósi og þeir eins og kemur fram í grein Baldurs.

„Vigdís mat stöðuna þannig að neitaði hún að skrifa undir samninginn yrði þjóðaratkvæðagreiðsla. Ríkisstjórnin myndi líklega segja af sér og sú staða hefði getað komið upp að á sama tíma hefðu verið haldnar alþingiskosningar og þjóðaratkvæðagreiðsla. Það hefði leitt til upplausnar í innri stjórnmálum landsins,“ skrifar Baldur. Í viðtölum höfundar við Jón Baldvin Hannibalsson, þáverandi utanríkisráðherra, kemur fram að hann og Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, mátu stöðuna á sama hátt. Forsætisráðherra myndi rjúfa þing og efna til kosninga sem að meira eða minna leyti myndi snúast um EES-samninginn. Tilfinning Davíðs var að nýr þingmeirihluti myndi staðfesta samninginn að nýju og spurði Vigdísi (á sérstökum fundi formanna stjórnarflokkanna með henni) hvað forsetinn myndi þá taka til bragðs. Annaðhvort forsetinn eða þingmeirihlutinn þyrfti að víkja.

Vigdís greindi Baldri frá því að hún hafi gert sér fulla grein fyrir þýðingu ákvörðunar sinnar og afleiðingum hennar. Í stuttu máli sá hún fyrir sér algera upplausn ef hún neitaði að skrifa undir, eins og lögspekingarnir Ólafur og Bjarni. Mat hennar virðist hárrétt enda hafði ríkisstjórnin fullt vald á málinu bæði á Alþingi og meðal þjóðarinnar.

### Hvað breyttist?

Árið 2004 lagði ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks fram frumvarp til laga um takmarkanir á eignarhaldi á fjölmiðlafyrirtækjum. Fjölmiðlafrumvarpið svokallaða olli, eins og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið fyrr, gífurlegum deilum í sölum Alþingis og í þjóðfélaginu í heild. Reyndar eru þetta umdeildustu mál sem komið hafa til kasta Alþingis á síðari tímum, ef tímalengd umræðna á þingi er marktækur mælikvarði.

Þrátt fyrir mikla andstöðu innan þingsins var frumvarpið engu að síður samþykkt en forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, neitaði að staðfesta lögin og vísaði þeim þar með til þjóðaratkvæðagreiðslu. Þótti sú ákvörðun umdeild í meira lagi og vakti upp rökræðu um forsetaembættið; hlutverk forsetans í stjórnskipun landsins og þá ekki síst um synjunarvald hans sem í fyrsta skipti hafði verið beitt. Ekki kom til þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem ríkisstjórnin fékk samþykkt annað frumvarp sem nam hið fyrra úr gildi. Ólafur Ragnar hafði brotið blað í stjórnskipun Íslands með því að synja lagafrumvarpi samþykktu af Alþingi staðfestingar með vísun í 26. grein stjórnarskrárinnar.

En engin varð stjórnarkreppan eða upplausnin í innri stjórnmálum landsins, eins og Vigdís óttaðist. Höfðu lagaspekingarnir rangt fyrir sér? Eða hafði eitthvað breyst?

Í Morgunblaðsviðtali 2. ágúst síðastliðinn var Ólafur Ragnar spurður hvort hann teldi það hafa verið rétta ákvörðun að beita neitunarvaldinu á fjölmiðlalögin. Svar forsetans tekur af allan vafa um að stjórnarkreppa hafi aldrei verið álitamál þegar hann gerði upp hug sinn: „Ég er afdráttarlaust þeirrar skoðunar að það hafi verið rétt ákvörðun. Þær hrakspár, sem margir settu fram, þar á meðal virðuleg blöð í ritstjórnargreinum, um að óáran yrði í stjórnskipan landsins við þá ákvörðun, hafa reynst rangar. Hugsun höfunda stjórnarskrárinnar var að forsetinn væri öryggisventill sem gæti vísað umdeildum málum í dóm þjóðarinnar. Þegar ég beitti þessu ákvæði leiddi það ekki til neinnar upplausnar. Málið var úr sögunni, stjórnkerfið hélt áfram að starfa á þeim grundvelli sem stjórnarskráin gerir ráð fyrir, samband þings og þjóðar féll í eðlilegan farveg og samskipti forseta við þing og stjórnvöld voru með sama hætti og fyrr.“

Óska eftir kolaeldavél með hitakerfi (kola- viðarbrennsla). Til greina kemur miðstöðvarketill með kola- og/eða viðarbrennslu. Hitakerfið þarf að vera í góðu lagi. Uppl. sendist til alftaros@simnet.is

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Hljóðfæri

Antik píanó til sölu, maghony. Verð 200 þús. Upplýs. í síma 564-1771/862-9944

Morris Listowel, Canada. Cabinet brand. C.a. 30ára gamalt píanó. Þarfnast stillingar. V: 50.000 869-9749




### Dúndurtilboð!
Kassagítarar: 1/2 stærð kr.8.900 3/4 stærð kr. 9.900 Full stærð kr. 10.900 Pakkatilboð kr. 16.900 Trommusett kr. 59.900 með stól og diskum. Rafmagnsgítarpakki kr. 24.900 Hljómborð frá kr. 8.900 Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

## Tölvur

Vantar nýlega fartölvu. Stefán 8673110

## Til bygginga



Vinnupallur á hjólum frá Kvörnum, H5 B1,20 L2,5. Verð 250 þús. S. 899 6652.

Vantar um 400 stk af loftastoðum til leigu upplýsingar í S:6633383

Krossviður, timbur, dokar og fl. til sölu. S: 840-7273 og á www.ulfurinn.is

## Verslun

friendtex

**Útsala alla laugardaga frá kl. 11:00 -16:00 Aðeins á laugardögum!**
Friendtex Faxafeni 10, 108 Rvk S:568 2870 www.friendtex.is










**Saltkristall**
Mikið úrval af lömpum og kertastjökum úr saltkristal. Frábær verð, góð og ódýr jólagjöf. ditto.is Smiðjuvegi 4 (græn gata) Sími 517 8060.


Stærri limur
betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

amor
Egg í miklu úrvali
Tilboð á DVD
Frábært úrval af nýjum titlum.
WET
Full búð af nýjum vörum
• INTIMO •
Skúlagata 40a s. 562 2433
Dalvegur 16a s. 562 2445
www.amor.is


## Ýmislegt

Til sölu evrur. Uppl. í síma 692 7678.

# HEILSA

## Heilsuvörur

HERBALIFE VEFVERSLUN Snögg og góð þjónusta! www.betriheilsa.is

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Bodynudd,líkamsnudd. Láttu það eftir þér,þú átt það skilið. Uppl í síma 848 6255 Svara ekki leyninr.

Whole body massage Telepone 846 4768.

**Exclusive tantra massage**
For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**Nudd - Japanska baðið**
Skrúbb, heitur pottur, veitingar, ditox og margt fl. Alltaf opið. S. 823 8280

Ferðanuddbekkir 50.000, ferðasnyrtibekkir 40.000 st.gr. uppl. í S: 891 6447 Óli

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

SCHOOL ICELANDIC

**INTER-LINGUAL LEARNING TECHNIQUE**
ICELANDIC Level I: 4 weeks Md-Frd; 18-19:30 start 10/11, 8/12. Level II: 7 weeks; Md/Wd/Frd; 20-21:30: 8/12, 16/2. Level III: 10 weeks Tsd/Thsd: 9/12, 10/3. Level IV:10 weeks; Sat/Sun 10-11:30: 17/1. Ármúli 5, s.5881169. www.icetrans.is/ice

## Kennsla

Stærðfræðikennari tekur nemendur í aukatíma í vetur. alexandravidar@gmail.com.S:6963943

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Til sölu


MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI
Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fáanleg í netverslun Fleshlight.is

FLESHLIGHT.IS


# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Tvö sófasett til sölu og AEG stál- ísskápur m/frysti. Uppl 846-1363

Vegna brottflutnings, til sölu flygill(Christensen), mahony borðstofuborð með 8 stólum og sérsmíðuðum skenk, auk fleiri stóla og smærri hluta úr innbúi. Uppl. í s. 533 1167 eða 892 3167

Hvítt leðursófasett 2+2+1, voldugt sett frá Tekk húsgögnum verð 75þ. S.846-2852

Til sölu svart leðursófasett 3+2. Nýlegt og vel með farið. V. 45þ. S. 898 0187.

## Heimilistæki

**Tómas ehf**
Verktaki í vöruflutningum
Sími: 820-3880

**Heimsendinga Tilboð**
á að fara kaupa eitthvað stórt! Fáðu okkur til að flytja það heim fyrir þig

**Sendibill**
Verð pr.sending 2900kr

**Lítill lyftubíll**
Verð pr.sending 3800kr

**Stór lyftubíll**
Verð pr.sending 4700kr
Verð fyrir höfuðborgarsvæðið

Hvít 3ja ára Blomberg eldavél með keramikhellum og blæstri til sölu. Upplýsingar í s:896-4002

## Dýrahald



2 hreinr. Labrador rakkar frá HRFÍ. til sölu. Tilb. til afhentingar. S. 822 7705 og dyraland.is/dyr/78231.

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 bjóðum visa/euro raðgreiðslur.**



Til sölu ættbókafærðar Ungverskar Vizslur. Frábærir veiðihundar og yndislegir fjölskylduhundar. Eru tilbúnir til afhendingar. Uppl. í síma 898 1779.

**50% afsláttur af hunda blikkólum**
**Dýrabær Smáralind & Hlíðasmára 9, kóp.**
**www.dyrabaer.is**



Hreinræktaðir Labradorhvolpar til sölu . Frekari uppl. í s. 860 9003/431 4420.

Eigum eftir einn Silky Terrier rakka til sölu, hann verður ættbókarfærður og örmerktur. Tilbúninn um miðja nóv. Uppl. í s. 898 7028.

Óska eftir mjög ódýru fiskabúri, ca. 100-200l, með ljósi. Einnig óskast mjög ódýrir gúbbífiskar. Uppl. í s. 772 5290

Til sölu yndislegir Chihuahua. Örmerktir og bólusettir. Uppl. í s. 898 6448.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Íbúðir í Barcelona, hagstætt verð. Menorca Mahon, Costa Brava, Playa De Aro. Valladolid og Reykjavík, sv.101 Uppl. í s. 899 5863, www.helenjonsson.ws & www.starplus.info

## Fyrir ferðamenn

Flugmiði til Kaupmh daganna 2 des - 8 des. 2 fyrir 1 kr. 35.000. Upplýsingar í síma 8939954

## Hestamennska

Til leigu pláss í góðu hesthúsi í Mosfellsbæ. S. 693 1710.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Bryggjuhverfi**
**Ný glæsileg 3ja herbergja íbúð í Bryggjuhverfju í Grafarvogi til leigu. 164 fm. Leiguverð 200 þús. á mán.**
**Uppl. í s. 894 6188.**

húsaleiga.is

Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Leigusali auglýstu FRÍTT*
Leigjandi leitaðu FRÍTT
Leiga.is
Löggild leigumiðlun
Kynntu þér þjónustu Leiga.is
Sími 534 4488
*m.v. 10 daga

Mosfellsbær. Íbúð til leigu í einbýlishúsi. Sérinngangur. S. 891 7040.

Tvö mjög góð herbergi í Tranavogi með aðgang að öllu. Verð 45.000 per mán. Uppl. í s. 690 5838.

Íbúð við miðbæinn í Rvk., 55fm fæst á yfirtöku. Afb. aðeins 70þ. á mán. Góð 1 íbúð. Uppl. í s. 858 5810.

Herbergi til leigu með aðg. að eldh. og baðherb. Uppl. í s. 867 9403.

Til leigu 3-4 herbergi íbúð m/sérinngangi í 101 Rvk. Uppl. í s. 867 9403.

Ný 100 fm., 3 herb. íbúð til leigu á Vallarsvæði í Hfj.cLaus frá 1.des. V. 115 þús. á mán m. hússjóð. Uppl. í s. 866 8595 e. kl. 18.

Available rooms for a long term rent, 108 Reykjavik. Pokoje do wynajecia na terenie Reykjavik'u 108, tanio i dostepne od zaraz. Tel: 894 1949

Rúmgóð 3ja herb. íbúð í Fiskakvísl til leigu. Er laus. Reglusemi áskilin. Langtímaleiga kr. 100 þ innif. hiti/hússj. Linda 8922884/rannsy@gmail.com

Til leigu björt og falleg 3. herb. íbúð í Hafnarfirði, 76m2. 120þ pr. mán. S: 864-7734

2ja herb. 70fm íbúð á jarðhæð í fossvogi. Leiga 98 þ. S. 820 5698.

Íbúð/Gistipláss/herb. til leigu á svæði 104. Apartments/Rooms for rent contact number 661 4096 & 698 3211.

Til leigu ný, glæsileg 120 fm, 3ja herb íbúð, í Kópavogi. Um langtímaleigu er að ræða. Íbúðin er laus nú þegar. Upplýsingar í síma 693-7304

30fm stúdíó íbúð til leigu með aðg. að öllu á sv. 104. Uppl. í s. 849 0880.

Til leigu 2 herbergja góð íbúð, vel staðsett í 105. Sanngjörn leiga. Upplýsingar í síma 8618207

Room for rent! Nice 9fm room with bed is for rent in Árbær. WC incl. but no shower. 25þús a month plus 50þús incurance. Info. annamagnusd@gmail.com and 564-3783 after 20:00.

2.herb. 68fm íbúð í hafnarfirði til leigu. leigist e.v. m/húsgögnum uppl.8440146

Til leigu í Garðabæ (Arnarnes). Glæsileg björt & hlýlega 2ja herb. íbúð 65fm +18fm loft. Efri hæð, fallegt útsýni. Sérinng. + bílastæði. Íssk., þvottav. rafm. og hiti. Leiga pr. mán. 98þ. S. 554 5620 e. kl. 18 og um helgar.

2ja herb. 70fm íbúð til leigu í Grafarvogi. Getur verið laus strax. S. 661 8984.

3ja herb. íbúð til leigu á góðum stað í miðbæ Rvk. Uppl. í s. 897 1995 & 695 1323.

Opið hús á morgun frá 13.30 -16.00. Seilugrandi 2 - bjalla 101. S. 864 1238.

Mjög góð stúdío íbúð með sér inng. til leigu í Hraunbæ. Verð 80þús. á mán. með hita og hússj. Uppl. í s. 663 9270

2ja-3ja herb. íbúð til leigu í Hafnafirði. Verð 100 þús. Uppl. í s. 865 1349.

Ný 3 herb 100fm íbúð í hfj til leigu á 130.000. Uppl í síma 8936197

Rúmgott og bjart 15 fm herb. í kjallara til leigu í Fífuseli. Með aðgangi að baðherb. Sjónvarpstengi. Laust nú þegar. S: 899 0312

20fm studío íb./herb. til leigu í Kóp. Leiga 60þ. á mán. + hiti og rafm. Laus. Uppl. í s. 864 8357.

Til leigu stúdioíbúð á svæði 110. Verð 80 þús. á mán. Uppl. í s. 898 4009.

3ja herb. risíbúð á svæði 101 vesturbæ er laus til leigu nú þegar. V. 90 þús. Innif. rafmagn og hiti. S. 868 4715.

5 herb. íbúð + 43 fm herb. í kjallara í efra Breiðholti til leigu, laus strax. S. 893 1933.

6 herb íbúð í 110 rkv. 160 þús mán með hita+hússj. einn mán fyrrfr+trygging. S.856 9314.

Lítil stúdíóíbúð á Seltj.nesi fyrir rólegan, reyklausan einstakling. 45þ. á mán. + trygging. S. 8648822.

Bolholt 4 2.h. 125 m2 atvinnuhúsnæði. 200.000 kr/mán. Laust 1. des. s. 825 3901

Samleiga í kópavogi. 20fm herb. í 320fm húsi m. öllu. Internet, heitur pott. sauna ofl. Uppl. í 5178706

Room for rent í Reykjavik 104. Includet WC, kitchen and washing machine. Tel 691 4858.

12fm herb. með aðg. að eldh/baði, í góðri íbúð við Hlemm. 40 þús. Uppl. 696 2321

TIL LEIGU: Hraunteigur 105 Reykjavík. 122fm rishæð-4 svefnherbergi,nýstandsett-Frábær staðsetning uppl. 663-0505

116 fm nýuppgerð 4 herb íbúð í Hlíðunum (2 herb + 2 stofur) til leigu. Leiga 150þ á mánuði + 150þ trygging. Íbúðin að hluta búin húsgögnum. Laus strax. Uppl 896 3894

Seltjarnarnes. 85 fm útsýnisíb á 6.h.í lyftuhúsi + bílag. Parket. Laus. 864-7070

4ra herb. (82fm) íbúð við Holtsgötu til leigu. Langtímaleiga. 130þ. p/mán. Uppl. 822 2307 Óli. Laus strax.

2ja herb. 60fm. íbúð á jarðhæð í Kóp. Þríbýli, sér inngangur. Opið hús fyrir áhugasama Í DAG milli kl 12-14. Laus 1. des. Leiga 90þ. Hiti og rafm. innifalið. S. 694 4150.

Raðhús í Seláshverfi til leigu, 140 fm. með 4 svefnherbergjum. Uppl. í s. 840-0820

2 herb. íbúð m/sérinngang í einbýlishúsi í Garðabæ til leigu. Amma eða einstætt foreldri óskast sem aðstoð við 8 ára dreng gegn lægri leigu. Uppl. í s. 897 7922.

Room for rent with balcony, down town 101 (Bankastræti), sharing Bathroom, living room and big kitchen with washing machine. Only orderliness (reglusemi) people, no smoking or partying aloud. Available now. Information 897 7922.

Til leigu 3ja herb.kj-íbúð í R-109. Verð 97.000 kr. Sími 6951790 og rvk109@yahoo.com

70 fm 3ja herb. íbúð á sv. 101 til leigu. Laus strax. Uppl. í s. 770 2190 & 554 2190.

2ja manna felleg og rúmgóð hótelíbúð til langtímaleigu í Hfj. Sanngjarnt verð. Húsg., eldhúsb., rúmfatnaður, TV, internet. og vikuleg ræsting fylgir. S. 899 7004.

Rúmgóð 80fm 2ja herbergja íbúð í Árbænum til leigu. Reyklaus. S. 897 1717.

4 herb. íbúð í 200 Kóp. til leigu. Mjög stutt í skóla og leikskóla. Sanngjörn leiga. Uppl. í s. 895 6105 eða 554 1216.

Ný og glæsileg 4ja herb. íbúð í Sjálandi, Garðabæ, er nú laus til langtímaleigu. 110fm auk 9fm geymslu og bílkjallara. Ábyrgt fjölskyldufólk óskast. Sími 8602240.

Ódýrt lítið herb. til leigu í hfj, aðg. að öllu. Leigist eingöngu til kvk (er sjálf kvk). S. 661-6616

4 Herbergja íbúð í Grafarvogi. Nýstandsett laus 1 Jan. Uppl. í S:8943343/8945574

Laus strax!65fm búð til leigu á Njálsgötu, 3 herb. Leigist m./án húsg. + þvottal, kr. 110.000 + trygg s: 899-1275

**Langtímaleiga**
2ja - 3ja - 4ja herb. íbúðir. Upplýsingar á www.heimahagar.is

Long stay rooms for rent. lobby@hotelvik.is 5885588

40 fm að Bráðvallagötu nálægt HÍ(svæði 101). Leiga 76þ. á mán. húsg. geta fylgt. 40 sqm. apartment at Brávallagata nearby the university(101). 76.000 per month, furniture provided on request. Tel. 822 1485.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Óska eftir 2 eða 3 herb. íbúð í göngufæri frá Réttarholtsskóla. Með eða án húsg. Skilvísar greiðslur. S. 617 7830.

Unga skólastúlku vantar 2.herb eða súdíóíb. í gönguf. v/miðbæ. Uppl í s.663 5758

Óska eftir íbúð í 101, m húsg, interneti frá 091208-8.1.09. Einungis Falleg og snyrtilegt ibud kemur til greina. uppl. sendist til ibudsvar@gmail.com

Óska eftir 3-4 herb. íbúð á svæði 109 til leigu. Uppl. í s. 691 2173.

Fjölskylda óskar eftir 4 herb. íbúð í Hfj. Helst í Völlunum. Greiðslugeta 130 þ. á mán. S. 895 2220.

Vil leigja 2-3 herb íbúð í Hafnarf. eða Gbæ. Greiðslugeta 75.000 á mán. Upplýs. í síma 858 0413

## Húsnæði til sölu

Til sölu 57fm íbúð ásamt 25fm bílskúr á sv. 105. Uppl. í s. 846 7236.

## Fasteignir

BÚSETI

## Atvinnuhúsnæði

Gott/góð skrifstofuherbergi til leigu, Síðumúla 31, 3h. Sími 894 1949

3.herb. 85fm íbúð á 2. hæð í 110R til leigu á 110þ á mánuði með hússjóð án rafm. Leigist með/án húsg. Sími 8983078.

Risíbúð 101 R Til leigu strax í þríb. v/Frakkast, ca. 50 m2. Allt sér, íssk. þv.vél/þurrk. Skoðun s. 848 5896.

Til leigu skrifstofu herb. á Strandgötu í HFJ. ca. 20fm. Uppl. í S. 899-8121

LAUS, falleg 5 herbergja íbúð á jarðhæð í einbýlishúsi með sérinngang. Nýmáluð 155fm, stutt í allt, nálægt þjónustusvæði. Mossfellsbær. V. 139þ. S. 840 5408.

**Bolholt 4 til leigu !**
170 fm verslunar eða skrifst.húsnæði á götuhæð. Hægt að skipta í tvennt, lausir veggir! Steinteppi á gólfi. Allt í góðu standi. Laus strax! S. 511 2900 / 893 8166 / 896 0747.

Verslunarhúsnæði við Laugarveg, 100 fm til leigu. Laust frá 1. Des. Uppl. í s. 822 8168.

## Geymsluhúsnæði

**Geymsluhúsnæði**
Fyrir tjaldvagna og hjólhýsi ofl Uppl síma 770-5144

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

Vetrargeymsla á höfuðborgarsvæðinu. Tjaldvagnar, fellihýsi, hjólhýsi og fl. Gott verð. Sími 860 1918.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

## Bílskúr

Vantar bílskúr á leigu í hólahverfi 111. Vinsamlega hafið samband í síma 6908257.

Nýr tvöfaldur bílskúr til sölu. Uppl. í s. 694 9440 (Gott verð).

## Gisting

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

starf.is

Heiðarlegur Íslenskur öryrki sem búið er að stela af öllum lífeyrisgreiðslum. Tekur að sér að sitja í fangelsi fyrir íslenska útrásarvíkinga geng vægri gr. Ávinningur! Frítt fæði og húsnæði. Frí lyfja, læknis og áfallahjálp auk þess að losna við félagslega einangrun og hefur möguleika á fríu námi og líkamsrækt. Tilboð sendist til FBL merkt „gullkálfur“ Vinsamlegast geymið auglýsinguna þar sem hún gæti komið sér vel síðar.

### Verslunin Tiger

Starfsfólk óskast í verslanir okkar á höfuðborgasvæðinu til jóla. Skemmtilegt starf með góða möguleika. Uppl. í síma 660 8211 tiger.sandra@simnet.is

Rafvirki / Rafeindavirki / Vélstjóri Fjölbreytt starf í boði fyrir handlaginn starfsmann. Viðgerðir, þjónusta og tjónamat á rafbúnaði. Nánari uppl. í síma 8920784.

Opal Seafood ehf er framsækið fyrirtæki í Hafnarfirði sem framleiðir reyktar sjávarafurðir, en þó aðallega reyktan og grafin lax. Við óskum eftir manneskju, 25 ára eða eldri til kynningastafa í verslunum í nóvember og desember. Áætlað er að kynna 3-5 sinnum í viku seinnipartin. Umsækjandi þarf að hafa góða þjónustulund, reynslu af sölumennsku, vera snyrtilegur og vel máli farinn. Áhugasamir sendið umsókn á opal@opal.is fyrir þriðjudaginn 11 nóvember.

Ert þú sjálfstæð/ur einstaklingur, frábært tækifæri. S. 772 2885, Kristján og Sigríður.

Sjómenn óskast á á 15 tonna yfirbyggða trillu með línubeitningravél sem gerð er út frá Færeyjum. Einungis reglusamir menn koma til greina. Góðir tekjumöguleikar fyrir góða menn. Nánari upplýsingar í síma +298744667 eða 4960175.

### Húsvörður

Húsvarðarstaða er laus til umsóknar í nýlegu 27 íbúða húsi. Íbúð fylgir ásamt bílastæði í kjallara. Enska og tæknileg kunnátta æskileg. Staðar er laus frá 1.12.'08. Uppl. í s. 866 5754 og 663 2542.

### Vinna í Þýskalandi

Maður vanur bússtörfum óskast á hestabúgarð í Þýskalandi (ísl. hestar). Ísl.-Þýsk fjölsk. S. 0049 8124909522 & veinarsson@web.de

Nýleg 4 herb. íbúð á 1. hæð í Álfkonuhvarfi 19, 128 fm+10 fm svalir. Björt og stór stofa, parket á gólfum. Stæði í bílageymslu. Leiga 160 þús/mán. Hiti, rafm., hússj. innif. Reynir Kristinsson gsm: 8204410.

Rauða Torgið leitar samstarfs við skemmtilegar konur vegna símaþjónustu sinnar „Dömurnar á Rauða Torginu“. Góðir tekjumöguleikar fyrir yndislegar konur. Nánari uppl. á vef okkar, www.raudatorgid.is.

Au-pair/vinnukona Óskum eftir að ráða au-pair á lítinn búgarð í danmörku. Okkur vantar hjálp fra feb/mars til að passa 2 litlar stelpur og hugsa um dýrin okkar, við erum með íslenska hesta ofl. Nánar uppl. sigrunoggert@os.dk

### Atvinnuleit í öðru landi

Hefur þú skoðað heimasíðu Íslandssetursins í Danmörku. Það er aldrei að vita hvaða framtíð og möguleikar bíða þín. Í lífinu eru engin landamæri. Íslandssetrið í Danmörku www.izland.dk

## Atvinna óskast




Kona með mikla starfsreynslu af allri skrifstofu vinnu auk bókhalds vinnu til uppgjörs óskar eftir vinnu. S. 868 4715.

Þrítugur karlmaður með iðnmenntun óskar eftir kvöld og helgarvinnu, næturvinnu, eða mikilli aðalvinnu.

Meiraprófsbílstjóri óskar eftir vinnu. Uppl. í s. 823 1750.

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

## Viðskiptatækifæri

Drífandi meðeigandi óskast í lítið heilsuvörufyrirtæki með Íslenskt hráefni til að efla þróun og markaðssetningu. Ekki þarf mikið fjármagn. Uppl. í s. 690 5124.

Vantar þig vinnu? Því ekki að skapa sér vinnu sjálfur. Til sölu lítið fyrirtæki í góðum rekstri í Keflavík. Möguleg yfirtaka á hagstæðu erlendu láni. Ath ýmis skipti. S 694-4469 eða runahans@gmail.com

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Ottó hefur verið týndur síðan 28. okt. sl. Hann er með græna endurskinsól með rauðri bjöllu og er örmerktur. Ottó hlýðir nafninu sínu. Hafðu samband í 862-0271/487-5206 ef þú hefur séð til hans.

## Ýmislegt




BARNAMYNDIR-BUMBUMYNDIR-FJÖLSKYLDUMYNDIR Áhugasamir hafið samband: 7723223 Anna

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur S. 908 6666, opið allan sólarhringinn.**

**Öll stærstu símafyrirtækin ná nú í gegn.**




### Erótískt DVD

Til sölu Erótíkst DVD +18 25 titlar verð 1.200.-kr stk. Uppl. í s. 844 0542 eftir kl. 18.

### Aðstaða nauðsynleg

Karlmaður um fimmtugt vill kynnast karlmanni með aðstöðu. Auglýsing hans er hjá Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr . 8306.

### Samkynhn. KK ath:

Á Rauða Torginu Stefnumót er nú mikill fjöldi nýrra auglýsinga frá karlmönnum á öllum aldri sem leita kynna við karlmenn. Sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort).

### Kona ATH!

Leitar þú afþreyingar með karlmanni? Viltu eignast nýjan vin? Viltu spjalla við karlmenn á vandaðri spjallrás? Nýttu þér gjaldfrjálsa þjónustu Rauða Torgsins Stefnumót með 100% leynd! Síminn er 555-4321.

## Til sölu







## Atvinna



### Reykhólahreppur óskar eftir starfsfólki

Í Reykhólahrepp vantar kennara í 100% stöðu til afleysinga frá og með 1. desember 2008. Einnig vantar starfsmann (sjúkraliða eða ófaglærðan starfsmann) við aðhlynningu aldraðra á hjúkrunarheimilinu Barmahlíð.

Við skólann starfa sex faglærðir kennarar ásamt skólastjóra. Í skólanum eru 35 nemendur frá 1.-10.bekk. Á hjúkrunarheimilinu Barmahlíð eru sextán vistmenn. Þetta eru góðir vinnustaðir með frábæru starfsfólki. Íbúð er í boði, tveggja herbergja sem leigist á ca. 30. þúsund.

Þetta er kjörið tækifæri fyrir par sem vill breyta til og búa á yndislegum stað. Reykhólar eru staðsettir í um 230 km fjarlægð frá Reykjavík og samgöngur með besta móti. Góð sundlaug er á staðnum og nýtt glæsilegt íþróttahús sem er fullnýtt í æfingar s.s.badminton, körfubolta, fótbolta og blak. Mikil náttúrufegurð og fuglalíf er á Reykhólum og margar gönguleiðir í boði.

Ef þetta vekur áhuga þinn/ykkar endilega hafið þá samband . Skoðið endilega heimasíðu Reykhólahrepps www.reykholar.is

Nánari upplýsingar fást hjá Hrefnu Hugósdóttur, hjúkrunarforstóra í síma 892-6379 og Júlíu Guðjónsdóttur, skólastjóra í síma 862-1519.

## Þjónusta



# Uppáhaldsstaðurinn er Ísland

**Sindri Már Sigfússon** er forsprakki sveitarinnar Seabear en er auk þess að gefa út plötu í desember með nýju sólóverkefni sínu sem kallast Sin fang bous. *Anna Margrét Björnsson* fékk hann í þriðju gráðu yfirheyrslu.



**SINDRI SEABEAR** Hefði viljað verða atvinnumaður í fótbolta ef hann hefði ekki orðið tónlistarmaður. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**Hvenær varstu hamingjusamastur?** þegar KF Mjöðm nældi sér í stig þegar við gerðum jafntefli við Mývetninga í sumar í Carlsberg-deildinni.

**Ef þú værir ekki tónlistarmaður, hvað værirðu þá?** Atvinnumaður í fótbolta.

**Hvað er það dýrasta sem þú hefur nokkurn tímann keypt þér?** BA-gráða.

**Hvað er það versta sem nokkur hefur sagt við þig?** Kærastan mín benti mér einu sinni á að það væri súr ælulykt af hárinu á mér eftir eitthvert gott partí.

**Ef þú byggir ekki í Reykjavík, hvar vildirðu búa?** Í Vimmerby í Svíþjóð.

**Uppáhaldshljómsveit allra tíma og af hverju?** Horse Marley. Sá rosalega tónleika með þeim í tónakjallaranum á mótunarárum mínum.

**Draumahelgin þín í einni setningu:** Sumarbústaðagrill með fótbolta, fjölskyldu og vinum. Beisikk.

**Hvert er versta starf sem þú hefur nokkurn tímann gegnt?** Ég var kerrudrengur hjá Hagkaupum fyrir um 15 árum. Mér fannst það frekar leiðinlegt og entist ekki lengi. Annars hef ég bara verið í fínni vinnu.

**Uppáhaldsstaðurinn þinn á jörðunni?** Ísland.

**Hvers konar tónlist hefur mest áhrif á þig og hvaða lag hlustarðu mest á í dag?** Ég hef hlustað á svo mikið af mismunandi tónlist í gegnum árin að ég er ekki alveg viss hvað hefur haft mest áhrif á mig. Örugglega eitthvað væmið. Lagið sem ég hlusta mest á í dag er Born to Run með Bruce Springsteen.

**Ef þú ættir tímavél, hvert myndurðu fara og af hverju?** Fram í tímann þar sem ég myndi kaupa safnplötu með sjálfum mér. Myndi spara mikinn tíma.

**Er eitthvað sem heldur fyrir þér vöku á nóttunni?** Kærastan vekur mig oft á nóttunni og segir mér frá ýmsu merkilegu sem hún man svo ekkert eftir næsta dag.

**Ef þú gætir breytt einhverju í fortíð þinni, hvað væri það?** Ég hefði keypt meira snakk þegar ég var í Svíþjóð um daginn.

**Hvenær fékkstu síðast hláturskast?** Þegar Jörundur talaði í bjórdósina í Dagvaktinni um daginn.

**Áttu þér einhverja leynda nautn?** Pripps, graslauks-snakk og munntóbak.

**Uppáhaldsbókin þessa stundina:** Landslag er aldrei asnalegt eftir Bergsvein Birgisson.

**Hvaða núlifandi manneskju lítur þú mest upp til?** Astrid Lindgren.

**En hvaða núlifandi manneskju þolirðu ekki?** Nei, nei, ekkert svona.

**Uppáhaldsorðið þitt?** Illað.

**Hvaða eitt atriði myndi fullkomna lífsgæði þín?** Að vera með kokk í fullri vinnu.

**Hvaða eitt lag verður þú að taka cover af áður en þú deyrð?** Það hlýtur að vera eitthvað með Fleetwood Mac.

**Hver verða þín frægu hinstu orð?** Born to be mild, baby.

**Hvað er næst á dagskrá?** Sin fang bous-platan kemur út hjá Kima í byrjun desember og nýja Seabear-platan er komin langt á leið. Annars er það bara að vera jákvæður og aldrei að segja orðin „kreppa“ eða „krútt“ aftur.

## ÞRIÐJA GRÁÐAN

**FULLT NAFN:** Sindri Már Sigfússon.

**STARFSFERILL Í HNOTSKURN:** Ringlaður unglingur, listnemi, tónlistarmaður.

**FÆÐINGARÁR OG HVAÐ GERÐIST MARKVERÐAST Á ÞVÍ ÁRI:** 1982, sama ár og Margaret Thatcher rændi og myrti sel á hrottalegan hátt.




## MÆLISTIKAN



### Á uppleið

**Hrukkur.** Kate Moss er komin með þær og þá er það loksins komið á hreint að hrukkur eru töff.



**Óléttur.** Eina vitið í kreppunni. Það er bannað að reka óléttar konur, bannað að hrófla við konu í fæðingarorlofi, bannað að vera vondur við óléttar konur, og þær fá forgang ef Sameinuðu þjóðirnar þurfa að veita okkur matargjafir.

**Saumaklúbbar.** Núna keppast húsmæður við að sýna hvað þær geta gert mikið úr litlu. Piparkökuhús úr klósettpappír, jólatrésskraut úr verðlausum peningum og músastigar úr óborguðum reikningum.

**Gæludýr.** Hvað er notalegra en að hjúfra sig upp að gæludýri á þessum síðustu og verstu? Dýrum er alveg sama þótt flatskjárinn sé farinn og jeppinn brunninn. Þau elska okkur þrátt fyrir fátækt (annað en börnin).

### Á niðurleið

**Íslenskt, já takk.** Eins gott að fylgjast með verðinu því fiskbollur og slátur fara hækkandi. Gáfulegra að halda áfram í grjónunum en að láta íslenska framleiðslu okra á manni í kreppunni.




**Ikea.** Allt að hækka! Hvað næst? Kjötbollur á fjögur þúsund? Bráðum sjást hinir örfáu auðmenn sem eftir eru snæða í mötuneytinu í Hafnarfirðinum.




**Konukvöld.** Eiga konur að hressast við að horfa á nakta karlmenn í súkkulaðigosbrunnum sem dreifa kremprufum?

**Svartsýni.** Það eina sem við eigum eftir er að reyna að vera bjartsýn. Ofan á allt annað má enginn við bölsýnistali.

# NÓATÚN BREYTIR UM TAKT

## - Í HNOTSKURN

*Nóatún lækkar vöruverð með:*

- » Hagræðingu
- » Aðhaldi í rekstri
- » Skera niður allan óþarfa kostnað
- » Minnka yfirbyggingu
- » Markvissari innkaupum
- » Breyttri vörusamsetningu
- » Almennu aðhaldi
- » Breyttum opnunartíma

**LÆKKAÐ VERÐ**



**Freschetta XL pizza**
2 pizzur í pk. 2 L Coke eða Coke Light fylgir með
**898** kr. pk.



**Coke Light**
2 lítrar
**139** kr. stk.



**Grand Italia**
Spaghetti 500 g
**99** kr. pk.



**Del Monte**
3 tegundir
**199** kr. stk.



**Líf ávaxtasafar 1L**
Verð áður 139
**119** kr. stk.



**Pilsner 0,5 L**
Verð áður 89
**79** kr. stk.



**Góu Hraunbitar**
200 g
**229** kr. pk.



**Lýsi**
Sportþrenna
Lýsi & liðamín
**15%** afsláttur



**Filippo Berio Ólífuolía**
500 ml, 2 tegundir
**15%** afsláttur

BREYTTUR OPNUNARTÍMI

**Austurveri**, Reykjavík
Opnunartími:
Mán. – Fös. 10-20
Lau. 11-20
Sun. 11-20

**Grafarholti**, Reykjavík
Opnunartími:
Mán. – Fös. 10-21
Lau. 11-20
Sun. 11-20

**Hamraborg**, Kópavogi
Opnunartími:
Mán. – Fös. 10-20
Lau. 11-19
Sun. 11-19




**Reykjavíkurvegi**, Hafnarfirði
Opnunartími:
Mán. – Fös. 10-20
Lau. 11-20
Sun. 11-20

**Hringbraut**, Reykjavík
Opnunartími:
Mán. – Fös. 10-21
Lau. 11-20
Sun. 11-20

**Nóatúni 17**, Reykjavík
Opnunartími:
Mán. – Fös. 10-20
Lau. 11-19
Sun. 11-19

**Rofabær**, Reykjavík
Opnunartími:
Mán. – Fös. 9-20
Lau. 10-20
Sun. 10-19

**Austurvegi**, Selfoss
Opnunartími:
Mán. – Fös. 10-20
Lau. 11-19
Sun. 11- 19

# GÓÐ VIKA / SLÆM VIKA

**Góð vika fyrir …**



**… Kjartan Ólafsson.** Þessa nærri ósýnilega þingmanns sjálfstæðismanna á Reykjanesi bíður nú nýtt og betra hlutskipti því sjálfur umboðsmaður Íslands, Einar Bárðarson, er orðinn aðstoðarmaður hans. Hver veit hvar þetta endar? Reyndar er ekki björninn unninn þótt Bárðarson sé kominn að málum. Aðeins tíminn mun leiða í ljós hvort Kjartan sé Nylon eða Lúxor.



**… Bondáhugamenn.** Ofursvali Bondinn Daniel Craig er mættur í nýrri mynd. Bondáhugamenn ættu að gleðjast, að minnsta kosti fær myndin góða umsókn hjá bíóáhugamanninum Birni Bjarnasyni. „Skemmtileg upplyfting," skrifar Björn. „Mæli með henni fyrir þá, sem vilja dreifa huganum." Hver þarf ekki einmitt á því að halda þessa dagana?



**… Þokkabót.** Diskóið, pönkið og frjálshyggjan drap Þokkabót og vinstri sinnaða þjóðlagapoppið þeirra á sínum tíma. Nú er öldin önnur og bandið snýr glaðhlakkalega aftur með nýja og beittari útgáfu af „Litlir kassar". Nú eru kassarnir galtómir og ekki einu sinni fullir af dingalingi lengur.

**Slæm vika fyrir …**



**… Gunnar Pál Pálsson.** Verkalýðsforingi með nærri tvær millur á mánuði og í faðmlögum með auðjöfrum er ekki sannfærandi verkalýðsforingi, sérstaklega ekki þegar í ljós kom að hann felldi niður ábyrgðir útvalinna í KB banka. Gunnar þurfti að svara fyrir þessi óvinsælu mál í vikunni, meðal annars hjá félögum sínum í VR. Þeir studdu hann þó til áframhaldandi setu sem formaður VR (Virðing, réttlæti).



**… Range Rover-eigendur.** Fíni góðærisjeppinn á myntkörfuláninu er nú orðinn tákn um bruðl, dellu og flottræfilshátt. Áður var litið upp til manna á Range, nú er hlegið að þeim. Þeir sem kveikja ekki í Rovernum sínum reyna að selja hann með öllum tiltækum ráðum, bjóða jafnvel bensín og reiðufé í kaupbæti með kerrunni. Æ æ og ó ó.



**… Sirkus Agora.** Íslendingar hafa margt á samviskunni eftir góðærissukk síðustu ára. Við vorum eins og fyllibyttur í samkvæmi, brutum allt og brömluðum, en förum nú betlandi um fyrirgefningu um heiminn. Fórnarlömb sukksins eru fjölmörg og nú hefur komið í ljós að norski sirkusinn Agora er farinn á hausinn eftir Íslandsferð sína í haust. Eigandinn segist snöktandi þurfa að fara í línudansinn aftur. Ætlar niðurlæging okkar engan endi að taka?



## HORFT ÚT Í HEIM
**Vigdís Þormóðsdóttir**

# *Fortíðarþrá til sjónvarps*

Man einhver þá tíð þegar veraldarvefurinn var einn miðill og sjónvarp allt annar miðill? Í þeirri myrku fornöld óraði fólk ekki fyrir því að einn daginn yrði nær ómögulegt að skilja miðlana eða afurðir þeirra í sundur. Ekki aðeins hafa sjónvarpsstöðvar um heim allan tekið upp útlit vefsíðna sem og fært starfsemi sína að hluta inn á vefinn heldur er sjónvarpsefni sem slíkt einnig í mikilli sókn á vefnum. Augljósasta birtingarmynd þessarrar þróunar er fátíðni þeirra Íslendinga sem ekki hafa eytt huggulegri kvöldstund fyrir framan sjónvarpstækið og flakkarann gónandi á sjónvarpsþáttaraðir sem þeir hafa stolið af einhverjum vesælum höfundarréttarhafanum. Vefurinn og önnur skyld stafræn tækni hefur gert okkur kleift að verða okkar eigin dagskrárstjórar, sem að mörgu leyti er afar hentugt. En á móti kemur að viðhorf okkar til sjónvarps og afurða þess hefur breyst í leiðinni; fólk virðist verða sífellt fráhverfara hugmyndinni um sjónvarp sem flæðandi miðil sem skapar samfellu í kvöldstundum heilu landssvæðanna. Nú til dags líta margir fyrst og fremst á sjónvarp sem framhald af vefmiðli sem færir neytendum óskaefni þegar þeim hentar.

Hér á árum áður, þegar sjónvarpið var enn ungur og spriklandi miðill, var hlutverk þess meðal annars að virka sem eins konar staðsetningartæki fyrir ráðvillta áhorfendur; það gerði fólki kleift að gera sér grein fyrir hvað var efst á baugi í nánasta umhverfi og skapaði sameiginlegan reynsluheim fyrir fólk sem bjó á útsendingarsvæðum sjónvarpsstöðva. Út frá þessum forsendum mætti líta á sjötta, sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar sem sannkallaða gullöld sjónvarpsstöðva sem staðbundinna eningarmiðla. Svo kom níundi áratugurinn með sitt kapal- og gervihnattasjónvarp og þá fór allt fjandans til að mati íhaldssamra sjónvarpsunnenda. Varla þarf að taka það fram að þessum sömu íhaldssömu sjónvarpstýpum þykir allt endanlega farið í kalda kol nú þegar stafræn tækni er við það að leggja gervihnattasjónvarp í gröfina.

En það getur gleymst í þessu klofna sjónvarpsumhverfi nútímans að sjónvarpsstöðvar sem sameina eru ennþá til og dafna jafnvel á sínum takmörkuðu útsendingarsvæðum. Íslenskar sjónvarpsstöðvar eru ágæt dæmi um slíkt og hjá fjölmennari þjóðum tíðkast enn litlar, staðbundnar sjónvarpsstöðvar. Þær halda úti sinni eigin fréttaþjónustu, íþróttaþáttum, menningarþáttum og fleiru sem allt miðar að því að skapa samhljóm hjá fólki á litlum svæðum. Þó það sé þversagnakennt, þá geta þeir sem hafa áhuga á því að kynna sér þess konar sjónvarpsflæði annars staðar en á Íslandi nýtt sér veraldarvefinn til þess arna, enda býður hann upp á fjölda síðna þar sem hægt er að horfa á sjónvarpsstöðvar í beinni útsendingu en nánast undantekningalaust er þá um að ræða litlar stöðvar í útnárum stórra landa.



# FRÉTTAGETRAUN VIKUNNAR







**1.** Hver er nú heimsmeistari í Formúlu 1 kappakstrinum?
**2.** Hver er nýr aðstoðarmaður alþingismannsins Kjartans Ólafssonar?
**3.** Um hvern er heimildarmyndin Hér er draumurinn?
**4.** Hver er hæst launaði bankastjórinn í ríkisbönkunum þremur?
**5.** Á hvernig bíl keyrir Ágúst Guðmundsson, kenndur við Bakkavör?
**6.** Hvað heitir ný bók Arnaldar Indriðasonar?
**7.** Hver er utanríkisráðherra Noregs?
**8.** Hvað heitir nýkjörinn forseti Bandaríkjanna?
**9.** Hvaða tónlistarmaður mælti með því í vikunni að Ísland gengi í ESB?
**10.** Hvaða hljómsveit fagnar nú 50 ára starfsafmæli?
**11.** Hver hefur sent frá sér plötuna Bestu kveðjur?
**12.** Mynd af hvaða manni var framan á fölsuðum 10.000 króna seðli sem fannst í vikunni?
**13.** Hver er forstöðumaður Barnahúss, sem fagnar nú tíu ára afmæli?
**14.** Í hvaða lið gekk Ólafur Stefánsson á dögunum?
**15.** Hvaða erlendi leikari tilkynnti að hann væri hættur að leika og ætli að snúa sér alfarið að tónlist?

**Lausnir**
**1.** Lewis Hamilton **2.** Einar Bárðarson **3.** Sálina hans Jóns míns **4.** Elín Sigfúsdóttir, bankastjóri Landsbankans **5.** Saab, árgerð ´68 **6.** Myrká **7.** Jonas Gahr Stör **8.** Barack Hussein Obama II **9.** Björk **10.** Lúdó Sextett og Stefán **11.** Hljómsveitin Sprengjuhöllin **12.** Davíð Oddsson **13.** Ólöf Ásta Farestveit **14.** Danska c-deildarliðið AG Handbold **15.** Joaquin Phoenix

# AUGNABLIK



**SVONA Á AÐ GERA ÞETTA** Fimleikakrakkar höfðu nóg að gera í gær við undirbúning Norður-Evrópumóts í fimleikum sem haldið verður í dag.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# FINNDU ORÐIN

| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| B | Ð | E | M | G | R | H | V | Ö | K | U | Ó | Ð | T | Ö |
| A | U | F | H | V | Ð | K | U | A | S | Ý | É | B | R | Y |
| Ó | A | B | Ú | U | G | Ú | J | B | H | V | Í | U | Þ | M |
| Í | R | K | I | Y | S | M | J | Ö | R | Æ | G | Y | G | H |
| Ð | B | A | U | N | I | R | H | R | T | N | A | L | Í | Þ |
| E | G | R | T | P | Y | S | V | U | I | S | Ð | I | S | M |
| M | P | T | G | Á | T | L | S | L | Í | M | Ú | K | Ú | D |
| C | G | Ö | P | R | Á | K | K | L | Á | N | Æ | P | H | Ð |
| I | A | F | D | K | Æ | Ú | N | O | M | T | Þ | Ú | A | V |
| E | Ó | L | Ð | G | J | N | Þ | B | K | J | U | Ý | S | D |
| S | D | U | S | K | U | F | M | O | S | T | U | R | H | Ó |
| U | A | R | U | S | L | Y | P | E | Ö | G | D | K | N | R |
| R | S | É | N | F | Ú | I | K | Ö | T | É | Ú | O | U | D |
| B | S | K | I | N | K | A | K | G | Ú | I | T | D | P | Ð |
| T | A | T | Ý | S | F | H | Á | Þ | G | Y | Ö | L | F | F |

KJÖTSÚPA
BJÚGU
KJÚKLINGUR
PYLSUR
SLÁTUR
KARTÖFLUR
BAUNIR
RAUÐKÁL
GRÆNMETI
BRAUÐ
BOLLUR
ÝSA
SKINKA
OSTUR
SMJÖR

Orðin geta verið á ská, upp, niður, afturábak eða áfram.

# NÝJAR DVD MYNDIR Í SKÍFUNNI







## FRÁBÆR SKEMMTUN FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA






















BUBBI ÁRITAR
OG TEKUR LAGIÐ
Í KRINGLUNNI
KL. 14:00

PÁLL ÓSKAR ER KOMINN Í SKÍFUNA
ÖLL HANS BESTU LÖG Á TVÖFALDRI SAFNPLÖTU OG DVD
SKYLDUEIGN INN Á ÖLL HEIMILI!

S·K·Í·F·A·N
Nýtt upphaf

**Skífan Laugavegi 26 · Skífan Kringlunni · Skífan Leifsstöð · www.skifan.is**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Gunnar Kristján Guðmundsson**

Ljósuvík 24, Reykjavík,

verður jarðsunginn mánudaginn 10. nóvember kl. 15.00 frá Grafarvogskirkju.

**Elín H. Jónsdóttir**
**Friðbjört Gunnarsdóttir** **Þórir Jónsson**
**Magni Freyr Þórisson**
**Daníel Þór Þórisson**
**Ása Hrönn Þórisdóttir**
**Hallfríður Gunnarsdóttir** **Bragi Már Valgeirsson**
**Sólrún Braga Bragadóttir**
**Gabríela Brá Bragadóttir**
**Eiður Örn Bragason**

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,*

**Fanneyjar Bjarnadóttur**

**Fyrir hönd fjölskyldna okkar**

**Greta Björg, Ardís Ólöf, Ruth Jóhanna Arelíusardætur.**



*Ástkær eiginmaður minn og vinur,*

**Ingvar G. Jónsson**

Drápuhlíð 5, Reykjavík,

andaðist á elli og hjúkrunarheimilinu Grund miðvikudaginn 5. nóvember. Útför fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 11. nóvember kl. 13.00.

**Bergþóra Þorsteinsson** **Björn Oddsson.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, tengdafaðir og afi,*

**Haraldur Ragnarsson**

atvinnurekandi, Auðbrekku 32, Kópavogi,

andaðist á heimili sínu þriðjudaginn 4. nóvember. Jarðsungið verður frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 13. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að leyfa líknar- og vinafélaginu Bergmáli og Krabbameinsfélaginu að njóta þess.

**Perla María Hauksdóttir**
**Harpa Lind Haraldsdóttir**
**Berglind Haraldsdóttir**
**Ragnar Haraldsson**
**Halla Ósk Haraldsdóttir** **Róbert Örn Albertsson**
**Sigrún Elín Haraldsdóttir**
**Sigrún Einarsdóttir** **Ragnar Haraldsson**
**og barnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, fósturmóðir, tengdamóðir, amma og langamma*

**Björg Erlingsdóttir**

Grýtubakka 22, Reykjavík

lést sunnudaginn 2. nóvember. Jarðarförin fer fram frá Áskirkju mánudaginn 10. nóvember næstkomandi kl. 15.00.

**Ellen Ásthildur Ragnarsdóttir** **Friðþjófur Bragason**
**Þorkell Ragnarsson**
**Kristín Þórdís Ragnarsdóttir** **Sigurjón Sigurjónsson**
**Ingunn Ragnarsdóttir** **Símon Wiium**
**Guðmundur Birgir Ragnarsson** **Betty Stefánsdóttir**
**Soffía Ragnheiður Ragnarsdóttir**
**Ásþór Ragnarsson** **Kolbrún Kjartansdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**RITHÖFUNDURINN MARGARET MITCHELL FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1900.**

*„Lífið er ekki skuldbundið til að gefa okkur það sem við væntum."*

***Margaret Mitchell fæddist í Suðurríkjum Bandaríkjanna. Skáldsaga hennar, Á hverfanda hveli, er ein vinsælasta bók allra tíma. Hún hefur selst í 30 milljónum eintaka.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 8. NÓVEMBER 1879

## Fornleifafélag stofnað



Hið íslenzka fornleifafélag var stofnað þennan dag árið 1879. Nærri tvö hundruð ár eru þó síðan rætt var um að skrá þyrfti fornleifar hér á landi. Dönsk nefnd um varðveislu gamalla sagna sendi í kjölfarið fyrirspurn til Íslands árið 1817 um fornaldarleifar á Íslandi og safnaði saman skýrslum um það efni. Samfara því voru nokkrar íslenskar fornleifar og fornminjar friðlýstar, hinar fyrstu hér á landi. Þeir þrír staðir sem fyrst voru friðaðir voru Borgarvirki í Víðidal, dómhringur á Þórsnesi á Snæfellsnesi og Snorralaug í Reykholti.

Við stofnun fornleifafélagsins var unnið ötullega að skráningu sögu-minja. Nokkrir fræðimenn fóru þá um landið til að kanna söguslóðir og fornleifar sem þeim þóttu athyglisverðar. Sigurður Vigfússon og Brynjúlfur Jónsson frá Minna-Núpi voru þar fremstir í flokki. Gildi framtaks þeirra er ómetanlegt því þeir skráðu fjölmargar minjar sem nú eru horfnar.

**SÉRA TOSHIKI TOMA PRESTUR INNFLYTJENDA:** FÆDDUR Í TÓKÝÓ FYRIR 50 ÁRUM

# Fimmtíu kerta kaka og Bond



**STOLTUR OG GLAÐUR** Toshiki Toma er sérþjónustuprestur þjóðkirkjunnar við innflytjendur. Hann stendur á fimmtugu í dag og ætlar að njóta dagsins í faðmi ástvina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Jú, ég stend á fimmtugu í dag, en ætla hvorki að halda stórveislu né hafa opið hús. Ég ætla að elda ljúffengan afmælisverð handa börnum mínum og býð þeim kannski á James Bond á eftir," segir Toshiki Toma, prestur innflytjenda, sem í dag blæs á 50 kerta köku.

„Þessi tímamót hafa hálfpartinn komið mér í opna skjöldu, líkt og sú staðreynd að þjóðfélagið stendur nú á alls óvæntum tímamótum. Því tel ég tímabært að íhuga sönn gildi lífsins og endurskoða hvað er þýðingarmikið í lífi okkar. Raunar finnst mér alltaf nauðsynlegt að hafa slíkt í huga, en við mannfólkið gleymum því oft," segir Toshiki, sem dreginn var af Amorsörvum að Íslandsströndum fyrir sextán árum. „Fyrstu fimm árin voru bara erfið. Næstu tíu ár voru áratugurinn eftir að ég skildi við eiginkonu mína – og þá finnst mér ég alltaf hafa verið hlaupandi til þess eins að lifa af, og um leið að sanna að innflytjandi getur lagt sitt af mörkum í íslenskt þjóðfélag. En hér er ég enn og finnst mér hafa tekist nokkuð vel upp með áætlun mína og ævistarf."

Toshiki Toma fæddist í höfuðborg Japans 8. nóvember 1958. Þar búa foreldrar hans enn, en bróðir hans býr í borginni Sapporo, í Norður-Japan. „Pabbi liggur á sjúkrabeði og mamma glímir einnig við veikindi. Ég reyni að heimsækja þau eins oft og ég get, en viðurkenni að fjarlægðin er erfiðasta hlutskiptið við að búa svo fjarri fósturjörðinni," segir Toshiki, sem minnist besta afmælisdagsins hingað til.

„Þá var ég kvæntur íslenskri konu og afmælisdagur minn bar upp í Japan. Ég eldaði góðan mat og konan spurði í matartíð: „Hvað er í dag?" Það vakti mikla kátínu. Eftirminnilegasta afmælisgjöfin kom svo úr hendi Guðfríðar Lilju (varaþingmanns VG) og Steinu, konu hennar, sem færðu mér eldhússvuntu. Mér þykir gaman að elda og ætti að geta notað svuntuna endalaust mikið, en fæ mig ekki til þess því hún er of flott til að nota í eldhúsi!" segir Toshiki og skellir upp úr. Prestur innflytjenda segist nú hugsa næstu fimmtán ár fram í tímann; ef Guð leyfir og gefur. „Þungamiðjan verður íhugun um það sem mér þykir ómissandi í lífinu. Ég skammast mín ekki fyrir að vera pokaprestur á Íslandi, því ég er stoltur og glaður yfir því að vera prestur. Því vil ég líka íhuga hvað öðru fólki er mikilvægast, því öll getum við tapað því sem okkur er kærast. Slíkt leikur okkur alltaf hart en „hjálp mun berast frá Guði." Þrátt fyrir það megum við ekki forðast að taka ábyrgð á eigin lífi, en ég óska að næstu 15 ár lífs míns muni byggjast á þeirri forsendu."

thordis@frettabladid.is



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur vináttu og samúð við fráfall,*

**Svavars Fanndal Torfasonar**

meistara í rafvélavirkjun, Grenilundi 12, Garðabæ

**Sólbjört Gestsdóttir**
**Hólmfríður Fanndal Svavarsdóttir**
**Ingólfur Arnarson** **Sigríður Guðjónsdóttir**
**Guðrún Björg Sigurbjörnsdóttir**
**Jóhanna Rósa Arnardóttir** **Jón Vilhjálmsson**
**og fjölskyldur.**



*Okkar bestu þakkir færum við öllum þeim, er sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför*

**Heiðrúnar Soffíu Steingrímsdóttur**

Grundargerði 3a, Akureyri.

**Fyrir okkar hönd sem og annara er tengjast fjölskyldunni og afkomendum**

**Þorsteinn Jónatansson**
**Edda H. Þorsteinsdóttir.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Margrét Karlsdóttir**

Kjarrmóa 18, Reykjanesbæ,

andaðist mánudaginn 3. nóv. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 11. nóvember, kl. 14.00

**Ágústa Þorleifsdóttir** **Kristófer Þorgrímsson**
**Júlíana Pietruszewski** **Paul Pietruszewski**
**Guðmundur K. Þorleifsson** **Sigurlaug Björnsdóttir**
**Karólína M. Þorleifsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Hugheilar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Guðmundar A. Þórðarsonar**

Holtsflöt 4, Akranesi.

**Málfríður K. Björnsdóttir**
**Guðrún H. Guðmundsdóttir**
**Björn Guðmundsson** **Skúlína H. Guðmundsdóttir**
**Kristín Guðmundsdóttir** **Guðmundur Benediktsson**
**Þórður Guðmundsson** **Guðný Hrund Rúnarsdóttir**
**Ólöf Ásta Guðmundsdóttir** **Guðmundur Guðjónsson**
**og afabörn.**

# DVD myndir 989 kr.

Verð á stk.



# HUNDRUÐIR DVD TITLA Í BOÐI



**DVD myndir 989 kr.**

Verð á stk.

**Aðeins brot af úrvalinu!**

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl. Tilboð gilda til þriðjudags eftir birtingu.

**OPNUNARTÍMI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Sunnudaga | kl. 12-18 |
| Fimmtudaga | kl. 11-19 | | |

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

**Beint á móti IKEA og í Holtagörðum**

MAX RAFTÆKI


FRÁBÆR TILBOÐ
í Krónunni!
40% afsláttur
639 kr. kg
Móa kjúklingur heill ferskur
35% afsláttur
389 kr. kg
Lausfrystir kjúklingabitar
20% afsláttur
1598 kr. kg
Lambakótilettur
30% afsláttur
629 kr. kg
Goða Lambaframpartur 1/2 sagaður
699 kr. pk.
Grísa krebinettur 1,1kg
20% afsláttur
2958 kr. kg
Lambafillet með fituröndum
1188 kr. kg
Lambalæri frosið
KRÓNAN
Ný kynslóð lágvöruverðsverslana
Opnunartímar í Krónunni:
Krónan Höfða alla daga 11-19
Krónan Lindum alla daga 11-19
Krónan Granda alla daga 11-19

KRÓNAN fyrst og fremst ódýr




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Krónan Breiðholti<br>virka daga 11-21<br>lau. 11-21 sun.12-21 | Krónan Hafnarfirði<br>virka daga 11-21<br>lau. 11-21 sun. 12-21 | Krónan Mosfellsbæ<br>virka daga 10-20<br>helgar 10-19 | Krónan Akranesi<br>alla daga 10-19 | Krónan<br>Vestmannaeyjum<br>alla daga 11-19 | Krónan Reyðarfirði<br>virka daga 11-19<br>lau. 11-19 sun.12-16 |







Við komum pakkanum þínum til skila

Þarftu að láta sækja og senda til fyrirtækja eða einstaklinga?

Láttu Pósthúsið sjá um að koma pakkanum þínum til skila og sparaðu fyrirtækinu þínu tíma, fé og fyrirhöfn.

Nánari upplýsingar gefa sölufulltrúar í síma 585 8330

Pósthúsið
Ódýrari valkostur

Pósthúsið | Suðurhrauni 1
Garðabæ | www.posthusid.is






NOKKUR ORÐ
Ragnheiður Tryggvadóttir

# Táp og fjör og frískir menn

Í ágætu ljóði sem ég lærði í barnaskóla kemur fyrir ljóðlínan „sefur hetja á hverjum bæ“. Það virðist hafa gripið um sig æði í samfélaginu og nú er enginn maður með mönnum nema stunda sjósund. Ólíklegasta fólk talar digurbarkalega um afrek sín í íshafinu og lætur skólp og saurgerla ekki trufla sig við sundtökin. Ég hef ekki enn orðið svo fræg að svamla í söltum sjó við Íslandsstrendur og veit ekki hvort ég legg í það. Sjórinn er kaldur og skítugur og hingað rekur hafís! En nú er þvottadrengurinn minn orðinn einn af þessum gallhörðu sjósundgörpum. Lemur sér á brjóst eins og fornsöguhetja sem óttast ekkert. Hann talar hátt og segir hverjum sem heyra vill hvað sjósund sé hressandi og holl hreyfing. Þetta ættu allir að stunda og hreinn kettlingaskapur að synda í upphituðum laugum. Hver vill liggja eins og soðin rúsína í heitum pottum þegar hægt er að bjóða kuldanum birginn í ólgandi Atlantshafinu? Ég hef gaman af þessari hetju sem hefur tekið sér bólfestu í þvottadrengnum og hlusta opinmynnt á krassandi sögurnar af syntum metrum.



Finnst þó eins og ég muni eftir makindalegri sófakartöflu sem hélt sig frekar inni við í hlýjunni. Drengurinn var líka gjarn á að lúra í heitu pottunum í laugunum, meðan ég synti nokkrar ferðir. En þeir tímar eru greinilega liðnir. Þvottadrengurinn óttast hvorki kal né kúkinn í sjónum. Nú sefur hetja í Hlíðunum.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




NAMMIPOKI
HANDA BESTA VININUM
ALLIR HUNDAR SEM MÆTA
FÁ NAMMIPOKA
HUNDADAGAR
KÆRU HUNDAVINIR
Í DÝRARÍKINU MIÐHRAUNI 2
VERÐUR MIKIL HUNDAGLEÐI
LAUGARDAG OG SUNNUDAG
OPIÐ FRÁ KL. 12-18
Hugsum vel um dýrin okkar!
ÓKEYPIS
HUNDA FÓTASNYRTING
LAUGARDAG OG SUNNUDAG
SNYRTISTOFAN
FJÖLDI HUNDATEGUNDA VERÐA KYNNTAR BÁÐA DAGANA
Glæsileg verslun okkar í Miðhrauni!
HAFNARFJÖRÐUR
IKEA
DÝRARÍKIÐ
REYKJAVÍK
20%
KYNNINGARAFSLÁTTUR Á
HÁGÆÐA HUNDAFÓÐRI
PURINA
PRO PLAN
ROYAL CANIN
nutram
Vitakraft
Health · Vitality
Techni-Cal
Við erum við brúna hjá Ikea
DÝRARÍKIÐ
...fyrir dýravini!
Dýraríkið Miðhrauni 2
Dýraríkið Grensásvegi
Dýraríkið Blómavalshúsinu Skútuvogi
Dýraríkið Blómavalshúsinu Akureyri
Sími: 568 66 68

**!** **Kl. 13**
*Guðrún Birgisdóttir flautuleikari og Elísabet Waage hörpuleikari leika Sónötu í E-dúr eftir J.S. Bach og tónlist eftir Gluck, Fauré, Ravel, Andrés, Tournier og Ibert á tónleikum í Salnum í Kópavogi kl. 13 í dag. Tónleikarnir eru þeir fyrstu þennan veturinn í tónleikaröð kennara Tónlistarskóla Kópavogs og Kópavogsbæjar, TKTK. Miðaverð er 1.500 kr.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Mikið að gera hjá Snorra



Snorri Ásmundsson myndlistarmaður hefur mikið að gera þessa dagana. Á einni viku kemur hann að þremur sýningum í Reykjavík. Í dag á hann verk á samsýningu í Kling og Bang gallerí á Hverfisgötu, á þriðjudeginum 11. nóvember opnar hann einkasýningu á Gallerí Vegg hjá Helga Þorgilssyni myndlistarmanni og á föstudeginum 14. nóvember opnar hann einkasýningu í Gallerí Turpentine í Ingólfsstræti. Þá hefur Snorri sett upp nýja heimasíðu: http://flotakona.com.

**> Ekki missa af …**

sýningu Haraldar Jónssonar í sýningarrýminu Suðsuðvestur í Reykjanesbæ, en henni lýkur nú um helgina. Sýningin nefnist Glætan og er unnin út frá nánasta umhverfi staðarins; Miðnesheiðin og Keflavík eru staðsett á svæði sem tengist millibilsástandi og bið. Suðsuðvestur er til húsa á Hafnargötu 22 í Keflavík og er opið laugardaga og sunnudaga á milli kl. 13 og 17.

# Uppboð í Fold



**TRYGGVI PÁLL FRIÐRIKSSON** listmunasali í Galleríi Fold.

Gallerí Fold heldur uppboð á mánudagskvöldið kemur í húsnæði sínu við Rauðarárstíg og hefst það kl. 18. Fjöldi verka verða boðin upp að venju og þar á meðal fjölmörg verka gömlu meistaranna en einnig eftir nokkra af samtímalistamönnum okkar. Síðasta listmunauppboð sem haldið var í fyrsta skipti í húsakynnum Gallerís Foldar við Rauðarárstíg gekk vonum framar. Húsfyllir var og þurftu þó nokkrir að standa. Því benda uppboðshaldarar gestum á að mæta tímanlega til að tryggja sér sæti. Hægt er að bjóða í gegnum síma og gera forboð í verkin ef áhugasamir eiga ekki heimangengt. Verkin verða til sýnis um helgina í Galleríi Fold og einnig má skoða þau frá laugardagsmorgni á vef uppboðshússins: www.myndlist.is.

Tveimur sýningum í Galleríi Fold lýkur nú um helgina. Annars vegar sýnir Haukur Dór málverk í Forsal gallerísins og hins vegar sýnir Hulda Vilhjálmsdóttir málverk í Hliðarsalnum. Báðir listamennirnir taka á móti gestum á sunnudaginn á milli 14 og 16 og spjalla um verkin og sýningu sína. Þetta er tilvalið tækifæri til að komast í kynni við listamennina og fá innsýn í hugarheim þeirra.

**- pbb**



**LEIKLIST** Kvart Jo Strömgren hlaut Grímuverðlaunin 2008 sem besti danshöfundurinn fyrir Kvart og Emilía Gísladóttir var valin besti dansarinn fyrir frammistöðu sína í verkinu. MYND ÍD

# Dansandi aftur á svið

**Um helgina hefjast sýningar í Borgarleikhúsinu á nóvemberverkum Íslenska dansflokksins og verða sýningar á þeim næstu sunnudaga.**

Áhugamönnum um dans gefst um helgina í Borgarleikhúsinu tækifæri á að sjá Dans-anda, vinsæla og verðlaunaða sýningu sem var á fjölunum í fyrra. Dans-andi er yfirskrift yfir tvö frábær en gjörólík verk eftir tvo af mest spennandi danshöfundum Norðurlanda, Jo Strömgren og Alexander Ekman.

Í Kvart eftir Jo Strömgren, konung dansleikhússins, dansa dansararnir hvor fyrir annan. Ákafur og fagur dans við magnaða tónlist eftir finnska tónskáldið Kimmo Pohjonen sem hefur meðal annars unnið með Sigur Rós og Múm. Búningar eru eftir Steinunni Sigurðardóttir, einn fremsta fatahönnuð okkar. Höfundur Kvart Jo Strömgren hlaut Grímuverðlaunin 2008 sem besti danshöfundurinn fyrir Kvart og Emilía Gísladóttir var valinn besti dansarinn fyrir frammistöðu sína í verkinu.

Hitt verkið er Endastöð eftir Alexander Ekman en ef Strömgren er kóngurinn í norrænu dansleikhúsi þá er Ekman krónprinsinn. Í Endastöð fer saman látbragð og dans þar sem við fylgjumst með hópi gamalmenna í leit þeirra að æskunni. Verkið er leikrænt, létt, fyndið og rómantískt.

Sýningin fékk í alla staði frábæra dóma og það komust færri að en vildu. Hér í blaðinu fékk hún þessi ummæli: „Flott sýning og skemmtileg“.

„Þessa sýningu gæti ég vel hugsað mér að sjá aftur“. Fólki gefst því nú annað tækifæri að sjá þessa skemmtilegu sýningu.

**pbb@frettabladid.is**


Þjóðleikhúsið
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Utan gátta
Sigurður Pálsson
Snarskemmtileg sýning. ★★★★ JVJ, DV
Ath. snarpan sýningatíma

Hart í bak
Jökull Jakobsson
Ástsælt verk sem hittir okkur öll í hjartastað
**Örfá sæti laus í nóvember**

Ástin er diskó, lífið er pönk
Hallgrímur Helgason
lau. 8/11, **troðuppselt, síðasta sýning!**

Klókur ertu, Einar Áskell
Bernd Ogrodnik
Heillandi og krúttleg brúðusýning
sun. 9/11 **örfá sæti laus, sýningum að ljúka**

Skilaboðaskjóðan
Þorvaldur Þorsteinsson og Jóhann G. Jóhannsson
sun. 9/11 **sýningum að ljúka**

Sá ljóti
Marius von Mayenburg
★★★★ EB, FBL
**Örfá sæti laus í nóvember**



www.leikhusid.is


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Laugardagur 08. nóvember**

### → Tónleikar

**15.00 Hljómsveitin Slugs** spilar í Smekkleysu plötubúð, Laugavegi 28.



**21.00 Tónlistamaðurinn Rain** verður með útgáfutónleika á Kaffi Cultura, Laugavegi 37.

**21.00 Johnny And The Rest** verður með útgáfutónleika á neðri hæð Domo, Þingholtsstræti 5. E.T. Tumason hita upp.

**22.00 Hvanndalsbræður** verða með órafmagnaða tónleika á Græna hattinum. Færeyskt og rússneskt þema verður allsráðandi. Húsið opnar kl. 21.

### → Tónlist

**20.00 Söngbók jazzins** Kristjana Stefánsdóttir söngkona, Kjartan Valdemarsson píanóleikari, Gunnar Hrafnsson kontrabassaleikari og Pétur Grétarsson trommuleikari flytja dagskrá með tónlist Irving Berlin.

### → Bækur

**15.00 Sögur útgáfa** stendur fyrir útgáfugleði í Eymundsson, Austurstræti 18. Rithöfundar árita bækur og djangódjassbandið Hrafnaspark leikur fyrir gesti.

### → Síðustu Forvöð

**Glætan** Sýning Haraldar Jónssonar í Suðsuðvestur, Hafnargötu 22, Reykjanesbæ lýkur á sunnudag. Opið 13-17.

**Tveir módernistar** Sýningu á verkum Þorvaldar Skúlasonar og Sigurjóns Ólafssonar lýkur á sunnudag. Opið 11-17, Hafnarborg, Strandgötu 34, Hafnarfirði.

**Þorsteinn H. Ingibergsson og Bragi J. Ingibergsson** sýna ljósmyndir í Frímúrarahúsinu að Ljósatröð 2, Hafnarfirði. Sýningin er opin 14.00-17.00 og lýkur í dag.

### → Opið Hús



**A-5000** Vinnustofur listamanna SÍM að Seljavegi 32 verða opnar kl. 13-15. Verkum í stærðinni A5 verður komið fyrir í sameiginlegu rými á jarðhæðinni sem fólki býðst að kaupa á kreppuverði, 5.000,- kr. Allir velkomnir.

### → Hönnun

**15.00 Norsk hönnun í Norræna húsinu** Halldór Gíslason flytur fyrirlestur en að honum loknum verður opnuð sýning á prjónafatnaði frá norska hönnunarfyrirtækinu DUODU. Aðgangur ókeypis.

### → Fræðsla

**14.00 Leirár - Beitistaðaprent** Bókasafn Akraness og Snorrastofa bjóða upp á dagskrá í Tónbergi, sal Tónlistaskóla Akraness, Dalbraut 1. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

### → Myndlist

**Myndverk án titils** Ólafur Lárusson sýnir í verslun og veitingastofu Þjóðmenningarhússins, Hverfisgötu 15. Sýningin er opin alla daga frá kl. 11.00-17.00.

**Gylfi Gíslason** Í Listasafni ASÍ stendur yfir yfirlitssýning. Opið alla daga nema mánudaga kl. 11-17.

### → Safnahelgi

**Safnahelgi á Suðurlandi 7.-9. nóv.** Söfn um allt Suðurland og í Vestmannaeyjum bjóða upp á fjölbreytta menningardagskrá um helgina. Dagskrá og frekari upplýsingar www.sofnasudurlandi.is.

### → Listahátíð

**Unglist Listahátíð ungs fólks** stendur yfir 7.-11. nóv. Ókeypis er á alla viðburði Nánari upplýsingar á www.unglist.is.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**



POP EHF. KYNNIR

# PÁLLÓSKAR SILFURSAFNIÐ

## ER KOMIÐ ÚT!

ÖLL BESTU LÖG PÁLS ÓSKARS FRÁ ÁRUNUM 1991-2008.
ÖLL MYNDBÖNDIN FYLGJA MEÐ Á DVD.

**ÚTGÁFU-PARTÍ Á NASA**
LAUGARDAGINN 8. NÓV
KL. 23 - 5.30
MIÐAVERÐ
KR. 1500.-

**BARNA- OG UNGLINGA-SKEMMTUN**
Á NASA LAUGARDAGINN
8. NÓV KL. 16 - 18
*ÓKEYPIS AÐGANGUR Í BOÐI BYRS.*

**CD 1 STUÐ**

TF-STUÐ
PARTÍDÝR
LJÚFA LÍF
BUNDINN FASTUR
MINN HINSTI DANS
HORFÐU Á MIG
STANSLAUST STUÐ
JAFNVEL ÞÓ VIÐ ÞEKKJUMST EKKI NEITT
NO ONE TO LOVE
DEEP INSIDE
HOLD YOU (með GUSGUS)
ALLT FYRIR ÁSTINA
INTERNATIONAL
ER ÞETTA ÁST?
ÞÚ KOMST VIÐ HJARTAÐ Í MÉR
BETRA LÍF
ÉG ER EINS OG ÉG ER
SAMA HVAR ÞÚ ERT
ÁSTIN DUGIR (með UNUN)

**CD 2 ÁST**

ÁST VIÐ FYRSTU SÝN
YNDISLEGT LÍF
NEGRO JOSÉ
CUANTO LE GUSTA
UP UP AND AWAY
BARBARELLA
TAUMLAUS TRANSI
NÚ HELD ÉG HEIM
Ó, HVÍLÍKT FRELSI
SJÁUMST AFTUR
ANYONE WHO HAD A HEART
SÖNGUR HERÓDESAR
RÆ ÉG VIÐ RÓÐUR MINN
LOSE AGAIN
THE LOOK OF LOVE
ENSK MANVÍSA FRÁ 14. ÖLD
EINS OG ER
NÓTT
LILJA
ÞEIM VÖRUM SEM ÉG KYSSTI
MEÐ BÆNINNI KEMUR LJÓSIÐ
NÆTURLJÓÐ
A SPACEMAN CAME TRAVELLING
GÓÐA NÓTT

**DVD VIDEO**

YNDISLEGT LÍF
TAUMLAUS TRANSI
LJÚFA LÍF
ÁSTIN DUGIR
ANYONE WHO HAD A HEART
SJÁUMST AFTUR
MAKING LOVE
STANSLAUST STUÐ
MINN HINSTI DANS
NO ONE TO LOVE
A SPACEMAN CAME TRAVELLING
ALLT FYRIR ÁSTINA
INTERNATIONAL
BETRA LÍF
SAMA HVAR ÞÚ ERT

PÁLL ÓSKAR & MONIKA
UPPTAKA FRÁ JÓLATÓNLEIKUM Í SKÁLHOLTI

DREIFING: POP ehf. SÍMI 866 - 3516

# Viðkunnanleg saga úr borg og sveit

Segðu mömmu að mér líði vel er mátulega löng hversdagssaga úr Reykjavík nútímans og sveit fortíðar. Einna helst einkennir söguna hversu þægileg og skemmtileg hún er aflestrar; helgast það líkast til af því að sögumaðurinn, arkitekt og einstæður faðir og sonur, er ákaflega viðkunnanlegur náungi.

Sögunni vindur fram á lágstemmdum nótum; sögumaður og kona leika badminton í hádegishléi frá vinnu, eins og maður gerir. Að leik loknum hverfur konan úr eiginlegri framvindu sögunnar og reynist ómögulegt að ná í hana í síma. Það vekur ugg í hjarta sögumanns, enda fátt óþægilegra á þessum sítengdu tímum en að ná ekki í fólk. Hvarf konunnar reynist ráðgáta sem knýr áfram hugleiðingar sögumanns um sína eigin fortíð sem og fortíð þeirra sem standa honum næst. Faðir sögumannsins er einnig fyrirferðarmikil persóna í sögunni; þeir feðgar búa saman og er sambandið þeirra á milli og við aðra í fjölskyldunni önnur þungamiðja sögunnar.



**GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON**

**SEGÐU MÖMMU AÐ MÉR LÍÐI VEL**

**Eftir Guðmund Andra Thorsson**

JPV

Skemmtileg saga um ástir og fjölskyldutengsl.

★★★

Sagan rennur áreynslulaust áfram, þó að hún missi eilítið flugið við sögusviðsskiptin úr borg í sveit og úr nútíma í fortíð. En á heildina litið er hér um að ræða vel skrifaða, skemmtilega og viðkunnanlega bók.

**Vigdís Þormóðsdóttir**









**KAFFI MOKKA** Hýsir sýningu Kristjáns Jóns Guðnasonar.

## Spéspegill á Mokka

**Um þessar mundir stendur yfir á Kaffi Mokka við Skólavörðustíg sýning á verkum Kristjáns Jóns Guðnasonar. Sýningin nefnist „Í spéspegli“ og ber nafn með rentu, enda má á henni sjá skondnar myndir sem gera góðlátlegt grín að þjóðfélaginu og þegnum þess.**

**Sýningin er opin á afgreiðslutíma Kaffi Mokka sem er frá kl. 9 til 18.30 alla daga.** - vþ

## Þýskir gestir

Í dag opnar ný sýning í Kling & Bang gallerí á Hverfisgötu 42 þar sem 16 listamenn frá Berlín slást í lið með 9 íslenskum listamönnum er reka Kling & Bang gallerí. Samsýninguna kallar þetta lið „Kling & Bang og Torstrasse 111“ en staðirnir tveir eiga það sameiginlegt að vera verkefna- og sýningastaðir listarinnar, báðir reknir af myndlistarmönnum. Sýningin er eins konar framhald sýningar er átti sér stað í Berlín haustið 2007, en þá sýndu þar listamenn á vegum Kling & Bang ásamt listamönnum er starfa í húsinu á Torstrasse 111. Núna er komið að Íslandi og Kling & Bang galleríi að taka á móti listamönnum frá Torstrasse 111 í Berlín, Þýskalandi.

Við opnunina munu slagverksleikarinn Robyn Schulkowsky og tónlistarmaðurinn Cathy Milliken halda tónleika. Robyn Schulkowsky er stofnandi Rhytm Lab og hefur verið með trommuvinnustofur alls staðar í heiminum. Cathy Milliken nam óbó og píanóleik og er ein af stofnendum The Ensemble Modern. - pbb



**GJÖRNINGAKLÚBBURINN** Sýnir verk sín á ID-LAB í Hafnarhúsinu.

## Leiðsögn listamanns

**Eirún Sigurðardóttir, myndlistamaður og félagi í Gjörningaklúbbnum, gengur með gestum um sýninguna ID-LAB í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu á morgun kl. 15 og fjallar um verk Gjörningaklúbbsins á sýningunni.**

**ID-LAB er sýning á verkum listamanna sem nota kraftmikil auðkenni tísku og hönnunar til að skoða tíðaranda samtímans. Listamennirnir eru allir þekktir fyrir vinnu sína sem myndlistamenn en hafa einnig flestir unnið að verkefnum á sviði hönnunar og þannig haft áhrif á tísku og tíðaranda. Verk Gjörningaklúbbsins á ID-LAB ber yfirskriftina Tíðarandinn og er eftirmynd af umhverfi ljósmyndastúdíós. Þar ríkir skrautlega klædd vera sem er persónugerður tíðarandi.** - vþ

# Fyrirsögnin rímar við gögnin

Í bókinni eru allar ljóðabækur Sjóns endurprentaðar í tímaröð sem hefst á Söng steinasafnarans frá fyrra ári og lýkur með þrítugum Sýnum. Bókinni fylgir fræðandi eftirmáli eftir doktor Guðna Elísson sem léttir ritskýrendum (lesendum) aðför að ljóðum skáldsins, ekki síst með áherslunni á „frelsunina frá oki raunhyggjunnar“ sem veldur því að „merkingin verður ekki fönguð með tækjum rökvísinnar“. Vel mælt. „Vandi“ lesandans er því í senn ærinn og ægilega spennandi, „hið óræða“ fær alræðisvald, frelsi lesandans er þá „ótakmarkað“ en um leið algjörlega skilyrt af eigin (myndvísu) ímyndunarafli, jafnvel bannað að ráða tákn. En frelsi felst ekki í því að banna, eða hvað? Alræði frjálsræðisins? Er einhver leið út úr þversögnum skáldskaparins? Liggur hún vestur á Mela? Hún hlýtur að enda í hring, annað er mótsögn.



**BÓKMENNTIR** Sjón sendi frá sér nýja skáldsögu í gær og fyrr á þessu hausti komu ljóð hans öll á bók.
MYND FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÖK

Lesandi ljóðs hefur fullt frelsi til að lesa það hvort heldur með eða á móti skáldi sínu, leita að meintum ásetningi, eða því sem skáldið vildi ekki sagt hafa (gera) eða lesandinn einn getur fundið, og ákvarða síðan sjálfur þann „vanda“ sem það hefur í för með sér – eða lesa það bara alveg vandræðalaust í sérgóðum „misskilningi“, e.t.v. er slíkur lestur einmitt framsæknastur þegar upp er staðið. Sjálfsagt er líka að hvetja til frumtáknslesturs á „súrrealískum ljóðum“, annað er lítilsvirðing við Freud og alvísa dulvitund skáldsins. Slík leit endar 80% í því að lesandinn hlær að sjálfum sér – sem fer súrrealískum ljóðum afar vel, og 10% í stóra sannleik sem fer þeim afar illa (eftirlifandi 10% eru síðan galdurinn sjálfur eða algjör glötun). Sakar því ekki að „gera tilraun“ og „sjá í orðunum táknræna dýpt“, það vindur ofan af eigin vitleysu með skapandi hætti og réttir lesandanum hjálparhönd á vit hins óræða. Tákn eru ljósberi, ekki lykill.

Lesa ljóðin, umbreyta orðum þeirra í mynd, skynja síðan myndina í stað þess að skilja orðin, þar er merking þeirra fólgin? Má vera. En þá verður skynjunin að vera í vídd sem varpar af sér oki raunveruleikans, hvað merkir það? Það sem gerir ljóð að ljóði, frelsi þess frá rökvísi, stefnumót við óendanleika ... þetta eru bara orð, orð sem fara í hring, það er ekki hægt með orðum að lýsa því sem kviknar handan orða, bara í ljóðinu sjálfu (sem er úr orðum). Ha? Svo er almættinu fyrir að þakka að skáld yrkja ljóð, ekki við bókmenntafræðingar, þá myndi orðið vefjast endalaust fyrir, betra að hafa bara sjón. Sjón skáldsins, skáldskapur sjónarinnar, gegnumlýst orð, það er lykillinn.

Samt ekkert víst að hann passi, það er ótakmarkað framboð af skrám, ekki síst í safnbókum. Skilningur skálda (á Vesturlöndum) á náttúrunni var til dæmis til skamms tíma bara af tvennum toga, annað hvort var maðurinn hluti af henni (heiðna viðhorfið) eða yfir hana settur (kristna viðhorfið). Í náttúruljóðum Sjóns er önnur vídd, önnur skrá, annar krókur framhjá þeirri keldu að list er í eðli sínu andóf gegn lögmálum náttúrunnar og lofgjörð hennar því hræsni í garð jarðar; skáldið endurskapar manninn í mynd náttúrunnar, yrkir honum þar nýtt upphaf innan ramma skáldskaparins, þar sem hann er hvorki af jörðu né yfir hana settur, finnur list hans stað í lifandi steini sem líka er dýr og maður og skáld, og orð. Í óræðum tíma og rými. Ha?

Dauði og líf eru á tungunnar valdi, segir Salómon og grýtir þann sem ekki hlýðir. Bókin er á sama máli en grjótið er úr orðum (ekki sjón).

**Sigurður Hróarsson**




**BÓKMENNTIR**
**Ljóðasafn 1978–2008.**
Sjón
JPV 2008
★★★★
Eðalskáldskapur.

# Um Bauka-Jón

**BÓKMENNTIR**
**Bauka-Jón**
Saga frá sautjándu öld
Jón Þ. Þór
Hólar 2008
★★★
Merkilegt yfirlit um sögufrægan mann smíðað af litlum heimildum

Jón Þ. Þór sagnfræðingur hefur sett saman litla bók sem rekur eftir bestu heimildum ævi Jóns Vigfússonar. Bókin spratt af rannsóknarvinnu Jóns um biskupsstólana sem hann kom að fyrir nokkrum misserum og markar á sinn hátt inngang að vinnu hans fyrir hina miklu sögu Íslands og Danmerkur sem nú er í vinnslu. Bauka-Jón var einn af hinum litríku persónuleikum sautjándu aldar og rekur Jón Þ. Þór eftir bestu heimildum sem því miður eru sárafáar feril hans, uppruna, sýslumannsferil sem endar með ósköpum, tilraunir hans til að ná vopnum sínum með aðstoð danskra ráðamanna, hvernig hann var skipaður varabiskup á Hólum, óvígður maður. Hann lauk ferli sínum á biskupsstóli og deyr 1690, 47 ára að aldri.

Jón gat aldrei losað af sér það orð að hann stundaði launverslun og leiðir Jón Þór að því nokkrum líkum að hann hafi tekið gildar reglur frjálsrar verslunar sem hurfu með einveldinu og leiguverslun og einokun. Yfirlit um ævi hans er þröngur en áhugaverður gluggi inn í þessa undarlegu öld og fáskrúðugar heimildir hennar.

Verkið er vel læsilegt, höfundurinn setur fram nokkrar tilgátur þar sem eyður gapa, en merkilegastar þóttu mér viðbætur sem fylgja ritinu með tveimur ítarlegum úttektum á Hólastað sem færa lesandanum heim sanninn um hversu mikið veldi biskupsstóllinn var á þessum tíma þegar Hólastóll var á fallanda fæti þó.

Ævi Bauka-Jóns verður eins og ítarleg neðanmálsklausa við sögu sautjándu aldar og dregur saman með viðbótum sögu sem ekki er finnanleg á einum stað. Athyglisvert er að hvergi er getið Lærðramanna-sagna Hannesar Þorsteinssonar í ritinu, sem rík þörf er á að sannreyna sem rannsóknarverk og heimildagrunn rannsókna fyrri alda.

**Páll Baldvin Baldvinsson**



JÓN Þ. ÞÓR SAGNFRÆÐINGUR

*Ert þú að íhuga að breyta til? — Ert þú sjálfstætt starfandi eða með lítið fyrirtæki? – Vilt þú komast í snertingu við náttúruna?*









**BÆRINN**
Í Grundarfirði búa rúmlega 900 manns í samfélagi sem einkennist af samheldni og jákvæðni og í bænum er rólegt og þægilegt andrúmsloft.

**ÞJÓNUSTAN**
Þjónusta við íbúa sveitarfélagsins er góð og hér eru starfræktir öflugir skólar; grunnskóli, leikskóli, tónlistarskóli og Fjölbrautaskóli Snæfellinga, www. fsn.is.

**FJÖLSKYLDAN**
Hér er mikil áhersla lögð á velferð yngri kynslóða og samheldni fjölskyldunnar. Úrval íbúðarhúsnæðis og byggingarlóða er gott.

**ATVINNAN**
Í Grundarfirði og á Snæfellsnesi eru fjölbreytt atvinnutækifæri t.d. við sjávarútveg, kennslu, ferðaþjónustu, heilbrigðisstörf, iðnaðarstörf, rannsóknarstörf, og háskólasetur.

**TÆKIFÆRIN**
Í Grundarfirði starfa öflug fyrirtæki í ýmsum greinum atvinnulífsins. Í bænum eru spennandi tækifæri fyrir frumkvöðla.

**AFÞREYINGIN**
Fjölmargir afþreyingarmöguleikar eru í Grundarfirði og á Snæfellsnesi öllu; golfvellir, mótorkross, skotsvæði, gönguleiðir, veiði, hestamennska og margt fleira.

## > THELMA DESIGN OPNUÐ Í DAG



Hönnuðurinn **Thelma** hefur notið mikillar velgengni, sérstaklega fyrir fallegt hárskraut sem hefur notið velgengni erlendis. Nú opnar hún loksins sína eigin búð í Reykjavík, í Garðastræti 2 í dag, sem heitir Thelma Design Atelier en þar eru fáanleg föt og hárspangir.

# stíll

utlit@frettabladid.is



**Dásamlega fallegan silkikjól** hannaðan af Eygló. Fæst í Kronkron, Laugavegi.



**Þykka hnésokka** frá Gaspard Yurkievich. Fást í kronkron.

OKKUR LANGAR Í …



**Frísklegan kinnalit** sem skiptist í sólarpúður og fallegan hraustlegan ferskjulit. Frá Christian Dior.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

**Anna Margrét Björnsson**

# *Að vera zvalur, ódýrt*

Eins og hvert einasta mannsbarn veit eða ætti að vita þá snýst tíska auðvitað ekki einungis um klæðaburð og stíl heldur í raun allt sem snýr að lífi okkar eins og matur, húsbúnaður, arkitektúr, myndlist og tónlist. Og þeir sem eru á móti tísku eru samt fastir í einhverri andtísku, þar sem tískan er jú óumflýjanlegur hluti af tilverunni. Þegar kreppir að er sennilega viturlegt að láta fataskápinn frá því í fyrravetur duga og eyða ekki óþarfa krónum í spjarirnar. En það er svo heilmikið meira sem hægt er að gera til þess að sýna að maður fylgist með, án þess að það kosti krónu.

Gott dæmi um þetta er að breyta talsmáta okkar og tileinka okkur svalari orðaforða. Snillingar eins og Gillzenegger og fleiri hnakkar komu auðvitað með sérstakan orðaforða á sínum tíma sem aðgreindi hnakka frá óæðri mannverum. Gillz og félagar færðu okkur meðal annars „bleeeezzzr“ (blessaður) og „Hverfizzz“ (Hverfisbarinn) fyrir liðlega fimm árum. Arfleifð þeirra lifir enn í hinni mjög svo mikilvægu zetu sem er nú komin með nýtt og ferskt tvist. Eitt sinn voru það aðeins gáfumenni sem héldu z-unni á lofti í mikilvægum Morgunblaðsgreinum en nú getur sérhver Íslendingur verið svaka hipp og kúl með því að skjóta nokkrum zetum hingað og þangað. Ef þú vilt vera memm á MSN eða Fésbókinni (og eru það ekki allir?) þá er sum sé töff að skjóta inn z-um meðal essa. Það er til dæmis hresst að vera hrezz.



Annað nýlegt fyrirbæri er kveðjan „Hajjjjjj,“ sem er eins konar langt „hæ“ og var í byrjun einungis notað af spenntum smástelpum eða konum sem voru að reyna að vera eins og spenntar smástelpur. Í dag er „hhaaajið og baaaajið,“ notað á alls kyns vígstöðvum á dálítið írónískan og hressandi hátt og einnig er mjög mikilvægt að skrifa kveðjurnar á þann máta sem þær eru ritaðar hér að framan. Nú og svo auðvitað eru menn farnir að apa allt upp eftir Dagvaktinni og nota óspart „Já, sæll“ og „Eigum við að ræða þetta eitthvað frekar?“ Að síðustu hefur orðatiltækið „hressandi“ færst gífurlega í aukana og allt er orðið hressandi. Og það er nú afskaplega gott í kreppunni að finna einmitt alltaf eitthvað hressandi í öllu. Og jafnvel svo hressandi að það sé með tveimur z-um.



**Í EÐLULÍKI** Magnaður grænn og rauður búningur hjá Alexander McQueen.



**TÖFF** Svartur glansandi leðurkjóll með ýktum mjöðmum og rennilás.



**NÚTÍMALEGT** Hvítur einfaldur skokkur hjá Balenciaga fyrir vor/sumar 2008.



**ABSÚRD** Sérstakur hringlaga jakki úr svörtu leðri frá Martin Marguiela.



**GLITRANDI** Málmkjóll og mjög sérstakur skóbúningur hjá Balenciaga.



**NÝ FORM** Stuttir kjólar með frumlegu bakstykki frá Hussein Chalayan.

FRAMÚRSTEFNULEG HÖNNUN Í VOR:

# Hreinn vísindaskáldskapur

Hönnuðurinn Nicolas Ghésquiere hjá Balenciaga hefur vakið mikla athygli undanfarin misseri fyrir framúrstefnuleg snið sem minna á einhvers konar geimbúninga. Hann er þó ekki einn um að sækja innblástur til vísindaskáldskapar því á tískusýningum í París fyrir næsta vor og sumar gaf að líta harla óvenjulegar flíkur. Martin Marguiela kom með abstrakt form og andlitslausar fyrirsætur, Hussein Chalayan var með stórfenglega geimbúninga og Alexander McQueen sýndi föt sem minntu helst á undarlegar verur úr Star Trek. - amb


Listamannaspjall í Galleríi Fold

sunnudag milli kl. 14–16.

Síðasta sýningarhelgi



Hulda Vilhjálmsdóttir

Öræfa/sæla málverk



Haukur Dór

sýnir málverk

LISTMUNASALA fold

Opið í Galleríi Fold á Rauðarárstíg, virka daga 10–18, laugardaga kl. 11–17 og sunnudaga kl. 12–17

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · Kringlan, sími 568 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

# 20% afsláttur

## af allri íslenskri tónlist

## ÍSLENSKIR TÓNLISTARDAGAR




KOMIN Í VERSLANIR HAGKAUPS!

2.399kr. Verð áður 2.999.-

**Páll Óskar**
- Silfur safnið




ÁRITUN Smáralind kl 16:00 í dag

2.399kr. Verð áður 2.999.-

**Bubbi og stórsveit Reykjavíkur**
CD og DVD




1.759kr. Verð áður 2.199.-

**Baggalútur**
- Nýjasta nýtt




1.759kr. Verð áður 2.199.-

**Bragi V. Skúlason og Memfismafían**
- Gilligill



ÁRITUN Smáralind kl 15:00 í dag

1.759kr. Verð áður 2.199.-

**Guðrún Gunnars**
- Umvafin englum




1.599kr. Verð áður 1.999.-

**Diddú**
- Diddú og Terem



1.599kr. Verð áður 1.999.-

**Lay Low**
- Farewell good night´s sleep




ÁRITUN Smáralind kl 14:00 í dag

1.759kr. Verð áður 2.199.-

**Sprengjuhöllin**
- Bestu kveðjur

Gildir til 30. nóvember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## > BLÓTAR Í SÍFELLU

Kate Hudson segist hafa verið ánægð þegar hún fékk handritið að kvikmyndinni My best friend's girl, þar sem karakter hennar blótar mikið í myndinni. Með hlutverkinu segist hún hafa fengið nasaþef af því sem leikkonur Sex and the city fengust við og notið þess í botn. Kate segist ekki geta átt í samræðum dags daglega án þess að blóta, en reyni þó að vanda orðaval sitt fyrir framan fjögurra ára son sinn, Ryder.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Halda fatamarkað á Prikinu

„Við sendum út boð á Facebook og svo fréttist þetta bara," segir Elísabet Alma Svendsen sem heldur fatamarkað á Prikinu í dag ásamt Guðrúnu Töru Sveinsdóttur fyrirsætu og Evu Katrínu Baldursdóttur verslunarstjóra Kron Kron. Stöllurnar eru ekki alls ókunnar tískuheiminum því Guðrún Tara og Eva Katrín hafa báðar starfað sem fyrirsætur um árabil og Elísabet Alma heldur úti heimasíðunni reykjaviklooks.net, ásamt Sögu Sigurðardóttur, þar sem fylgst er gaumgæfilega með götutískunni í Reykjavík. Elísabet hóf nám í fatahönnun við Listaháskóla Íslands í haust, en Guðrún hefur þegar lokið einu ári í fatahönnun og eftir áramót heldur hún ásamt Evu Katrínu til Mílanó þar sem þær munu vinna við fyrirsætustörf á vegum Eskimo.

„Okkur fannst sniðugt að finna stað niðri í miðbæ annan en Kolaportið og verðum á efri hæðinni á Prikinu. Við verðum með samsafn af mjög fínu dóti og margt af því er lítið eða ekkert notað," útskýrir Elísabet. „Ég er búin að vinna í Rokki og rósum lengi, en Guðrún Tara og Eva Katrín í Kron Kron, svo það er mikið þaðan," bætir hún við og segir stemmninguna fyrir markaðnum vera góða. „Við ætlum að selja þetta ódýrt svona í kreppunni og vonumst bara til að sjá sem flesta milli 12 og 18 í dag," segir Elísabet að lokum. -ag



**FATAMARKAÐUR Á PRIKINU** Elísabet Alma, Eva Katrín og Guðrún Tara halda fatamarkað á Prikinu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## TOPP 10



### *Sólbaðsstofur*

1. **SÓLHEIMAR** *Alltaf með skærustu perurnar.*
2. **GULLINBRÚN** *Við Gullinbrú.*
3. **SÍÐAN SKEIN SÓL** *Rafmagnið á það til að fara af.*
4. **SÓLBAÐSSTOFAN TÖFF** *Á Húsavík.*
5. **Á MÓTI SÓL** *Nostraðu við þig.*
6. **SÚPER SÓL** *Hólmaseli.*
7. **NORÐURLJÓS** *Á Siglufirði.*
8. **SÓLDÖGG** *Sólbekkir og náttúruleg daggarmeðferð.*
9. **SOHOSÓL** *Grensásvegi.*
10. **RAUÐSÓL** *Sérsniðnir bekkir fyrir rauðhærða.*

**Bara helmingurinn af þessu eru alvörusólbaðsstofur*



**ÁSGEIR KOLBEINS** Metrómenn stunda ljósabekkina.



**KAMPAVÍN** Gestum á viðhafnarsýningunni var boðið upp á dýrindis Bollinger-kampavín. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Nýrri Bond-mynd fagnað

**Viðhafnarsýning var haldin á nýjustu Bond-myndinni, Quantum of Solace, í Smárabíói í fyrrakvöld. Fjöldi fólks lét sjá sig enda hefur James Bond í gegnum tíðina verið trygging fyrir góðri skemmtun.**

Boðið var upp á popp, kók og Bollinger-kampavín handa gestunum, auk þess sem fönguglegar Bond-stúlkur gengu um með bros á vör.

Myndin var sýnd í þremur sölum sem allir voru troðfullir og skemmti fólk sér prýðilega, þar á meðal Björn Bjarnason, dómsmálaráðherra, sem er þekktur fyrir að vera aðdáandi góðra hasarmynda.

Quantum of Solace er 44. Bond-myndin og fer hinn bláeygi og ljóshærði Daniel Craig með hlutverk njósnara hennar hátignar í annað sinn. Myndin hefur fengið mjög góða dóma, meðal annars fjórar stjörnur hér í Fréttablaðinu.



**SPENNTIR** Félagarnir Sissi og Viggó voru greinilega spenntir fyrir nýjustu Bond-myndinni.



**BROSMILDAR** Þóra Briem og íþróttafréttakonan Lovísa Árnadóttir voru brosmildar í Smárabíói.



**ÞORGEIR OG GUÐMUNDUR** Þorgeir Pálsson og Guðmundur H. Jóhannsson voru á meðal gesta í Smárabíói.

# Aðdáandi Iron Maiden

Jónsi í Sigur Rós segist hafa verið mikill aðdáandi bresku þungarokkssveitarinnar Iron Maiden í æsku. „Við hittum Bruce Dickinson úr Iron Maiden einu sinni á tónleikum. Hann trúði því ekki að við værum aðdáendur þeirra," sagði Jónsi við Daily Mirror.



**JÓNSI**

Jónsi segir að Bítlarnir hafi verið fyrsta hljómsveitin sem hann hreifst af. „Mín fyrsta tónlistarminning er þegar ég spilaði Bítlaplötur of hátt í græjum foreldra minna. Mér fannst það æðislegt. Þannig lærði ég að spila á gítar."

# Berst við glæpamenn

Næsta mynd Kim Basinger, tryllirinn While She Was Out, kemur í bíó vestanhafs tólfta desember næstkomandi. Þar leikur hún eiginkonu í úthverfi nokkru sem lendir í því að hópur glæpamanna situr um hana á aðfangadag jóla. Berst hún fyrir lífi sínu eingöngu með verkfærabox að vopni.



**KIM BASINGER**

Basinger, sem verður 55 ára fjórum dögum áður en myndin verður frumsýnd, sást síðast á hvíta tjaldinu fyrir tveimur árum í myndunum Even Money og The Sentinel. Leikstjóri og handritshöfundur While She Was Out er Susan Montford og er þetta frumraun hennar á þessu sviði.


# 20%

afsláttur út nóvember



Iris Gústafsdóttir

Í tilefni af 20 ára starfsafmæli mínu býð ég 20% afslátt út nóvember

| | | |
|---|---|---|
| Klipping frá 3200.kr | Ál - spaðar frá 5200.kr | Blástur frá 2500.kr |
| Litur frá 4000.kr | Permanett frá 5100.kr | Lagning frá 2500.kr |

Hársnyrtistofa Irisar opnaði 1988 í Hafnarstræti 16 en er nú að Austurströnd 1 Seltjarnarnesi

Salon Nes

Salon Nes - Austurströnd 1- Seltjarnarnes - S.5626065 - www.salonnes.is


# Heiðraður í heimaborginni

Britney Spears og rokksveitin 30 Seconds To Mars hlutu tvenn verðlaun hvor á evrópsku MTV-tónlistarverðlaunahátíðinni sem var haldin í Liverpool. Bítillinn Sir Paul McCartney fékk heiðursverðlaun og það í heimaborg sinni.

„Það er aðeins ein manneskja hér í kvöld sem við vitum að hefur samið lög sem munu lifa að eilífu. Það er aðeins einn Paul McCartney," sagði Bono, söngvari U2, sem afhenti honum verðlaunin. McCartney var eini Bretinn sem fékk verðlaun á hátíðinni því flytjendur á borð við Duffy, Leona Lewis og Coldplay fóru tómhentir, heim þrátt fyrir að hafa fengið þrjár tilnefningar hver.

Britney Spears fékk verðlaun fyrir bestu plötuna, Blackout, Kanye West var valinn besti hip hop-tónlistaramaðurinn og lag Pink, So What, var valið það sem þótti mest grípandi.

Rick Astley, sem sló í gegn með laginu Never Gonna Give You Up fyrir tuttugu árum, fékk verðlaun fyrir sitt framlag til tónlistarheimsins. Bar hann þar sigurorð af ekki ómerkari listamönnum en U2, Britney Spears og Green Day.

Á meðal þeirra sem spiluðu á hátíðinni voru The Killers, Beyoncé, Pink, Take That og Kanye West og var stemmningin í salnum frábær allt kvöldið.



**MCCARTNEY OG BONO** Vel fór á með Paul McCartney og Bono á MTV-verðlaunahátíðinni sem var haldin í Liverpool. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES


Fáðu mynd
af þér í gervi Fíusólar!
Fíasól og ...
... stóra sundslysaferðin
... sjóræningjaruglið
... skræfan
... eldkláru jólasveinarnir
... tækjalausi dagurinn
... eilífa útilegan
... brottför Hansínu
Fíasól
er flottust
FÍUSÓLARDAGUR
í Eymundsson Kringlunni í dag
25% afsláttur af öllum bókunum um Fíusól
KRISTÍN HELGA GUNNARSDÓTTIR og HALLDÓR BALDURSSON
kynna nýju bókina og árita bækur kl. 14–16
MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

# Segjast vera finnskir

Rokkhljómsveitin Noise ætlar að stinga hausnum í kjaft breska ljónsins og spila þar á fimm tónleikum. Túrinn hefst í kvöld í Donchester. „Við erum nú bara að pæla í að kynna okkur sem band frá Finnlandi,“ segir Stefán Vilberg, bassaleikari Noise. „Þetta eru víst svaðalegar skítabúllur, til dæmis sú í Grimsby. Maður tekur engar óþarfa áhættur.“



**ÆTLA AÐ SEGJAST FINNSKIR** Noise blanda saman poppi og metal á næstu plötu.

Hljómsveitin spilaði blöndu gruggs og sígilds rokks á fyrstu plötu sinni sem kom út árið 2006. Sveitin er nú langt komin með nýja plötu og ætlar að gefa hana út á næsta ári. „Þar verður nútímalegra rokk myndi ég segja,“ segir Stefán, „eins konar bland af metal og poppi.“

Stefán á ekki von á miklu lúxuslífi á túrnum. „Það er spurning hvernig gengur að redda sér gjaldeyri, en það verður eldað fyrir okkur á öllum stöðunum sem við spilum á. Súpa eða eitthvað. Við ættum alla vega ekki að svelta.“

- drg

# Verk Sigtryggs í New York

Leikrit Sigtryggs Magnasonar, Herjólfur er hættur að elska, verður leiklesið á alþjóðlegri leiklistarhátíð sem verður haldin 15. til 16. nóvember í New York.

„Það var haft samband við mig í sumar og ég spurður hvort ég ætti verk sem hefðu verið þýdd á ensku,“ segir Sigtryggur. „Ég sendi þeim síðasta verkið mitt Yfirvofandi og líka Herjólfur er hættur að elska og þau vildu fá að setja það upp.“

Sigtryggur flýgur til New York í næstu viku til að vera viðstaddur hátíðina, þar sem leikritið verður flutt á besta tíma, eða klukkan 20 á laugardagskvöldi. Eftir leiklesturinn mun hann svo taka þátt í pallborðsumræðum.

Sigtryggur játar að um mikinn heiður sé að ræða fyrir sig. „Mér finnst það afskaplega mikill heiður að fá svona tækifæri til að heyra þetta lesið á sviði í New York. Þetta er bara gaman og líka gott tækifæri að heyra og sjá verkið á útlensku.“

Herjólfur er hættur að elska var sýnt í Þjóðleikhúsinu árið 2003 við góðar undirtektir. Verkið Yfirvofandi var síðan sýnt á Listahátíð í Reykjavík á síðasta ári. Fyrir það var Sigtryggur tilnefndur til Grímuverðlaunanna sem leikskáld ársins.

Upptökur eru einmitt að hefjast í Útvarpsleikhúsinu á Yfirvofandi þar sem Edda Arnljótsdóttir, Ingvar E. Sigurðsson og Jörundur Ragnarsson fara með aðalhlutverkin.

- fb



**SIGTRYGGUR MAGNASON** Verk Sigtryggs, Herjólfur er hættur að elska, verður leiklesið á sviði í New York fimmtánda nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**BRIAN MAY** Framlagi Brians May til plötu Guns´N´ Roses var hent í ruslið.

# Framlag May í ruslið

Axl Rose, forsprakki Guns ´N´ Roses, hefur hætt við að nota framlag Brians May, gítarleikara Queen, til plötunnar Chinese Democracy. May var aðalgítarleikari í laginu Catcher N´ The Rye en á endanum var framlagi hans hent í ruslið. „Þetta er synd því ég lagði mikla vinnu í þetta og var stoltur af minni þátttöku,“ sagði May. „En ég get alveg skilið ef Axl vill gefa út plötu sem endurspeglar verk þeirra sem eru í hljómsveitinni hans í dag.“

Chinese Democracy er væntanleg 23. nóvember. Platan hefur verið í fjórtán ár í vinnslu og talið er að hún hafi kostað Axl Rose tvær milljónir dollara.



**EDWARD NORTON** Myndatökulið á vegum Norton hefur fylgt Obama eins og skugginn síðastliðin tvö ár.

# Gerir mynd um Obama

Bandaríska sjónvarpsstöðin HBO hefur tryggt sér sýningarréttinn á nýrri heimildarmynd um Barack Obama, næsta forseta Bandaríkjanna. Fyrirtæki leikarans Edwards Norton, Class 5 Films, framleiðir myndina, en tökum lýkur ekki fyrr en Obama hefur svarið embættiseið sinn á næsta ári.

Tökulið hefur fylgt Obama hvert fótspor frá árinu 2006, til að mynda er hann ferðaðist til Afríku og þegar hann tilkynnti um forsetaframboð sitt. Einnig hefur verið rætt við fjölskyldu Obama, vini og starfsfólk hans. „Við teljum að þessi mynd muni fanga mikinn vendipunkt í sögu Bandaríkjanna, þegar ný kynslóð leiðtoga steig fram á sjónarsviðið og gömul og úrelt gildi liðu undir lok,“ sagði Norton.




# Grohl með Prodigy

Dave Grohl, forsprakki Foo Fighters, spilar á trommur í laginu Run With Wolves á nýrri plötu Prodigy, Invaders Must Die. Grohl gerði garðinn frægan sem trommari Nirvana og eftir að sú sveit hætti hefur hann verið duglegur við að taka í kjuðana með öðrum sveitum. Má þar nefna Queens of the Stone Age og Probot.

„David sendi mér tölvupóst og spurði hvort hann mætti senda mér efni. Hann sendi mér stóran bunka af trommuslætti sem veitti okkur mikinn innblástur,“ sagði Liam Howlet úr Prodigy. „Við gerðum ennþá meira saman og netið hjálpaði okkur að gera þetta allt saman að veruleika.“ Platan er væntanleg í mars á næsta ári.



**DAVE GROHL** Forsprakki Foo Fighters spilar á nýjustu plötu Prodigy, Invaders Must Die.

# Fangar gerðu hljómsveitarboli

Hljómsveitin For A Minor Reflection hefur til sölu á tónleikaferð sinni um Evrópu stuttermaboli sem fangar á Litla-Hrauni bjuggu til fyrir þá.

„Okkur var bara bent á þetta fyrirtæki, Inmate.is, og þeir buðu okkur mjög góðan díl. Þetta eru bara mjög flottir bolir sem þeir gerðu,“ segir Guðfinnur Sveinsson, liðsmaður For A Minor Reflection. Hljómsveitin var með hönnuði á sínum snærum sem sáu um útlit þessara gráu bola en framleiðslan sjálf var í höndum fanganna.

Guðfinnur og félagar hita upp fyrir Sigur Rós á tónleikaferðinni og hefur þeim verið mjög vel tekið. „Við spiluðum fyrst á Civic Hall í Wolverhampton sem er staðurinn þar sem Morrissey spilaði fyrst á sólóferli sínum. Jói trommari átti afmæli þá og við héldum upp á það með kampavíni og skemmtilegheitum,“ segir hann.

Heyrst hefur af áhuga erlendra útgáfufyrirtækja á hljómsveitinni en Guðfinnur segir þau mál enn þá í óvissu. „Við höfum ekki skrifað undir neitt og það er enginn einn sérstakur útgefandi sem vill gefa okkur út. Það er áhugi fyrir hendi hjá fólki en við bíðum bara róleg-ir.“ -fb



**FOR A MINOR REFLECTION** Hljómsveitin For A Minor Reflection fékk aðstoð frá föngum á Litla-Hrauni við framleiðslu nýrra hljómsveitarbola.



**NOEL GALLAGHER** Forsprakki Oasis er ósáttur við sífelldan samanburð við Radiohead.

# Radiohead er ekki betri

Noel Gallagher, liðsmaður Oasis, er ósáttur þegar gagnrýnendur telja Radiohead vera betri hljómsveit en Oasis eingöngu vegna þess að hún sé tilraunakenndari.

Hann segir að það sé ekki hægt að bera hljómsveitirnar saman. „Mesta gagnrýnin sem við fáum er að við séum ekki eins og Radiohead. Er það ekki rétt hjá mér að þeir hafa verið að gera sömu plötu síðan þeir gáfu út Kid A?“

Noel bætti við: „Ég fíla þá. Þeir eru frábærir á tónleikum en málið er að við spilum aðgengilegt rokk á meðan þeir gera erfiðar rafrænar plötur. Ég er ekki að gagnrýna þá og þess vegna ætti heldur ekki að gagnrýna okkur.“



**WILL SMITH** Will Smith mun líklega fara með aðalhlutverkið í endurgerð myndarinnar Oldboy.

# Endurgera Oldboy

Leikstjórinn Steven Spielberg og leikarinn Will Smith ætla sér að endurgera suður-kóresku bíómyndina Oldboy sem kom út fyrir fimm árum við góðar undirtektir.

Myndin fjallar um það þegar manni sem hefur verið haldið föngnum í herbergi í fimmtán ár án útskýringa er sleppt lausum. Eftir að hafa fengið peninga, farsíma og föt í hendur heldur hann í leiðangur til að finna manneskjuna sem eyðilagði líf hans.

Fyrirtæki Spielberg, Dreamworks, reynir nú að tryggja sér réttinn til endurgerðarinnar. Smith myndi fara með aðalhlutverkið en Spielberg hefur lengi dreymt um að starfa með honum.




# Poetrix predikar úti á landi

„Ég er bara að rúnta um landið, rappa fyrir krakkana og borða núðlur. Fokk kreppa!“ segir rapparinn Poetrix – Sævar Daniel Kolandavelu – sem er búinn að vera eina viku á vegum úti og á tvær vikur eftir enn. Hann og dj-inn og bítboxarinn Siggi Bahamas, eða NENNIsiggi, gera nú víðreist og troða upp á 32 stöðum á landsbyggðinni. Þar skemmta þeir og reyna að hafa jákvæð áhrif á krakkana.

„Skilaboðin sem beinast að unglingum úr öllum áttum skemmtanaiðnaðarins í dag orka vægast sagt tvímælis,“ segir Poetrix. „Staðlaðar ímyndir um útlit og holdafar sjást í hverju einasta tónlistarmyndbandi, dópneysla er máluð upp sem sjálfsagður hlutur af lífsstíl þeirra sem slá í gegn og jafnvel sem spennandi þáttur í karaktersköpun.“



**RAPPARI KEMUR Í HEIMSÓKN** Poetrix uppfræðir krakka í Sandgerði.

Poetrix, sem sjálfur er fyrrverandi fíkill, hefur ekki trú á predikun eða hræðsluáróðri. „Mér finnst líklegra til árangurs að nálgast krakkanna á jafningjagrundvelli og setja fyrirmynd með fordæmi. Með því að segja þeim aðeins frá sjálfum mér og leyfa þeim að fá smá innsýn í það sem að ég er að gera í dag og viðhorf til þess að vera ungur maður í þjóðfélaginu, er ég viss um að ná að skilja eitthvað jákvætt eftir mig.“

Krakkarnir hafa hingað til tekið vel í heimsóknina og Poetrix er bjartsýnn á æsku landsins. „Maður sér fullt af hæfileikaríkum krökkum. Það eiga sér drauma og markmið en þau verða auðvitað að hafa grundvöll til að láta drauma sína rætast. Krakkar á Íslandi eru gífurlega „fresh“, eins og Siggi myndi orða það.“

Poetrix og Siggi eru á Norðurlandi þessa dagana og munu standa fyrir ýmsum uppákomum á Akureyri um helgina ásamt rappbandinu 32C.

-drg

# Kreppupönk í áttunda bekk

**Fjórar þrettán ára stelpur kynntust pönktónlist hjá tónmenntakennaranum sínum. Á fjórum vikum tókst þeim að spila lag og fá það leikið á Rás 2.**



**GARÐABÆJARPÖNKARAR SEM HLUSTA Á FM957** Litlu grýlurnar frá vinstri – Guðlaug hljómborðsleikari, Ásdís Halla bassaleikari, Ásdís Rún og Ingveldur gítarleikari.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Nýjasta pönkbandið á Íslandi er skipað fjórum þrettán ára stelpum í Sjálandsskóla í Garðabæ. Þar kennir Ólafur Schram tónmenntir og lét áttunda bekk kynnast tónlistarstílum síðustu aldar með því meðal annars að semja, æfa og taka upp eitt lag. Krakkarnir stofnuðu bönd og bjuggu til rokk-, diskó- og kántrílög auk pönksins.

„Þetta var allt mjög flott hjá þeim, en pönkhljómsveitin hitti kannski naglann best á höfuðið. Pönkið er náttúrlega sá stíll sem minnstrar kunnáttu þarf til að flytja,“ segir Ólafur. Stelpurnar höfðu aldrei snert hljóðfæri áður, en tókst á fjórum vikum að skila frá sér mjög sannfærandi pönklagi. Það var meira að segja leikið á Rás 2 og þar gaf útvarpskonan Linda Blöndal sveitinni nafnið „Litlu grýlurnar“.

„Okkur fannst það nafn bara svolítið flott,“ segir söngkonan Ásdís Rún, sem trommar líka. „En við erum samt ekkert búnar að pæla í því hvort við höldum áfram. Kannski. Við hlustuðum á Rokk í Reykjavík til að læra um pönkið og leist ágætlega á þessa músík. En yfirleitt höfum við þetta bara auðvelt og hlustum á FM957.“

Í laginu, „Kreppa“, er ekkert verið að skafa utan af því. Þar segir meðal annars: „Ríkið er ekki heilbrigt. Gamlir verða að fara. Nýir menn koma og bjarga Íslandi!“ – „Já, þeir gömlu verða að fara,“ segir Ásdís. „Og aðrir verða að fá tækifæri til að taka við. Annars veit ég ekki mikið um þetta sjálf. Ég hef bara heyrt mikið talað um þetta.“

drgunni@frettabladid.is


















# RISA
## ÚTIVISTAR- SKÓ OG TÍSKU
# MARKAÐUR

Nú færum við
**Perlumarkaðinn**
og verðum í MEST húsinu
**Norðlingaholti**

**AÐEINS 10 DAGAR 6. - 16. NÓVEMBER**




## Opið alla helgina frá 12 - 18

Útsöluvörur frá

Kaupfélagið · skór.is · STEINAR WAAGE · ecco · BLEND · PUMA · adidas · Clarks · SKECHERS · RBK

## > Sara Björk valdi Breiðablik

Landsliðskonan Sara Björk Gunnarsdóttir gekk í gær í raðir Breiðabliks frá uppeldisfélagi sínu Haukum. Sara Björk var á láni hjá Breiðabliki síðasta sumar og lék þá sjö leiki með félaginu í Landsbankadeildinni og VISA-bikarnum og skoraði í þeim fimm mörk en hún skrifaði í gær undir tveggja ára samning við Kópavogsfélagið. Hin átján ára Sara Björk hefur átt fast sæti í byrjunarliði kvennalandsliðs Íslands undanfarið og var eftirsótt af öllum stærstu félögum kvennadeildarinnar og því ljóst að hún er mikill fengur fyrir ungt og efnilegt lið Blika sem endaði í þriðja sæti Íslandsmótsins síðasta sumar.



**sport**

sport@frettabladid.is

EINAR JÓNSSON, ÞJÁLFARI KVENNALIÐS FRAM: MÆTA OLIMPIJA Í TVEIMUR EVRÓPULEIKJUM Í SLÓVENÍU UM HELGINA

# *Ætla að nota ferðina til að koma sér á sporið*



Kvennalið Fram mætir RK Olimpija frá Slóveníu í Áskorendakeppni Evrópu í handbolta í Ljubljana um helgina.

„Þetta verður mjög erfitt. Þær eru langefstar í slóvensku deildinni en besta slóvenska liðið, Krim, spilar ekki í henni heldur í sérstakri Balkanskagadeild. Það má því segja að þetta sé lang-næstbesta lið Slóveníu,“ segir Einar Jónsson þjálfari Fram.

Fram seldi heimaleikinn og þeir fara báðir fram um helgina. „Það var allan tímann ljóst að við þurftum að koma út úr þessu dæmi á núlli og þá var ekkert annað í stöðunni. Það er bara dýrt að taka þátt í Evrópukeppni og þetta var eini möguleikinn,“ segir Einar sem lítur svo á að þessi ferð eigi eftir að styrkja liðsandann í Framliðinu. „Það var stefnan að nota þessa ferð til að koma okkur á sporið almennilega. Þetta þjappar hópnum saman og svo fáum við tvo góða leiki. Síðan er stefnan sett á að fara að byrja þetta Íslandsmót af einhverju viti í kjölfarið,“ segir Einar, en Framliðið er sem stendur í 5. sæti deildarinnar. „Ég er að mestu leyti alveg sáttur við leikina okkar hingað til. Við töpuðum fyrir HK í fyrsta leik sem var eini leikurinn sem ég var verulega ósáttur við. Okkar markmið er að komast í úrslitakeppnina,“ segir Einar.

Einar hefur verið að missa leikmenn. Stella Sigurðardóttir er búin að missa af leikjum vegna meiðsla og nú síðast missti Karen Knútsdóttir af Slóveníuferðinni vegna veikinda. „Það eru allar að detta út einhverjir leikmenn. Stella var ekki með framan af og nú er Karen að detta út. Það munar um minna en að missa út tvo A-landsliðsmenn og það eru ekki mörg lið sem myndu geta það,“ segir Einar sem veit lítið um mótherjann um helgina. „Maður rennir alveg blint í sjóinn. Ég var að reyna að fá einhverjar upplýsingar um þetta lið en það gekk ekki neitt. Miðað við hvernig þeir tala um sitt eigið lið þá eru einhver framtíðarplön um að þetta verði stórlið á komandi árum,“ segir Einar. „Við ætlum að fara með þessa leiki inn í reynslubankann og ef að við náum góðum úrslitum eða förum áfram þá er það bara bónus,“ sagði Einar að lokum.

## ÚRSLIT

### *Iceland Express-deild karla*

Breiðablik-Snæfell 74-79 (30-41, 67-67)

Stig Blika: Rúnar Ingi Erlingsson 19 (7 frák., 9 stoðs.), Nemanja Sovic 17 (12 frák.), Daníel Guðni Guðmundsson 11, Loftur Þór Einarsson 9, Aðalsteinn Pálsson 9, Kristján Rúnar Sigurðsson 5, Halldór Örn Halldórsson 4.

Stig Snæfells: Sigurður Á Þorvaldsson 19 (14 frák.), Jón Ólafur Jónsson 17, Magni Hafsteinsson 14, Hlynur Bæringsson 11 (14 frák. 5 stoðs, 5 varin), Daníel Ali Kazmi 7, Atli Rafn Hreinsson 6, Gunnlaugur Smárason 3, Kristján Andrésson 2.

ÍR-Tindastóll 90-71 (53-41)

Stig ÍR: Eiríkur Önundarson 22 (6 stoðs.), Ómar Örn Sævarsson 21 (13 rák., 5 varin), Sveinbjörn Claessen 20 (5 stoðs.), Hreggviður Magnússon 11 (19 mín.), Ólafur Aron Ingvason 7, Steinar Arason 5, Þorsteinn Ólafur Húnfjörð 4.

Stig Tindastóls: Darrell Flake 24 (13 frák.), Alan Fall 10, Soren Flæng 9, Svavar Atli Birgisson 7, Ísak Einarsson 6, Halldór Halldórsson 5, Hreinn Gunnar Birgisson 4, Helgi Rafn Viggósson 4, Friðrik Hreinsson 2.

Skallagrímur-Njarðvík 63-92 (44-46)

Stigahæstir: Sveinn Arnar Davíðsson 17, Sigurður Þórarinsson 11 - Logi Gunnarsson 29, Magnús Þór Gunnarsson 18 (9 frák., 6 stoðs.), Hjörtur Hrafn Einarsson 14, Friðrik Stefánsson 10 (9 frák., 6 stolnir).

Óvissuástand hjá West Ham:

## Björgólfur að skoða sín mál

**FÓTBOLTI** Breskir fjölmiðlar hafa verið óþreytandi í skrifum sínum um „mögulega“ sölu Björgólfs Guðmundssonar á West Ham í ljósi fjárhagsskaðans sem hann hefur orðið fyrir undanfarið.

Ásgeir Friðgeirsson, aðstoðarstjórnarformaður West Ham og talsmaður Björgólfs, hefur hins vegar hingað til alfarið vísað á bug öllum sögusögnum um sölu félagsins, eða þangað til í gær.

„Vegna efnahagskreppunnar er Björgólfur nú að endurskoða allar sínar eignir og fjárfestingar og West Ham er þar ekki undanskilið,“ segir Ásgeir í viðtali við Telegraph Sport í gær. - óþ

# Upplifun að sjá Flensburg

**Haukar mæta þýska stórliðinu Flensburg í meistaradeildinni í handbolta að Ásvöllum í kvöld. Handboltaunnendur allir eru hvattir til þess að mæta á leikinn.**

**HANDBOLTI** Haukar ráðast ekki á garðinn þar sem hann er lægstur þegar þýska stórliðið Flensburg mætir í heimsókn að Ásvöllum í Meistaradeild Evrópu í kvöld, en leikurinn hefst kl. 19.30. Þjálfarinn Aron Kristjánsson er þó hvergi banginn og heldur fast í það markmið Hafnarfjarðarliðsins að leika til sigurs í öllum heimaleikjum þess í keppninni, en það hefur gengið eftir hingað til.



**TILHLÖKKUN** Markvörðurinn Birkir Ívar Guðmundsson, þjálfarinn Aron Kristjánsson og Páll Ólafsson á blaðamannafundi fyrir leikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Flensburg er náttúrulega með eitt af bestu félagsliðum heims og það er upplifun út af fyrir sig að sjá þetta lið spila handbolta. Leikur þeirra hefur gjarnan verið kenndur við skandinavískan leikstíl enda eru þeir með marga góða leikmenn frá Norðurlöndunum en aldrei fundist neitt skemmtilegt að spila á móti „aggressívum“ varnarleik og það er spurning hvort við getum ekki slegið þá út af laginu,“ segir Aron.

Velgengni Hauka í meistaradeildinni hefur vakið athygli og telur Aron að sigur þeirra á ungverska stórliðinu Veszprém hafi væntanlega hringt einhverjum aðvörunarbjöllum hjá Flensburgarmönnum.

„Sigur okkar gegn Veszprém, þar sem við leiddum leikinn um tíma með einhverjum 6-8 mörkum, hefur pottþétt fengið forráðamenn Flensburg til þess að hugsa sig tvisvar um. Ég held að þeir séu því að einhverju leyti smeykir að mæta okkur vegna þess að það er mjög mikilvægt fyrir þá að vinna þennan leik ef þeir ætla ekki að lenda í vandræðum með að komast upp úr riðlinum í 16-liða úrslitin. Ef við vinnum leikinn hins vegar, þá erum við náttúrulega komnir í frábæra og einstaka stöðu fyrir íslenskt félagslið í meistaradeildinni,“ segir Aron sem biðlar til íslenskra handboltaáhugamanna að mæta að Ásvöllum og styðja við bakið á Haukum.



**ÖFLUGUR** Línumaðurinn Kári Kristján Kristjánsson fór á kostum í fyrri leik liðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Við erum náttúrulega fulltrúar Íslands í þessarri keppni og erum því ekki bara að spila sem Haukar heldur sem Ísland og vonumst eftir stuðningi íslenskra áhorfenda, hvort sem þeir eru Haukamenn eða ekki. Við viljum skapa góða stemmningu að Ásvöllum með fullu húsi til þess að reyna að setja smá pressu á þetta stórlið Flensburgar og sjá til hvort við náum ekki að stríða þeim eitthvað.

Leiktíminn, kl. 19.30 á laugardagskvöldi, kemur til vegna útsendingar sjónvarpsstöðvarinnar Eurosport. Þessi tími er ekki oft nýttur hér á landi en er þekktur erlendis og við ætlum að nýta tækifærið til þess að búa til skemmtilega stemningu fyrir og eftir leikinn þar sem við verðum m.a. annars með fjáröflunarveislu fyrir okkar fólk,“ segir Aron að lokum. omar@frettabladid.is



**HLYNUR Í BREIÐABLIK?** Hlynur Bæringsson, annar þjálfara Snæfells, í varabúningi Blika í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Snæfellingar í karlakörfunni:

## Unnu Blikana í Blikabúningi

**KÖRFUBOLTI** Snæfell stöðvaði sigurgöngu nýliða Blika með því að vinna þá 79-74 í framlengdum leik í Smáranum í gær. Snæfellingar gleymdu búningunum sínum heima en fengu varabúninga Blika lánaða sem reyndist þeim vel í spennuleik.

Það voru mikla sveiflur í leiknum og sem dæmi var Snæfell 41-30 yfir í hálfleik en Blikar voru komnir 58-55 yfir í lokaleikhluta. Blikar náðu mest 7 stiga forskoti í 4. leikhluta en Snæfellingar komu sér aftur inn í leikinn og tryggðu sér framlengingu þökk sé tveimur stórum körfum frá ungum strákum, Daníel Ali Kazmi og Kristjáni Andréssyni, sem jafnaði í 67-67 fimm sekúndum fyrir leikslok. Daníel skoraði síðan stóran þrist í framlengingunni þar sem Hólmarar lönduðu baráttusigri en Blikar sem höfðu unnið tvo leiki í röð sátu eftir með sárt ennið enda misstu þeir niður sjö stiga forskot á síðustu þremur mínútunum.

ÍR-ingar endurheimtu Hreggvið Magnússon og tryggðu sér fyrsta sigur sinn í vetur þegar þeir unnu Tindastól örugglega 90-71. Ómar Sævarsson, Eiríkur Önundarson og Sveinbjörn Claessen skoruðu allir 20 stig. - óój



# NÝ OG NÝLEG TÓNLIST Í SKÍFUNNI




Mamma Mia



Metallica




AC/DC



Kings Of Leon



Oasis



Slipknot




David Gilmour




Pussycat Dolls




Bob Dylan




Celine Dion




High School Musical 3




Katy Perry




Duffy



Pink




Coldplay




Katie Melua

**FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM**
**MESTA ÚRVAL LANDSINS AF TÓNLIST**

S·K·Í·F·A·N
Nýtt upphaf

**Skífan Laugavegi 26 · Skífan Kringlunni · Skífan Leifsstöð · www.skifan.is**

> Ben Affleck

„Það er ekkert í heiminum verra en að vera 13 ára drengur. Maður skammast sín fyrir foreldra sína og er að reyna að vera sjálfstæður sem er vonlaust því maður er enn þá svo háður mömmu sinni.“ Affleck leikur í myndinni Man About Town sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ DR. GUNNI VILL HEYRA RÉTTU SPURNINGARNAR

# *Fagmenn í djobbið, takk!*

Fólk er misgott í sínu djobbi. Stundum er kynnt til sögunnar að hinn eða þessi eigi að mæta í rosa viðtal, kannski einhver sem hefur verið á milli tannanna á fólki. Svo kemur viðtalið og maður annað hvort andvarpar og hugsar: Æ nei, af hverju var nú þessi látinn taka þetta viðtal? Eða æsist upp og hugsar: Jess! Nú verður sko fútt í þessu!

Best væri auðvitað að maður þyrfti aldrei að andvarpa, heldur að alltaf væru notaðir áreiðanlegir spyrlar, fastir fyrir og með allt á hreinu. Fagmenn sem sé. Nú þegar við virðumst endalaust á kafi í skítamálun þar sem spillingargryfja íslenska örsamfélagsins opinberar sig æ betur með hverjum deginum sem líður, er hreinlega algjört aðalatriði að hægt sé að knýja fram svör og skýringar. Ekki bara eitthvað bla og ble, sem er það sem slappir spyrlar sætta sig við.

Talandi um fagmenn, en á öðru sviði, þá má ég til með að hæla Loga Bergmann og KK. Logi er í beinni á föstudögum með svona Hemma Gunn þátt eins og margir hafa spreytt sig á. Það fer auðvitað eftir því hverjir mæta í spjall hversu skemmtilegt þetta er. Logi er gríðarlega afslappaður og slakur og nær fram góðu flæði. Margir viðmælendur vilja herpast saman og verða allt öðruvísi en vanalega þegar kveikt er á tökuvélinni, stífir og asnalegir, en slakur Logi nær að láta flesta verða eðlilega, eins og „heima hjá sér“. Frábær þáttur með Sálinni hefði örugglega ekkert verið öðruvísi ef Logi hefði mætt myndavélalaus í bílskúrinn hjá þeim.



KK er byrjaður að spila plötur á Rás 1 eftir áttafréttir á morgnana og ég næ alltaf nokkrum lögum áður en ég fer í vinnuna. Hann er svo viðkunnanlegur að ég vil helst melda mig veikan, leggjast aftur undir sæng og hlusta á KK spila góð lög og mala ljúflega um hitt og þetta.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.45 America's Funniest Home Videos** SKJÁREINN



▶ **20.05 Keeping Up With the Steins** STÖÐ 2



▶ **20.30 Sex and the City** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.50 Barcelona – Valladolid** STÖÐ 2 SPORT



▶ **21.00 Rokk í sumarbúðum (Camp Rock)** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Kóalabræðurnir, Herramenn, Sammi, Músahús Mikka, Skordýrin í Sólarlaut, Sögur frá Gvatemala, Trillurnar, Millý og Mollý, Tobbi tvisvar.

**10.25 Kastljós** (e)

**11.00 Káta maskínan** (e)

**11.30 Kiljan** (e)

**12.15 Kjarnakona** (4:6) (e)

**13.10 Fótspor mannsins** (e)

**14.05 Svart kaffi - Gull í bolla** (2:3)(e)

**15.05 Tinni og ég** (Tintin et moi) (e)

**16.20 Sannar sögur - Nettlubruni**

**16.55 Lincolnshæðir** (2:13)

**17.40 Táknmálsfréttir**

**17.50 Útsvar** (e)

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.35 Veður**

**19.40 Spaugstofan**

**20.05 Gott kvöld**

▶**21.00 Rokk í sumarbúðum** (Camp Rock) Bandarísk fjölskyldumynd frá 2008 um unglingsstúlku sem á sér þann draum að komast í tónlistarsumarbúðir.

**22.35 Afbrotavarnir** (Minority Report) Bandarísk spennumynd frá 2002 byggð á sögu eftir Philip K. Dick. Árið 2054 hefur löggæslu fleygt svo fram að glæpamenn eru gómaðir áður en þeir fremja afbrot. Lögreglumaður er sakaður um glæp og reynir að sanna sakleysi sitt.

**00.55 Fréttirnar** (Die Nachrichten) Þýsk verðlaunamynd frá 2005. (e)

**02.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Blue Sky**

**10.00 Jumanji**

**12.00 The Devil Wears Prada**

**14.00 Blue Sky**

**16.00 Jumanji**

**18.00 The Devil Wears Prada**

**20.00 Man About Town** Rómantísk gamanmynd með Ben Affleck í aðalhlutverki.

**22.00 Stephen King's Desperation**

**00.10 I Heart Huckabees**

**02.00 Le petit lieutenant**

**04.00 Stephen King's Desperation**

**06.00 My Date with Drew**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Barney og vinir, Dynkur smáeðla, Hlaupin og Refurinn Pablo.

**08.00 Algjör Sveppi** Louie, Lalli, Þorlákur, Blær, Sumardalsmyllan, Fífí, Hvellur keppnisbíll og Könnuðurinn Dóra.

**09.40 Krakkarnir í næsta húsi**

**10.05 Íkornastrákurinn**

**10.35 Bratz**

**11.00 Markaðurinn með Birni Inga**

**12.00 Sjálfstætt fólk**

**12.35 Bold and the Beautiful**

**12.55 Bold and the Beautiful**

**13.15 Bold and the Beautiful**

**13.35 Bold and the Beautiful**

**13.55 Bold and the Beautiful**

**14.20 The Celebrity Apprentice** (9:13)

**15.05 Sjálfstætt fólk** (7:40)

**15.40 Sjáðu**

**16.05 ET Weekend**

**16.55 Dagvaktin** (7:12)

**17.30 Markaðurinn með Birni Inga**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.49 Íþróttir**

**18.55 Lottó**

**19.01 Veður**

**19.10 The Simpsons**

**19.35 Latibær** (13:18) Önnur þáttaröðin um Íþróttaálfinn, Sollu stirðu, Nenna níska, Glanna glæp og fleiri skemmtilega vini þeirra í Latabæ.

▶**20.05 Keeping Up With the Steins** Bráðskemmtileg og áhrifamikil gamanmynd um ungan dreng sem þarf að takast á við unglingsárin ásamt því að reyna skilja afar torskilda fjölskyldu sína.

**21.30 The Ring Two**

**23.15 The Deep End** Dramatísk spennumynd. Hér segir frá eiginkonu og móður sem lendir í erfiðri stöðu. Unglingurinn hennar þykist fullorðinn og hegðun hans er ekki alltaf til fyrirmyndar. Einn morguninn finnur mamman elskhuga sonarins látinn á landareign fjölskyldunnar. Á hún að hringja í lögregluna eða breiða yfir málið?

**00.55 The 40 Year Old Virgin**

**02.45 Caos and Cadavers**

**04.10 ET Weekend**

**04.55 Dagvaktin** (7:12)

**05.25 The Simpsons** (14:20)

**05.50 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**08.00 PGA Tour 2008 - Hápunktar**

**08.55 Inside the PGA**

**09.20 Meistaradeild Evrópu**

**11.00 Meistaradeild Evrópu**

**11.40 Utan vallar**

**12.30 NFL-deildin**

**13.00 Evrópumótaröðin í golfi**

**16.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**

**17.00 2008 Ryder Cup Official Film**

**18.20 Spænski boltinn**

**18.50 Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Real Madrid og Malaga.

▶**20.50 Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Barcelona og Valladolid.

**22.50 UFC Unleashed** Í Bestu bardagarnir í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.

**23.35 Box - Felix Trinidad - Roy Jones Jr.** Útsending frá bardaga fór fram 19. janúar.

**00.30 Calzaghe - Roy Jones jr.** Fylgst með undirbúningi Joe Calzaghe og Roy Jones jr. fyrir bardagann mikla.

**01.00 Calzaghe - Roy Jones jr.**

**02.00 Box Joe Calzaghe - Roy Jones jr.** Bein útsending frá bardaga milli Joe Calzaghe og Roy Jones jr.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**08.20 PL Classic Matches** Newcastle - Tottenham, 1996.

**08.50 PL Classic Matches** Blackburn - Leeds, 1997.

**09.20 Premier League World**

**09.50 PL Classic Matches** Arsenal - Man. United, 1997.

**10.20 PL Classic Matches** Arsenal - Man United, 1998.

**10.50 PL Classic Matches** Arsenal - Manchester Utd, 2001.

**11.20 PL Classic Matches** Arsenal - Man. United, 2002.

**11.50 Premier League Preview**

**12.20 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá stórleik Arsenal og Man. Utd.

**14.45 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik West Ham og Everton í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3. Sunderland - Portsmouth Sport 4. Hull - Bolton Sport 5. Wigan - Stoke

**17.15 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Liverpool og WBA.

**19.30 4 4 2**

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**14.10 Vörutorg**

**15.10 Dr. Phil** (e)

**15.55 Dr. Phil** (e)

**16.40 Robin Hood** (11:13) (e)

**17.30 Survivor** (6:16) (e)

**18.20 Family Guy** (16:20) Teikinmyndasería fyrir fullorðna með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum. (e)

**18.45 Game tíví** (9:15) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum. (e)

**19.15 30 Rock** (9:15) Bandarísk gamansería þar sem Tina Fey og Alec Baldwin fara á kostum í aðalhlutverkunum. (e)

▶**19.45 America's Funniest Home Videos** (22:42) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.

**20.10 Eureka** (13:13) Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ með stórt leyndarmál. Þar hefur helstu snillingum heims verið safnað saman og allt getur gerst. (e)

**21.00 House** (10:16) Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstirða, dr. Gregory House, og samstarfsfólk hans. (e)

**21.50 Singing Bee** (8:11) Íslensk fyrirtæki keppa í skemmtilegum leik þar sem keppendur þurfa ekki að kunna að syngja heldur einungis að kunna textann við vinsæl lög. Að þessu sinni mæta til leiks starfsfólk Dominos og McDonalds. (e)

**22.50 Law & Order. Special Victims Unit** (12:22) Bandarísk sakamálasería um sérdeild lögreglunnar í New York sem rannsakar kynferðisglæpi. (e)

**23.40 Swingtown** (12:13) (e)

**00.30 Children of Fortune** (e)

**02.00 Jay Leno** (e)

**02.50 Jay Leno** (e)

**03.40 Vörutorg**

**04.40 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Valið endursýnt efni frá liðinni viku** Endurtekið á klst. fresti.

**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


ARINELDSTÆÐI Á DÚNDURTILBOÐI

sérstakt tilboðsverð á meðan birgðir endast



50% AFSLÁTTUR

PARIS 69.900 VERÐ ÁÐUR 150.000



50% AFSLÁTTUR

SOLO 49.900 VERÐ ÁÐUR 99.900

Rúm Gott

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · 200 Kópavogi · Sími 544 2121 · Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.30
### The Ring Two



Framhald hryllingsmyndarinnar The Ring með Naomi Watts í aðalhlutverki. Fréttakonan Rachel Keller hefur nú flutt með syni sínum í afskekktan smábæ. Hálft ár er liðið frá því að hún stóð andspænis Samöru og bölvuninni sem fylgdi myndbandi hennar. Fljótlega eftir komuna fara skelfilegir atburðir að gerast. Rachel sér að Samara á sök á þeim og nú þarf hún að leysa leyndardóminn um stúlkuna fyrir fullt og allt til þess að bjarga eigin lífi og sonar síns.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Spaugstofan
### Sjónvarpið kl. 19.40

Í 23 ár hefur Spaugstofan skemmt þjóðinni og er þátturinn einn sá langlífasti í sjónvarpi á Íslandi. Spaugstofuhópurinn var stofnaður árið 1985. Árið 1989 kallaði hann sig 89 af stöðinni, árið eftir 90 af stöðinni og enn síðar Enn ein stöðin. Þrátt fyrir nafnabreytingar hafa efnistök þáttanna haldist þau sömu en þau eru viðburðir liðinnar viku sem sýndir eru í spaugilegu ljósi.

Félagar Spaugstofunnar í dag eru þeir Pálmi Gestsson, Sigurður Sigurjónsson, Örn Árnason og Karl Ágúst Úlfsson.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Stef
**09.03** Út um græna grundu
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Krossgötur
**14.00** Til allra átta
**14.40** Stjörnukíkir
**15.25** Lostafulli listræninginn
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Orð skulu standa
**17.05** Flakk
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Bláar nótur í bland
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Heimur óperunnar
**19.50** Sagnaslóð
**20.30** Brot af eilífðinni
**21.10** Ævintýrið um grænu slönguna og liljuna
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Hvað er að heyra?
**23.10** Villtir strengir og vangadans
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

### 2 EXTRA

**15.30 Hollyoaks** (51:260)
**15.55 Hollyoaks** (52:260)
**16.20 Hollyoaks** (53:260)
**16.45 Hollyoaks** (54:260)
**17.10 Hollyoaks** (55:260)
**18.05 Help Me Help You** (5:13)
**18.30 Smallville** (10:20)
**19.15 The Dresden Files** (11:13)
**20.00 Logi í beinni** Laufléttur og skemmtilegur spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar. Hann fær góða viðmælendur í heimsókn og auk þess verður boðið upp á tónlistaratriði og ýmsar uppákomur.
▶**20.30 Sex and the City** (1:12) Stöð 2 Extra sýnir eina eftirminnilegustu og skemmtilegustu þáttaröð síðari tíma. Sex and the City er saga fjögurra vinkvenna sem eiga það sameiginlegt að vera einhleypar og kunna vel að meta hið ljúfa líf í hátískuborginni New York.
**21.00 Sex and the City** (2:12)
**21.30 Dagvaktin** (7:12) Í Dagvaktinni liggja leiðir þremenninganna af næturvaktinni saman á ný fyrir einskæra tilviljun. Svakalegt uppgjör þeirra á milli verður óhjákvæmilegt.
**22.00 E.R.** (9:25) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
**22.45 Help Me Help You** (5:13)
**23.10 Smallville** (10:20)
**23.55 The Dresden Files** (11:13)
**00.40 Sex and the City** (1:12)
**01.10 Sex and the City** (2:12)
**01.35 E.R.** (9:25)
**02.20 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

### ÍNN

**18.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson
**19.00 Birkir Jón** Birkir Jón Jónsson
**19.30 Guðjón Bergmann**
**20.00 Lífsblómið** Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir
**21.00 Líf og land** Valdemar Ásgeirsson
**21.30 Borgarlíf** Marta Guðjónsdóttir
**22.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson
**23.00 Neytendavaktin** Ragnhildur Guðjónsdóttir
**23.30 Óli á Hrauni** Ólafur Hannesson

### DR 1

**10.00** Børneblæksprutten **10.15** Tidens tegn **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Boogie Lørdag **11.11** Troldspejlet **11.30** Boogie Update **12.00** Pigerne Mod Drengene **12.35** Family Guy **13.00** Magiske Ella **14.40** Sporløs **15.10** Niels Hausgaard Show 2008 **16.10** Før søndagen **16.20** Held og Lotto **16.30** Der var engang.... **17.00** Gepetto News **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** SportNyt **18.05** Mr. Bean **18.30** Far, mor og bjørn **19.00** Hvem ved det! **19.30** Agent 007 - Manden med den gyldne pistol **21.30** Miss Marple **23.05** Den dag præsident Lincoln blev skudt

### NRK 1

**10.15** Columbo **11.50** Ut i naturen. Magasin **12.15** Stavanger - Europeisk kulturhovedstad 2008 **12.45** The Kid Stays in the Picture **14.15** Beat for beat **15.15** V-cup skøyter **17.00** Kometkameratene **17.25** Underbuksepiratene **17.30** KuleJenter **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** Lotto-trekning **18.55** Kvitt eller dobbelt **19.55** Den store reisen **20.45** Med hjartet på rette staden **21.30** Løvebakken **22.00** Kveldsnytt **22.15** Skreddaren i Panama **00.00** Prinsene

### SVT 1

**10.00** Debatt **10.45** Anslagstavlan **10.55** Tre Kronor live. Karjala Cup **13.55** Handboll. Champions League **15.50** Livet i Fagervik **16.35** Byss **16.50** Helgmålsringning **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.15** Pomos piano **17.45** Häxan Surtant **18.00** Bobster **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Dansbandskampen **20.30** Svensson, Svensson **21.00** Brottskod. Försvunnen **21.40** Dom kallar oss artister **22.10** Skamgrepp **00.15** Svindlarna **01.10** Sändningar från SVT24


RÖKKURBÝSNIR EFTIR SJÓN

JÖRÐIN Í MIÐJU ALHEIMSINS



**Árið 1635 er jörðin enn í miðju alheimsins,** hólf hjartans eru tvö og fuglar klekjast úr þangi. Rithöfundurinn og myndasmiðurinn Jónas lærði Pálmason er dæmdur fyrir útbreiðslu galdra og sendur í útlegð. **Skáldsagan Rökkurbýsnir** byggist á lífi og hugarheimi þessa **sjálfmenntaða Íslendings** sem kalla má **holdgerving sautjándu aldarinnar**.




SJÓN HLAUT BÓKMENNTAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS ÁRIÐ 2005 FYRIR BÓKINA SKUGGA-BALDUR.

BJARTUR
Bræðraborgarstíg 9

DYNAMO REYKJAVIK

## PERSÓNAN

*Ólafur Indriði Stefánsson*



**Atvinna:** Atvinnumaður í handknattleik með Ciudad Real.
**Fjölskylda:** Eiginkonan er Kristín Soffía Þorsteinsdóttir og eiga þau þrjú börn; Helgu Soffíu, Einar Þorstein og Stefaníu Þóru.
**Foreldrar:** Stefán Eggertsson læknir og Helga Lilja Björnsdóttir landvörður.
**Stjörnumerki:** Krabbi (fæddur 3. júlí 1973)
**Búseta:** Spánn.

Ólafur Stefánsson, fyrrum fyrirliði íslenska landsliðsins, skrifaði undir samning við þriðju deildarliðið Glostrup í vikunni.

# Norskur bílasali keypti 150 bíla á Íslandi

Fréttablaðið greindi frá því fyrir nokkru að norski bílasalinn Trond Sandven hygðist koma hingað til Íslands og skoða stöðu íslenska bílaflotans með það í huga að kaupa bíla og flytja þá til Noregs. Trond hefur dvalist hér á landi í nokkra daga og festi nýverið kaup á 150 notuðum bílaleigubílum og þremur Range Roverum. Hann vildi þó sjálfur ekki staðfesta neinar tölur í þessu sambandi, sagði að þær myndu skýrast í næstu viku. „Við eigum efir að sjá hver staðan á íslensku krónunni verður og ráðfæra okkur við flutningsfyrirtækið,“ útskýrir Trond.

Hins vegar var ekki annað á honum að heyra en að hann hygðist koma til Íslands nokkrum sinnum í viðbót. Og leggja sitt af mörkum til að losa íslensku þjóðina við allan þann fjölda bifreiða sem hér þeysast um götur landsins. „Já, ég á eftir að koma hingað oftar. Þetta er magnað,“ segir Trond sem rekur sjálfur bílasölu í Bergen og selur þar meðal annars táknmynd góðærisins á Íslandi, Range Rover.

Trond var annars gáttaður á öllum þeim lúxusbílaflota sem prýðir höfuðborgarsvæðið. „Þetta er hreint út sagt ótrúlegt. Annar hver bíll er lúxuskerra,“ segir Trond og bætir við: „Þið hafið eytt alltof miklum peningum hérna.“ Trond segist hins vegar hafa það fullkomlega á hreinu að ástandið hér sé ekkert gamanmál. „Við tökum það mjög alvarlega og okkur er ekki hlátur í huga.“ - fgg



**ÆTLAR AÐ KOMA AFTUR** Trond hefur undanfarnar vikur verið að þræða íslenska bílamarkaðinn. Hann er gáttaður á fjölda lúxusbíla hér á landi.



**ÞRÍR RANGE** Trond keypti þrjá Range Rovera og hyggst flytja þá til Noregs.




**LÁRÉTT**
**2.** verkfæri, **6.** í röð, **8.** landspilda, **9.** tækifæri, **11.** ónefndur, **12.** grastoppur, **14.** skokk, **16.** málmur, **17.** skordýr, **18.** að, **20.** belti, **21.** tigna.

**LÓÐRÉTT**
**1.** líkamshluti, **3.** bor, **4.** áttfætla, **5.** starf, **7.** afturhluti, **10.** hlaup, **13.** útdeildi, **15.** íþrótt, **16.** svif, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** haki, **6.** áb, **8.** lóð, **9.** lag, **11.** nn, **12.** skegg, **14.** hlaup, **16.** ál, **17.** fló, **18.** til, **20.** ól, **21.** aðla.
**LÓÐRÉTT: 1.** háls, **3.** al, **4.** kónguló, **5.** iðn, **7.** bakhlið, **10.** gel, **13.** gaf, **15.** póló, **16.** áta, **19.** ll.







## PÁLL EYJÓLFSSON: SÝNIR VIÐSKIPTAVINUM SÍNUM SKILNING

# Árshátíð Seðlabankans frestað fram í janúar

Seðlabanki Íslands hefur frestað árshátíð sinni sem átti að fara fram með pomp og prakt á Hótel Nordica í kvöld. Davíð Oddsson og annað starfsfólk bankans fær því ekki tækifæri til að sletta úr klaufunum í þetta sinn, enda kannski lítil ástæða til miðað við erfiðleikana í þjóðfélaginu.

Hljómsveitin Buff hafði verið bókuð á árshátíðina en fyrir nokkrum vikum var ákveðið að fresta henni fram í janúar og þurfti Buff því að bóka sig á Sjallann á Akureyri í staðinn.

„Það var búið að bóka þetta en eins og þjóðfélagsástandið er þá eru mörg fyrirtæki sem sjá sér ekki fært að halda einhverja stórfenglega mannfagnaði. Það eru allir að leggjast á eitt, nema kannski helst ráðamenn, um að bjarga þjóðfélaginu,“ segir Páll Eyjólfsson hjá umboðsskrifstofunni Prime sem hefur Buff á sínum snærum. „Þau í Seðlabankanum ásamt svo mörgum öðrum fyrirtækjum held ég að séu að íhuga allt aðra hluti en þetta, skiljanlega. Við gerum ekkert annað en að sýna fólki skilning. Ég sendi ekkert reikninga og segi: „Við erum með samning.““

Prime hefur í gegnum árin útvegað Seðlabankanum skemmtikrafta á árshátíðir sínar og hefur samstarf þeirra verið með miklum sóma. Núna eru aftur á móti óvissutímar og þurfa mörg fyrirtæki að draga saman seglin þegar kemur að skemmtanahaldi eins og öðru.

Páll játar að nokkuð hafi verið um að fyrirtæki hafi frestað sínum árshátíðum að undanförnu. „Hér innandyra sýnum við okkar viðskiptavinum, sérstaklega á þröngum tímum, skilning, sama hvort það er Seðlabankinn eða Fréttablaðið. En þú vonandi er að þetta fari að lagast.“

Hallgrímur Ólafsson, formaður starfsmannafélags Seðlabankans, segir að frestun árshátíðarinnar tengist lítið sem ekkert efnahagsástandinu og þeirri ólgu sem hefur átt sér stað í bankakerfinu. „Það er langt síðan það var ákveðið innan stjórnar starfsmannafélagsins að halda hana frekar seinna,“ segir Hallgrímur um hátíðina. „Þetta var ákveðið áður en bankakrísan varð algjör.“ Hann útskýrir að tímasetningin hafi einfaldlega ekki hentað þannig að allir gætu mætt. „Þetta var alfarið ákvörðun skemmtinefndar starfsmannafélagsins og kemur bankanum ekki neitt við. Það var ekki hvatning um þetta hjá neinum hér innanhúss,“ segir hann. freyr@frettabladid.is



**BANKARÁÐ SEÐLABANKANS** Davíð Oddsson og félagar fá ekki tækifæri til að sletta úr klaufunum í kvöld eftir að árshátíð bankans var frestað fram á næsta ár.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**PÁLL EYJÓLFSSON** Páll segir að nokkuð hafi verið um það að fyrirtæki fresti mannfögnuðum sínum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Verðlaunaskáldið **Sjón** festi fyrir nokkru kaup á húsnæði við Melhaga þar sem áður var þekkt og vinsæl ísbúð. Hafa hann og kona hans, **Ásgerður Júníusdóttir** söngkona, girt húsnæðið af en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun Sjón ekki ætla að endurreisa hina góðu ísbúð heldur innrétta þar vinnustofu. Óhætt er að segja að Sjón og skáldsystir hans og samstarfskona úr hinum forna Medúsaskáldahóp, **Björk**, setji sannarlega svip sinn á Vesturbæinn því nýverið lét Björk mála hús sitt við Ægisíðu svart.



Leikararnir **Jói G.** og **Atli Þór** hafa bryddað upp á því í sínum ágæta útvarpsþætti A–J að vera með sérleg uppboð sem tengjast aðalgesti mánaðarins hverju sinni. Nú er yfirstandandi uppboð á KR-treyju sem **Laddi** klæddist ávallt þegar hann hermdi eftir **Bjarna Fel.** árituð af þeim báðum. Uppboðinu lýkur því í lok mánaðarins og rennur féð til góðgerðarmála. Heldur þykir þeim umsjónarmönnum snautleg upphæð komin sem boð í þessa sögufrægu treyju og vona að einhver stöndugur KR-ingur fari að taka við sér því aðeins hefur verið boðið tvö þúsund krónur í flíkina.



Fréttablaðið sagði í vikunni frá miklu Bond-einkapartíi sem **Jón Gunnar Geirdal** og félagar hjá Senu halda á B5 í kvöld. Sumir virðast vera meiri Bond-menn en aðrir og þannig hefur frést af sérstöku upphitunarpartíi sem verður fyrir téð Bond-partí. Aðalmaðurinn á bak við það er **Guðjón Már Guðjónsson**, sem oftast er kenndur við OZ. Þema veislu Guðjóns er Bond-illmenni svo búningar gesta gætu orðið ansi skrautlegir.



- jbg, hdm

# Bifhjólasamtök boða eggjakast í dag

Bifhjólasamtökin Ruddar birtu í gær óvenjuskorinorta yfirlýsingu á heimasíðu sinni Ruddar.com. Þar kemur fram að félagar í samtökunum ætli að fjölmenna í mótmælin sem haldin hafa verið undanfarna laugardaga á Austurvelli og hefjast í dag klukkan þrjú að loknum borgarafundi í Iðnó. Ruddar skora meðal annars á önnur bifhjólasamtök að sýna samstöðu og fjölmenna á Austurvelli. Það sem vekur einna helst athygli er niðurlagið en þar stendur: „Hvetjum alla til að mæta með skyr, egg eða sambærilegar „kast“-afurðir.“

Atli Jóhannsson, einn aðstandenda Rudda, staðfesti í samtali við Fréttablaðið að félagarnir hygðust mæta með slíka hluti en vildi þó ekki staðfesta að þeir yrðu notaðir til að grýta Alþingishúsið. „Menn verða jú að hafa eitthvað að borða í svona mótmælum,“ segir Atli en miðað við yfirlýsinguna býr hér meira að baki.

Atli segist hafa heyrt af öðrum bifhjólasamtökum sem hyggist mæta og jafnframt hafi félagar úr 4X4 lýst því yfir að þeir ætli að láta sjá sig. Atli segir fullum fetum að það sé mikill hiti í hans mönnum. „Það er varla nokkur maður sem hefur ekki fengið nóg af þessu aðgerðaleysi og baktjaldamakki. Ekki einu sinni þingmenn fá að vita hvað er í gangi,“ útskýrir Atli sem mætti á útifund Bubba Morthens en hefur ekki mætt á mótmæli Nýrra tíma. „Menn eru bara komnir með nóg, það verður bara að fara að framkvæma eitthvað. Það er bara hlegið að fólki sem er að mótmæla og talað niður til þeirra eins og Davíð Oddsson gerir,“ segir Atli og sparar ekki lýsingarorðin yfir stjórnvöld. „Þetta eru bara heiglar og aumingjar.“ -fgg



**REIÐIR BIFHJÓLAMENN** Búast má við aukinni hörku í mótmælunum á Austurvelli í dag. Bifhjólasamtökin Ruddar hvetja félagsmenn sína til að mæta með „kast“-afurðir. Myndin tengist ekki efni fréttarinnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




# LAGERSÖLUNNI
## LÝKUR Á MORGUN

í lagerhúsnæði okkar að
Norðurhellu 10, Hafnarfirði (sjá kort)

**OPIÐ LAUGARDAG OG SUNNUDAG KL. 12-18**

# ALLAR VÖRUR MEÐ
# 50-90% AFSLÆTTI

Útlitsgallaðar vörur og sýnishorn úr verslun
Mikið úrval af vörum sem eru að hætta í sölu

TEKK COMPANY

Gerum hús að heimili www.TEKK.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000






BAKÞANKAR
Gerðar Kristnýjar

## *Póstkort frá brúninni*

Allt í einu var ástandið farið að minna mig á verkfallið mikla haustið 1984. Þá bárust mér spurnir af því að nýtt lag með Kate Bush trónaði í efsta sæti breska vinsældalistans, „Running Up That Hill“. Ég hafði aldrei heyrt það en það skipti nú minnstu því það var þegar orðið uppáhaldslagið mitt. Fyrir nokkru langaði mig allt í einu í geisladisk, tilfinning sem grípur mig sárasjaldan, en þá bar svo við að diskurinn var uppseldur.

**„KEMUR** hann aftur fyrir jól?“ spurði ég afgreiðslufólkið í búðinni. „Já, örugglega,“ svaraði það en yppti um leið öxlum eins og þeir gera sem eru einmitt ekkert sérstaklega öruggir. Ég lötraði út í þungum þönkum. Kreppan hafði læðst upp að mér, blásaklausri konu sem aldrei hafði gerst svo fræg að taka myntkörfulán og fór með tramparana þrisvar til skósmiðs áður en þeir voru grafnir í sínum upprunalega kassa úti í garði – hér er engu hent. Það var ekki hægt að fá einn skitinn geisladisk! Þetta hlaut að vera vöruskorturinn sem varað hafði verið við.

**OFAN** á allt annað var komin blússandi verðbólga og því góð ráð sjaldan verið jafnfokdýr. Ég vissi að tilgangslaust var að spyrja vinkonur mínar hvort þær ættu diskinn því þær hlusta ekki á rokk. Samt var ég ekki alveg viss á hvað þær hlustuðu þá. Einhvers staðar á ævinni hafði ég hætt að spyrja vini mína um tónlistarsmekk þeirra og dæma þá síðan eftir svarinu. Sem er auðvitað bara þröngsýni. Eftir nokkrar vangaveltur rifjaðist það upp fyrir mér að hafa séð skrifað um diskinn langþráða í Mogganum og brá á það ráð að hringja í gagnrýnandann, enda hafði hann eitt sinn birst heima hjá mér í mýflugumynd. Ég spurði hann hvort hann vildi lána mér diskinn.

**GAGNRÝNANDINN** hélt það nú og litlu síðar var ég komin með diskinn í hendurnar. Og það sem meira var, þá mátti ég bara eiga hann. Gaf ég gagnrýnandanum óðara fimm stjörnur fyrir gjafmildina. Diskurinn reyndist jafnmikið ekkisens afbragð og mig hafði grunað. Fátt er jafnindælt og að láta kröftugt rokk löðrunga sig veggja á milli þar til maður stendur á öndinni. Mér leið ekki ósvipað og þegar ég fékk loks að heyra „Running Up That Hill“ fyrir 24 árum.

**STUNDUM** geta hlutir sem maður hefur orðið að hafa eilítið fyrir að eignast orðið dýrmætari en þeir sem koma of auðveldlega upp í hendurnar á manni. Það eykur manni þol, hef ég heyrt, að hlaupa upp í móti.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 8. nóvember, 313. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.35 | 13.11 | 16.47 |
| Akureyri | 9.32 | 12.56 | 16.19 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

